

Mótsagnir á markaði ástarinnar

Berglind Rós rannsakaði ástir
fráskilinnna framakvenna og
fann þar skekkjur. > 34



Síðustu tvö ár krefjandi

Eivör þurfti að leita nýrra
leiða þegar tekjurnar hrundu
í heimsfaraldri. > 36



borgarlekhus.is

Frumnýning
4.des

Tryggðu þér miða

FRÉTTABLAÐIÐ

234. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 27. NÓVEMBER 2021



Ítrekað sagt að halda kjafti

Baráttan gegn stafrænu ofbeldi
á hug Þórdísa Elvu Þorvalds-
dóttur allan og bendir hún á
að óumbeðnar nektarmyndir
séu eitt form þess. Sjálf fær
hún sinn skammt af haturs-
fullum skilaboðum, en
segir þau ekki snúast um
persónu hennar, heldur
kerfið sem hún ögrar
með starfi sínu. > 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mitsubishi Eclipse Cross PHEV

Nýja ljósið í skammdeginu

Tryggðu þér nýjan tengiltvinnbíl fyrir áramót á frábæru
verði frá aðeins 5.490.000 kr. til afhendingar strax.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · hekla.is/mitsubishisalur





Þriðja lota bólusetninga gengur vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þriðjölusett fólk sleppi við sóttkví

ser@frettabladid.is

COVID-19 Rætt er um það af alvöru innan stjórnkerfisins að slaka á reglum um sóttkví, þannig að þriðjölusett fólk þurfi ekki að fara í sóttkví, komi upp kórónuveirusmit í návist þess. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Gangi þetta eftir mun það liðka mjög fyrir atvinnustarfsemi og félagslífi í landinu, en hvort tveggja hefur ítrekað lamast, sökum þess að heilu hóparnir hafa farið í einangrun vegna smits eða smita sem komið hafa upp í afmörkuðu rými.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins gengur þriðja bólusetningin vel og á hún að klárast á næstu vikum. Þá er bólusetningarrútan á fullri ferð um höfuðborgarsvæðið, en henni er einkum ætlað að ná til óbólusetta landsmanna. ■

Himinninn skartaði sínu fegursta



Þeir morgunhanar sem áttu leið um sjávarsíðuna í Reykjavík við sólarupprás í morgunsárið í gær, gátu séð fallegan himin sem var eins og glæsilegt málverk. Þó svo að kalt hafi verið í veðri, var stillt og fallett veður og sólin litaði himininn fögrum litum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heimilt að taka munnvatnssýni hjá börnum í stað venjulegra hraðprófa

thk@frettabladid.is

COVID-19 Heimilt er að framkvæma hraðpróf á börnum með munnvatnssýni, í stað hefðbundinna hraðprófa, til þess að fá aðgang að hvers kyns viðburðum.

Lára Sóley Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Símfóníuhljómsveitar Íslands, vakti athygli á þessum möguleika í gær.

Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri fagnar tíðindunum, en segir synd að upplýsingar sem þessar séu ekki fyrir allra augum. „Þetta hefur hvergi komið fram opinberlega. Maður þarf að lesa langt inn í reglugerðir til að sjá að þetta sé heimilt. Ef farið er á heilsgæsluna á Suðurlandsbraut og beðið um þetta, þá er boðið upp á þetta.“

„Við erum búin að vera að pressa



Lára Sóley Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Símfóníunnar

á að afkastagetan sé aukin og opnunartíminn lengdur til þess að bæta þjónustuna gagnvart gestunum.“

Nú er loks búið að heimila gestum að framvísa neikvæðum PCR-prófum og vottorðum um Covid sýkingu á síðustu 180 dögum. Með því verði hraðprófin óþörf. Magnús segir þetta vera mikið fagnaðarefni. ■

Nánar á frettabladid.is

Auð rými á Laugavegi flest þar sem bílaumferð er leyfð

Nokkur verslunarrými við Laugaveg standa auð. Fæst eru í göngugötuhluta. Borgarstjóri segir þau svæði draga til sín fólk. Borgarfulltrúi telur fasteignaverð ráða mestu.

ninarichter@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Göngugötusvæði Reykjavíkurborgar hafa verið til umræðu undanfarið. Ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stúfana og myndaði autt verslunar- og veitingahúsnæði við Laugavegin.

Af myndunum má greina að þessa stundina standa fleiri auð rými við bílaumferðarluta götunnar.

Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi segist ekki hafa skýringar á þessari stöðu, en telur að þetta sé ekki spurning um umferð bíla eða gangandi vegfarenda, heldur þætti á borð við húsnæðisverð.

„Þetta veltur á eftirspurn og framboði og hvað leiguverðið er, per fermeter. Ég vil að Laugavegurinn blómstri allur,“ segir Vigdís.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir göngugötusvæðin hafa dregið til sín fólk og íða af lífi.

„Verslun og veitingastarfsemi hefur átt á brattann að sækja vegna kórónaveirufaraldursins um allan heim. Miðborg Reykjavíkur hefur ekki farið varhluta af því, ekki síst sú þjónusta og verslun sem beinist að ferðamönnum,“ segir Dagur. Laugavegurinn hafi hins vegar sýnt styrk sinn og endurnýjunarkraft.

„Lundabúðir hafa í sumum tilvikum vikið fyrir útivistarbúðum, hönnunar- og fataverslanir með frábærri hönnun íslenskra og erlendra hönnuða eru orðnar meira áberandi en áður,“ segir Dagur og nefnir einnig opnun veitingastaða, sem hann telur magnað við þessar aðstæður.

„Ég vil þó ekki gera of mikið úr því að meira sé autt af rýmum þar



Eitt af auðu verslunarrýmum við Laugaveg.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Ég vil að Laugavegurinn blómstri allur.



Vigdís Hauksdóttir

sem bílar keyra. Það getur verið tilviljun,“ segir borgarstjórinn og leggur áherslu á umbreytingarskeið sem hann segir vera í verslun og í miðborginni.

„Ég mæli með því að fólk geri sér



Ég vil þó ekki gera of mikið úr því að meira sé autt af rýmum þar sem bílar keyra.



Dagur B. Eggertsson

ferð og njóti þess sem miðborgin hefur upp á að bjóða á adventunni og í aðdraganda jóla,“ segir Dagur.

Fleiri myndir úr gönguferð ljósmyndara blaðsins má sjá á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is ■

SVARTUR FÖSTUDAGUR

30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM ALLA HELGINA

KÓDI Í VEFVERSLUN:
SVARTUR

Lin
DESIGN
LINDESIGN.IS



blómaval HÚSASMÍÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

TAX FREE

Seríur og jólas kraut

Skreytingarefni • Kerti • Servíettur • Jólaskraut • Jólaljós
Jólaseríur • Jólappappír • Jólasyttur

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti

Opið í Skútuvoði
til 20:00
Alla daga til jóla

Opið sunnudag
um land allt
Sjá nánar á husa.is



33%

Aðventuljós
7 ljósa, hvítt, rautt
eða svart. 14500401-3

1.990kr
~~2.990kr~~



30%

Jólastjarna
Fersk og falleg.
10327510

1.883kr
~~2.690kr~~



Þirt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Annríki hjá Sjúkratryggingum vegna tannréttingastyrkja

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Mikið er leitað til Sjúkratrygginga Íslands vegna mála sem tengjast háum tannréttingakostnaði barna. „Já, það er mikið leitað til okkar,“ segir Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri tryggingasviðs hjá Sjúkratryggingum.

Kostnaður getur hlaupið á milljónum fyrir foreldra barna sem þurfa tannréttingar á sama tíma og styrkur frá Sjúkratryggingum hefur ekki

hækkað í áratugi og dekkar aðeins örlítið brot kostnaðar í mörgum tilvikum. 150.000 króna styrkur sem nú er greiddur ætti að vera 340.000 krónur miðað við vísitöluhækkanir.

„Ég verð að vísa á ráðuneytið, þetta er bundið í reglugerð og þessi grein sem varðar þessa styrki hefur ekki breyst í mörg ár. Þetta er ekkert sem við hér höfum stjórn á,“ segir Ingibjörg.

Spurð um misrétti í þessum efnum, að styrkurinn hafi ekki



Styrkir vegna tannréttinga barna eru oft dropi í hafið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hækkað á sama tíma og verð þjónustu hafi hækkað og megi því færa rök fyrir að tannréttingar barna hafi ekki verið dýrari fyrir heimili um áratuga skeið, segir Ingibjörg.

„Ég held að það sé ekki rétt að ég tjái mig um mína skoðun persónulega.“

Ein ástæða þess að lagfæringar á tannréttingakerfinu hafa ekki orðið sem skyldi, eru að mati tannserfræðinga sem Fréttablaðið hefur rætt við, að samskiptum tannlækna,

ráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands hafi verið ábótavant.

„Nei, þetta get ég staðfest, ég veit ekki betur en að samskiptin hafi verið jákvæð, við höfum verið með samsráðsnefnd og hún hefur gengið mjög vel,“ segir Ingibjörg. „En þetta eru háar fjárhæðir sem geta farið í tannréttingar. Styrkurinn er stundum dropi í hafið,“ bætir hún við.

Ekkert viðbragð barst frá heilbrigðisráðuneytinu í gær þrátt fyrir fyrirspurn blaðsins. ■



62 prósent Íslendinga versluðu á netinu síðustu þrjá mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þeir sem kaupa á netinu kaupa oft

kristinnhaukur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Íslendingar eru ekki á meðal þeirra Evrópuþjóða sem versla mest á netinu. Þeir sem nota netið til að versla gera það þó í miklu magni. Þetta kemur fram hjá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópu.

62 prósent Íslendinga hafa keypt vörur á netinu undanfarna þrjá mánuði, langt undir hlutfallinu í Skandinavíu og Þýskalandi. Bretar tróna á toppnum með 83 prósent.

Af þessum 62 prósentum höfðu 25 keypt í tíu skipti eða oftar, sem er langhæsta hlutfallið á ESB- og EES-svæðinu. ■

Blóðþorraveira fannst í eldisfiski

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRAVERND Veira sem valdið getur sjúkdómnum blóðþorra hefur fundist í eldislaxi í Reyðarfirði, í sjókví Laxa fiskeldis. Er þetta í fyrsta sinn sem veiran finnst hér á landi.

Uppgötvæðist veiran við krufningu í kjölfar óútskýrðra affalla í einni kvínni. Verður allur lax í kvínni aflifaður og úrganginum fargað með tryggum hætti. ■

Ráðherrum ríkisstjórnar fjölga í tólf og Framsókn bætir við sig ráðherra

Ný ríkisstjórn verður kynnt á morgun. Katrín Jakobsdóttir verður áfram forsætisráðherra og mun að óbreyttu sitja í því embætti út kjörtímabilið.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Ráðherrum Framsóknarflokksins fjölga um einn í nýrri ríkisstjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna, sem kynnt verður á morgun. Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn halda sínum fjölda ráðuneyta. Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar verða því tólf og fjölga um einn frá því sem nú er. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Sjálfstæðisflokkur mun fara með fimm ráðuneyti, Framsókn fjögur og Vinstri græn með þrjú. Katrín Jakobsdóttir mun áfram gegna embætti forsætisráðherra, að óbreyttu út kjörtímabilið. Embætti forseta Alþingis verður skipað þingmanni úr röðum Sjálfstæðisflokksins. Líklega Birgi Ármannssyni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða töluverðar breytingar innan Stjórnarráðsins samhliða kynningu á stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Ekki aðeins verða til ný ráðuneyti, heldur verða málaflokkar einnig fluttir milli ráðuneyta.

Eins og Fréttablaðið hefur áður fjallað um hefur nýtt innviðaráðuneyti verið á teiknaborðinu frá því fyrir kosningar, en með því yrðu húsnæðis- og skipulagsmál færð inn í sama ráðuneyti og fer með samgöngumál og málefni sveitarstjórna. Einnig hefur komið til



Stjórnarmyndunarviðræðurnar hafa staðið óvenjulengi eða í tvo mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

greina að inn í sama ráðuneyti fari veigamiklir málaflokkar á sviði orkumála og iðnaðar.

Meðal annarra málaflokka sem rætt hefur verið um að færa milli ráðuneyta eru skógrækt, landgræðsla og landnýting. Einnig hefur komið mjög til umræðu að hreyfa við málaflokkum sem nú heyra undir mennta- og menningar- málaráðuneyti. Þá má einnig búast við tilfærslum á málaflokkum milli þeirra ráðuneyta sem fara með atvinnumál, á sviði iðnaðar, ferðamála, landbúnaðar, sjávarútvegs og nýsköpunar. Málaflokkar sem heyrta hafa undir fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa líka verið á hreyfingu í viðræðunum og jafnvel rætt um nýtt viðskiptaráðuneyti.

Nýr stjórnarsáttmáli flokkanna



Katrín Jakobsdóttir verður áfram forsætisráðherra.

verður kynntur innan þeirra í dag, eftir því sem lög flokkanna kveða á um. Flokksráð Vinstri grænna fundar klukkan tvö og flokksráð Sjálfstæðisflokksins kemur saman í Valhöll klukkan þrjú. Miðstjórn Framsóknarflokksins fundar einnig klukkan þrjú, á fjarfundi.

Leggi flokkarnir blessun sína yfir stjórnarsáttmála og skiptingu

ráðuneyta milli flokkanna, verður boðað til þingflokksfunda í fyrramálið þar sem ráðherralistar verða bornir upp til samþykktar.

Að óbreyttu verður svo boðað til blaðamannafundar eftir hádegi á morgun, til kynningar á nýrri ríkisstjórn og stjórnarsáttmála hennar. Að því loknu verður haldið til Bessastaða þar sem síðasti ríkisráðsfundur sitjandi ríkisstjórnar fer fram. Þar verður ráðherrum veitt lausn frá sínum embættum. Þeirra á meðal er Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem hverfur úr ríkisstjórn.

Að þeim fundi loknum fer fram annar fundur í ríkisráði, fyrsti fundur nýrrar ríkisstjórnar með forseta Íslands. ■

480.000 KR. VSK verðhækkun um áramótin*

JEEP WRANGLER RUBICON
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

JEEP COMPASS
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

5 ÁRA ÁBYRGÐ **8** ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLÖÐUNNI

TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.

Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

PLUG-IN HYBRID

ISBAND | Jeep

UMBODSADILI JEEP* Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

*Verð á Compass og Renegade hækkar um áramótin vegna VSK hækkana.
**Bjódum upp á 35"-40" breytingapakka fyrir Wrangler.



TOYOTA HILUX

ÞJARKUR BÚINN ÞÆGINDUM

NÝ VÉL MEÐ MEIRA AFL
OG DRÁTTARGETU



Verð frá: 7.470.000 kr.

Kaupuki við aukahlutina þína að verðmæti

570.000 kr.

Þú kaupir aukahluti* að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur.

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni á byrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Matvælastofnun ver blóðmerahald á hrossabúum

ser@frettabladid.is

DÝRAHALD Sérfræðingar og dýralæknar á vegum Matvælastofnunar hafa ítrekað svarað gagnrýnum fyrirspurnum íslenskra dýra- verndarsamtaka um blóðmerahald með þeim orðum að engu harðræði sé beitt við blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Blóðmerahaldið komst í há máli fréttaflutnings hér á landi í vikunni eftir að myndefni af meintu

dýraníði við blóðtöku á nokkrum íslenskum hrossabúum var birt í fjölmiðlum, en það sýnir, svo ekki verður um villst, að harðræði er beitt við atferlið.

Fréttablaðið hefur undir höndum svör stofnunarinnar frá því á síðasta ári við ágengum spurningum þeirra sem helst hafa gagnrýnt blóðmerahald á Íslandi. Þar kemur fram að árið 2019 voru 5.036 hryssur notaðar til blóðtöku, „allar haldnar á útigangi“, eins og segir í svörum.



Mjög skiptar skoðanir eru um blóðmerahald. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Hryssurnar eru reknar inn í þar til gerða blóðtökubása, mýldar og hausinn bundinn upp á meðan á blóðtökunni stendur,“ segir þar jafnframt, en „að öðru leyti ganga þær frjalsar með afkvæmum sínum.“

Í svörum kemur fram að jafnt er tekið blóð úr tömdum og ótömdum hryssum, en svo er sagt: „Blóðtökuaðstaðan er þannig útfærð að hryssurnar renna alla jafna átakalaust inn í blóðtökubása sem er lokað að framan og aftan,“ en oftast

sé böndum komið fyrir ofan við herðakamb hryssanna þannig að þær geti ekki þrjónað.

Tekið er fram í svörum að einungis dýralæknar sjái um blóðtökuna og að þeir gegni lykilhlutverki við að tryggja velferð hryssanna – og því fari fjarri að „augljóslega þurfi að beita hryssurnar ofbeldi“, segir í svörum Matvælastofnunar við spurningum þeirra sem helst hafa gagnrýnt blóðmerahald á Íslandi. ■



Bjössaróli í Borgarnesi. Í Covid var fé lagt í opin svæði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kostnaður vegna umhverfismála hefur rokið upp

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Meðalkostnaður íslenskra sveitarfélaga vegna umhverfismála hækkaði um 43 prósent í fyrra sem er mesta hlutfallslega hækkan allra málaflokka milli ára hjá sveitarfélögum.

Vífill Karlsson hagfræðingur segir að þótt þessi staðreynd geti gefið vísendingu um að sveitarfélög séu að bregðast við áhyggjum samtímans af ógnum tengdum umhverfismálum í framtíðinni kunnir nokkur hluti skýringarinnar að liggja í átaki sveitarfélaga varðandi opin svæði og annað tengt.

„Það er líklegt að umhverfismáláþátturinn sem lýtur til dæmis að garða- og frístundasvæði vegi þarna nokkuð. Mér dettur í hug að mörg þessara verkefna sem sveitarfélögin réðust í vegna Covid hafi einfaldlega tengst svona svæðum,“ segir Vífill og bætir við:

„Það þarf líka að benda á vægi heildarkostnaðar í þessu samhengi. Kostnaður vegna umhverfismála er fremur lágt hlutfall af heildarútgjöldum sveitarfélaga, eða eitthvað um tvö prósent,“ segir Vífill. ■

Nýtt veiruaafbrigði vekur ugg í Evrópu

Margir eru uggandi yfir nýjasta afbrigði kórónaveirunnar sem greindist í Suður-Afríku í vikunni. Nokkur lönd hafa þegar hert aðgerðir á landamærum sínum vegna þessa. Sóttvarnalæknir segir það þó ekki liggja fyrir hvort afbrigðið sé hættulegra en fyrri afbrigði.

tsh@frettabladid.is

COVID-19 Nýtt afbrigði kórónaveirunnar greindist í Suður-Afríku síðastliðinn þriðjudag og hafa margir áhyggjur af því að það geti reynst hættulegra en fyrri afbrigði vegna fjölda stökkbreytinga. Afbrigðið nefnist B.1.1.529 og eru yfir þrjátíu stökkbreytingar í broddpróteini þess, rúmlega tvöfalt fleiri en í Delta-afbrigðinu. Flest bóluæfni nota broddpróteinið til þess að virkja ónæmiskerfið gegn Covid og stökkbreytingar í því geta gert ónæmisfrumum erfiðara fyrir að vinna bug á veirunni.

Ekki liggur fyrir hvort afbrigðið sé meira smitandi en fyrri afbrigði veirunnar, hvort það komist undan bóluæfnunum eða valdi alvarlegri veikindum. Mikil aukning í fjölda smita í Suður-Afríku þykir þó áhyggjuefni og Susan Hopkins, aðalráðgjafi hjá sóttvarnastofnun Bretlands, lýsti afbrigðinu sem „því mest áhyggjuvaldandi sem við höfum séð“.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir ekki öll kurl komin til grafar hvað nýja afbrigðið varðar og að framkvæma þurfi frekari rannsóknir áður en hægt sé að skera úr um alvarleika þess.

„Það sem menn hafa verið að sjá eru þessar miklu stökkbreytingar á þessu svokallaða Spike- eða S-próteini sem er aðalpróteinið sem veiran notar til þess að smita og



Nokkur lönd, þar á meðal Bretland, loka tímabundið fyrir flug frá Afríkulöndum vegna afbrigðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

bóluæfnin eru gegn því. Vegna þess að það eru svo margar breytingar sem sjást þar þá hafa menn ákveðnar áhyggjur af því að þetta afbrigði muni hegða sér einhvern veginn öðruvísi en við eigum eftir að fá betri upplýsingar um það, þær liggja ekki fyrir núna,“ segir hann.

Sum lönd hafa þegar gripið til þess ráðs að herða takmarkanir á landamærum vegna ótta við afbrigðið. Bretland og Holland hafa

til að mynda lokað tímabundið fyrir ferðalög frá sex Afríkuríkjum og Evrópusambandið skoðar nú hvort banna eigi flug frá áhættusvæðum til allra aðildarríkja. Þá ætla Tékkland og Þýskaland einnig að loka fyrir ferðalög frá þessum löndum.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir færri en hundrað staðfest smit af afbrigðinu hafa fundist. Flest þeirra hafa greinst í Suður-Afríku en einhver hafa greinst í Hong Kong, Ísrael, Botsvana og Belgíu.

Að sögn Þórólfs eru flest lönd ekki með jafnumfangsmiklar aðgerðir á landamærum og Ísland og segir hann óljóst hvort herða þurfi aðgerðir á landamærunum enn frekar.

„Við erum með ákveðnar takmarkanir í gangi en það er ekki

fyrirhugað af minni hálfu að fara út í einhverjar hertar aðgerðir á landamærunum. En við þurfum bara að sjá hvernig þetta þróast og hvernig þetta verður, hvort við þurfum að grípa til einhverra slíkra aðgerða eins og við vorum með áður, það er óljóst á þessari stundu.“

Spurður hvort ekki sé varhugavert að stöðva ferðalög frá ákveðnum löndum eins og Suður-Afríku eða öðrum Afríkulöndum segir hann slíkar vangaveltur ekki tímabærar.

„Það er bara algjörlega ótímabært að ræða eitthvað meira um þetta. Við eigum eftir að fá upplýsingar um þetta afbrigði, hvað það þýðir, hvernig það er og hvernig það hegðar sér. Annað eru bara spekulásjónir og ég held að það sé best að sleppa því, annars geta menn bara lent út í míri.“ ■



NÝR CITAN FRUMSÝNDUR.

Bíllinn er ríkulega búinn með sjö öryggispúða, MBUX snjallútvarpi og snertiskjá, nýju aðgerðarstýri, LED aðalljósum, „Hill start assist“ og „Crosswind assist“, svo eitthvað sé nefnt. Citan hefur fengið frábærar viðtökur í Evrópu og hlaut hin eftirsóttu verðlaun „International Van of the Year Award 2022“ auk þess að vera með 5 stjörnur hjá Euro NCAP.



Opió í dag laugardag 12-16.

Flijúgandi svartur föstudagur!

ALICANTE • GRAN CANARIA • PARÍS
SALZBURG • AMSTERDAM • BERLÍN
LONDON • KAUPMANNAHÖFN

frá **5.999** kr.

Um helgina er hárréttur tími til að gera mögnuð kaup á flugmiða.
Skelltu þér út í heim og njóttu þess besta sem heimsborgir Evrópu
hafa upp á að bjóða. Þú átt það inni að fara út.

Bókaðu þína ferð á flyPLAY.com

PLAY



JOE BOXER

Náttföt, nærföt og heimaföt.
1. hæð Kringlu - joeboxer.is

**NJÓTTU ÞESS
AÐ GEFA MEÐ ÞÉR**



Verðmætaaukning hefur orðið í álafurðum innanlands undanfarið, á sama tíma og Kínverjar draga úr framleiðslu.

Uppgangur í álframleiðslu og stórfjölgun starfsmanna

Tekjur af áli 80 milljarðar á þremur mánuðum. Norðurál fer í 16 milljarða króna fjárfestingarverkefni og bætir við sig tugum starfsmanna. Meiri útflutningstekjur á þriðja ársfjórðungi en af útflutningi sjávarafurða.

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Tekjur af áli og álafurðum námu nálægt 80 milljörðum króna á þriðja fjórðungi þessa árs. Aukningin er 72% milli ára í erlendri mynt.

Skýringarnar eru miklar verðhækkningar á heimsmarkaðsverði á áli síðustu mánuði. Ein meginástæða hækkunarinnar er minna heimsframboð, ekki síst þar sem Kínverjar hafa dregið úr álframleiðslu vegna breyttrar stefnu þarlendrar stjórnvalda í umhverfismálum. Álverð sveiflast gjarnan upp og niður, en hefur nú ekki verið hærra í 13 ár.

Sólveig Bergmann, upplýsingafulltrúi Norðuráls, staðfestir uppgang. Hún segir að í kjölfar Covid hafi spurn eftir áli aukist á ný, ekki síst í samgöngum. Álið sem Norðurál framleiði fari til Evrópu. Um sé að



Við höfum ekki aukið framleiðsluna hjá okkur en við erum að búa til verðmætari vöru.

Upplýsingafulltrúi Norðuráls

Þá muni Norðurál innan skamms fara í 16 milljarða króna fjárfestingarverkefni til að framleiða ál-sívalninga. Arion banki fjármagni verkefnið undir merkjum grænnar fjármögnunar, enda dragi það verulega úr losun CO2. Starfsfólki hafi fjölgað, sumpart vegna styttingar vakta. Fleiri ráðningar séu í pípuunum, 40 starfsmenn verði ráðnir þegar framleiðsla hefst á nýrri framleiðslulínu. Um 90 störf verði á framkvæmdatímanum.

„Við höfum ekki aukið framleiðsluna hjá okkur en við erum að búa til verðmætari vöru, erum að færast nær fullunnari afurð,“ segir Sólveig.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni var greitt um 62 prósentu hærra verð fyrir álafurðir frá Íslandi á þriðja ársfjórðungi þessa árs en á sama tímabili í fyrra.

Útflutningstekjur af áli urðu á þriðja ársfjórðungi meiri en tekjur af sjávarafurðum. Fágætt er að slík staða komi upp, en Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi benda á að það eigi þó aðeins við um brúttó tekjur en ekki hreint framlag greinanna til útflutningstekna eða verðmæta-sköpunar í hagkerfinu. ■

30-70%
afsláttur af
völdum vörum

**Svört
HELGI**
26.-27. nóvember

Parki
INTERIORS

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi

**Plankaparket
Harðparket
Flísar
Mottur
Háfar**

Opnunartími:

Laugardagurinn 27. nóv. opið frá 11-14

Sjáðu tilboðin á Parki.is



NÝR iX

Rafmagnaður



BMW iX, fjórhjóladrifinn,
drægni 425–630 km*.

BMW iX er brautryðjandi nýrra tíma sem er hannaður fyrir rafmagnaða akstursupplifun með allt að 630 km* drægni ásamt tækni og þægindum sem heimurinn hefur ekki upplifað áður. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu nýjum BMW iX og upplíftu sígild BMW gæði og glæsileika.

www.bmw.is

4 ÁRA ÁBYRGÐ

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Sveitarfélög bera ábyrgð á talþjálfun fyrir minniháttar frávik. Langir biðlistar bíða þeirra sem eru með alvarlegri vanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Sér fram á langa bið í kerfinu



Ari
Brynjólfsson
arib
@frettabladid.is

Þriggja ára drengur með mikla málþroskaröskun sér fram á langa bið eftir að komast til talmeinafræðings. Formaður Félags talmeinafræðinga segir fagfólk svart-sýnt. Starfshópur ráðherra á að skila tillögum fyrir júl.

arib@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Foreldrar þriggja ára drengs með mikla málþroskaröskun hafa bedið í sjö mánuði eftir aðstoð talmeinafræðings, sjá þau fram á að þurfa að bíða þangað til hann verður fimm ára eftir að hann komist að í talþjálfun. Starfshópur heilbrigðisráðherra á að skila af sér tillögum um úrbætur á þjónustunni fyrir júl.

„Sonur minn er þriggja ára og hefur verið greindur með mikla málþroskaröskun, en niðurstaða matsins er sú að hann sé með málþroska á við 18 mánaða barn,“ segir Lára Aradóttir, móðir drengsins.

„Að greinast með mikla málþroskaröskun er háalvarlegt mál sem að hefur gífurleg áhrif á barn námslega og félagslega. Við sjáum það einmitt með okkar dreng að þetta er að hafa mikil áhrif á félagsþroska hans og samskipti við önnur börn, hann er að greinast með kvíðaeinkenni og svo fylgir þessu alls konar hegðunarvandi vegna þess að hann getur ekki tjáð sig. Það hefur sýnt sig að því fyrr sem er gripid inn í því betra, því þetta getur haft mikil áhrif á framtíð barnsins ef það fær ekki talþjálfun og það strax.“

Þau eru nú á biðlistum hjá öllum talmeinafræðingum á höfuðborgarsvæðinu. Þau hafa þegar bedið í sjö mánuði. „Það getur enginn sagt mér númer hvað hann er á biðlistanum og það litur út fyrir að biðin sé allavega tvö ár ef ekki þrjú, sem þýðir að hann fær kannski aðstoð þegar hann er 5 ára,“ segir Lára.

Alvarlegri frávik á borði ríkisins Kristín Theódóra Þórarinsdóttir, formaður Félags talmeinafræðinga á Íslandi, segir félagið deila áhyggjum foreldra um skort á þjónustu til barna með tal- og málþroskavanda. Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands og talmeinafræðinga rann út í febrúar síðastliðnum. Til að koma viðræðunum á hreyfingu skipaði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra fjögurra manna starfshóp í síðustu viku.

„Þetta er að einhverju leyti endurtekning á því sem hefur verið gert til að reyna að samþætta þjónustuna milli ríkis og sveitarfélaga, þær tilraunir runnu út í sandinn,“ segir Kristín.

Í núverandi fyrirkomulagi skiptist ábyrgð á þjónustunni í tvennt, sveitarfélög bera ábyrgð á nauðsynlegri talþjálfun fyrir minniháttar frávik, á meðan alvarlegri frávik, eins og í tilfelli sonar Láru, eru á borði ríkisins.

Áhyggjur ekki teknar alvarlega Lára segir að þau hafi rekist á marga veggja í heilbrigðiskerfinu, ekki bara biðtímann.

„Það er margt gallað þegar það kemur að snemmtækri íhlutun hvað varðar að greina börn með málþroskavanda,“ segir Lára.

„Við 18 mánaða skoðun á Heilsgæslunni á að meta hvort að málþroski barns sé í eðlilegum farvegi. Ég lýsti yfir áhyggjum mínum í þeirri skoðun og þá var hann undir viðmiðum en það var ekki tekið mark á því og mér sagt að þetta væri líklegast ekki neitt. Þarna hefði hann strax átt að fara í ferli og áhyggjur foreldra teknar alvarlega.“

Segir hún reynslu sína af heilsgæslunni ekki einsdæmi. „Ef það hefði verið gert þá værum við kannski búin að vera tæplega 2 ár á biðlista og hann myndi líklega fá aðstoð bráðlega. Í stað þess er þetta búid að vera virkilega langt og flókið ferli og núna 3 ára gamall er hann loksins búinn að fara í málþroskamát. Þetta þarf líka að laga.“

Erfitt að fá reynslu

Helsti ásteytingarsteinninn í viðræðum við Sjúkratryggingar er ákvæðið um tveggja ára starfsreynslu áður en talmeinafræðingar komast inn á rammasamning, þar sem meðferð barna með alvarlegri frávik á sér helst stað, þýðir það að



Að greinast með mikla málþroskaröskun er háalvarlegt mál sem að hefur gífurleg áhrif á barn námslega og félagslega.



Lára Aradóttir,
móðir þriggja
ára drengs með
málþroska-
öskun



Það eru að minnsta kosti þúsund börn að bíða.



Kristín Theódóra
Þórarinsdóttir,
formaður Félags
talmeinafræð-
inga á Íslandi

þeir þurfa að fá starf hjá hinu opinbera.

„Vandinn er sá að það er ekki mikið af slíkri vinnu að hafa, þetta þýðir að þeir talmeinafræðingar sem það vilja geta ekki farið að vinna með þeim hópi sem virkilega þarf á meðferð að halda,“ segir Kristín.

„Við erum mjög ósátt við þetta ákvæði og þennan tveggja ára biðtíma og höfum komið því skýrt á framfæri að ef það á að vinna í takti við þessi stóru markmið að baki starfshópnum, þá þarf að hleypa þeim í vinnu.“

Kristín telur ólíklegt að niðurfelling ákvæðisins muni leysa allan vandann. Töluverður skortur sé á talmeinafræðingum. Margir séu að láta

af störfum vegna aldurs og Háskóli Íslands útskrifi nemendur annað hvert ár. „Í vor eiga að útskrifast átján talmeinafræðingar,“ segir Kristín.

Ekki er til neinn miðlægur biðlisti og því ekki hægt að slá því föstu hversu mörg börn eru að bíða eftir talmeinafræðingi, biðin er nú á bilinu 17 til 36 mánuðir. „Það eru að minnsta kosti þúsund börn að bíða,“ segir Kristín. „Við höfum rætt um að fá slíkan lista til að geta metið þörfina.“

Starfshópur hefur stuttan tíma

Í starfshópnum eru tveir fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins, einn frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og einn frá félagsmálaráðuneytinu. Kalla á til helstu hagsmunaaðila til samráðs við gerð tillagnanna. Hópurinn á að skila tillögum 20. desember næstkomandi, hópurinn hefur því sextán virka daga til að klára verkið. Félagið telur afar brynt að rödd talmeinafræðinga fái að heyrast og tekið sé mark á sjónarmiðum þeirra í vinnunni sem fram undan sé. Kristín segir það ekki ganga að ræða málefni talmeinafræðinga án talmeinafræðinga.

Kristín segir að markmiðin séu göfug, en töluverðar svartsýni gæti meðal talmeinafræðinga með framhaldið. Tekur hún fram að talmeinafræðingar muni beita frekari hörku ef málin þökast ekki áleiðis. Dæmi eru um að foreldrar séu byrjaðir að leita þjónustu landshluta á milli og tvöfalt kerfi hafi myndast, þar sem nokkrir talmeinafræðingar neyðist til að starfa utan samnings. Hún segir það neikvæða þróun og ekki í takti við stefnu yfirvalda um að gæta jafnræðis í þjónustu við börn.

Það sé þó von, þar sem bæði á að vinna eftir nýjum lögum um samþættingu þjónustu til barna og heilbrigðisstefnu til 2030, þar sem kveðið sé á um að starfsmannafjöldi eigi að vera í samræmi við umfang þjónustu.

Sjúkratryggingar hafa sagt það berum orðum að vilji sé til að endurskoða tveggja ára ákvæðið, en slíkt rúmist ekki innan fjárveitinga. Kristín óttast að starfshópurinn muni ekki skila miklu.

„Allir vilja börnunum vel þar til kemur að því að greiða fyrir þjónustuna. Þolinmæði okkar er á þrotum og félagið krefst þess að lausn finnist í málinu og það strax.“ ■

18
talmeinafræðingar eiga að útskrifast í vor frá Háskóla Íslands, útskrifað er á tveggja ára fresti.



17 til 36 mánaða bið er eftir talmeinafræðingi.



- Miðstöð iðnaðar- og sérfræðipjónustu á Suðurlandi
- Inn- og útflutningshöfn við bæjardyrnar
- Vinsælt og fjölskylduvænt umhverfi
- Kraftmikið og vaxandi samfélag

Nánari upplýsingar veitir **Gísli H. Halldórsson**, bæjarstjóri Árborgar, gislihh@arborg.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

www.arborg.is



ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 22.–29. NÓV. 2021

30% 24. - 27. nóv.

AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í VERSLUNINI*

SVARTUR FÖSTUDAGUR

ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, HARÐPARKETI O.FL.
*Gildir af listaverði

Opið virka daga frá 08:00-18:00 / Föstud. 8:00-17:00 / Laugardaga 10:00-14:00

ALFABORG Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

- allt á gólfíð -



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið Styrkir til verkefna og rekstrar lausir til umsóknar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir árlega styrki til verkefna á sviði umhverfis- og auðlindamála. Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna á vegum aðila utan ríkisstofnana, sem sannanlega falla undir verkefnasvið ráðuneytisins.

Einnig eru veittir rekstrarstyrkir til félagsamtaka sem starfa á sviði umhverfismála. Markmið rekstrarstyrkjanna er að stuðla að opnum og frjálsum skoðanaskiptum um umhverfis- og auðlindamál og að efla almenna vitund um gildi umhverfismála.

Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði sem fram koma í reglum ráðuneytisins um verkefna- og rekstrarstyrki.

Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornaradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturvernd/styrkir-og-sjodir/

Umsóknarfrestur er til kl. 23:59, 7. janúar 2022. Skila skal inn umsóknum á rafrænu formi á eyðublaðavef Stjórnarráðsins.

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og
auðlindaráðuneytið



Nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík skimaðir fyrir kórónaveirunni á bókasafni skólans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir aðgerðir stjórnvalda skorta heildræna hugsun

Geðhjálp hefur farið af stað með verkefnið Geðlestina, til að efla geðrækt ungmenna. Þunglyndi unglinga hefur versnað í faraldrinum.

mhj@frettabladid.is

COVID-19 Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir það alveg ljóst að þunglyndiseinkenni og vanlíðan á Íslandi hafi aukist í faraldrinum, sérstaklega meðal ungmenna.

Grímur segir ungt fólk á Íslandi líða mikið þegar aðgerðir eru hertar og kallar hann eftir að stjórnvöld horfi á heildarmyndina þegar verið er að ákveða sóttvarnaaðgerðir.

Geðhjálp hefur verið að mæta vanda ungmenna með verkefninu Geðlestinni, sem heimsækir nemendur á grunnskólaaldri.

„Markmiðið er að efla geðrækt meðal barna og ungmenna í ljósi þess að þetta er mjög flókið. Í fyrsta lagi er mjög flókið að vera unglundur og það hefur alltaf verið flókið, en það er mjög flókið í dag,“ segir Grímur.

„Það er svo margt sem að spilar inn í og svo kemur þetta Covid ofan í það. Sem gerir það að verkum að þau eru búin að vera í sóttkví og mikið álag á þeim rétt eins og öðrum. Maður horfir á það að það er engin heildræn hugsun í aðgerðum stjórnvalda,“ segir Grímur og bætir við að Geðhjálp hafi skrifað heilu og hálfu

minnisbækurnar í tengslum við geðræn vandamál og faraldurinn. Að hans mati er hins vegar alltaf bara horft á eina breytu, sem eru Covid-veikindi og dauðsföll.

„Það hafa ekki dáið margir úr Covid á þessu ári, og ég ætla ekki að gera lítið úr því, en ástandið núna er þannig að það eru fáir að deyja. Það deyja færri úr Covid núna heldur en deyja úr flensu, en við förum samt með hvert einasta andlát eins og það sé alveg það versta sem hefur komið fyrir okkur,“ segir Grímur.

„Á sama tíma dóu fjörutíu og sjö í fyrra fyrir eigin hendi og það er bara það sem er gefið upp. Það er fólk sem keyrir framán á bíla, keyrir út í sjó, veltir bílum sínum og tekur of stóran skammt og svona, en það er ekki endilega lítið á það sem sjálfsvíg heldur slys.“

Spurður um stöðuna á sjálfsvígum í ár, segir Grímur að þær tölur eigi eftir að koma í ljós. „Það veit enginn. Landlæknir heldur utan um dánarmeinaskrá og það kemur yfirleitt í apríl um árið. Það var bara í fyrra að það var gefið út að það hefðu verið þrjátíu sjálfsvíg komin í ágúst. Það var þá sem við vissum eitthvað.“

Grímur segir að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi bent á það í upphafi faraldursins að við myndum glíma við geðrænar áskoranir í kjölfar hertra aðgerða og að við yrðum að passa mótvægi



Ég ætla ekki að gera lítið úr faraldrinum og lítið úr hættunni, en við verðum að fara að vegna og meta afleiðingarnar.



Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálp

í því. Geðhjálp gerði slíkt hið sama og sendi síðast ítrekun þess efnis við sumarlok.

„Ég ætla ekki að gera lítið úr faraldrinum og lítið úr hættunni, en við verðum að fara að vegna og meta afleiðingarnar og þá vera með einhverjar mótvægisáðgerðir gagnvart þeim. Þær eru svo fáar. Ef þær eiga að vera fáar þá er bara spurning hverjar eru afleiðingar þess að keyra þessa stefnu?“ spyr Grímur.

„Við verðum að vita það og meta það betur í stað þess segja: „Við gerum bara þetta og það er rétt og best og það er ekkert annað í boði,“ segir Grímur að lokum. ■

HÍ og Hringbraut saman í sjónvarpi

gar@frettabladid.is

FJÖLMIDLUN Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Sigmundur Ernir Rúnarsson, aðalritstjóri fjölmiðla Torgs ehf., skrifuðu í gær undir samning um framleiðslu nýrrar sjónvarpsþáttaraðar um rannsóknir vísindamanna á vegum skólans.

Þáttunum, sem bera heitið Vísindin og við, er ætlað að varpa ljósi á þá margvíslegu rannsóknarstarfsemi sem fer fram innan Háskóla Íslands, með viðtölum og umfjöllun við fremstu fræðimenn skólans, nemendur þeirra og aðstoðarmenn, en sú vinna hefur oft og tíðum skilað sér út í atvinnulífið hér á landi, því til aukinnar hagsældar.

Umsjónarmenn þáttanna verða Þóra Katrín Kristinsdóttir efnafræðingur og Sigmundur Ernir. Saman munu þau þræða ganga háskólans í leit að því merkilegasta



Jón Atli og Sigmundur Ernir ásamt Þóru Katrínu, Jóni Erni Guðbjartssyni, samskiptastjóra HÍ, Sæunni Stefánsdóttur, forstöðumanni Stofnunar Rannsóknasetra HÍ og Birni Gíslasyni, kynningarstjóra HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

og fréttanæmasta sem er að gerast í vísindastarfinu innandyrna og úti á víðavangi. Efni þáttanna verður einnig aðgengilegt á síðum Fréttablaðsins og fréttavefjum þess.

Framleiðslu þáttanna ber upp

á 110 ára afmæli Háskóla Íslands, sem hefur verið leiðandi í vísindarannsóknnum hér á landi frá upphafi síðustu aldar. Þættirnir eru væntanlegir á dagskrá Hringbrautar í byrjun næsta árs. ■

Farðu út fyrir ystu mörk hugans.

100% rafknúinn Kia EV6.



Movement that inspires

Ferðalögin sem breyta okkur mest eru þau sem fara með okkur út fyrir þægindarammann. Með allt að 528 km** drægi fer Kia EV6 með þig í ferðalag langt út fyrir ystu mörk ímyndunarafslisins.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6.
Opið í dag 12-16 í sýningarsal okkar að Krókhálsi 13.
Við tökum vel á móti þér.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.
** Akstursdrægið var mælt í samræmi við staðlaða mæliaðferð ESB (WLTP) og miðast við 77,4 kWh rafgeymastæðu, afturhjóladríf og 19" álfelgur (mynd af ökutæki sýnir það á 20" felgum). Akstursvenjur og aðrir þættir, eins og hraði, útihitastig, landslag og notkun rafknúinna tækja/eininga hafa áhrif á raunverulegt akstursdrægi og geta dregið úr því.



BLACK FRIDAY



30%
AFSLÁTTUR

SCOTT

Hornsófi með hægri tungu í Kentucky koníak lituðu bonded leðri. Fæst einnig með vinstri tungu. 293 x 217 x 85 cm.

195.993 kr.
~~279.990 kr.~~



35%
AFSLÁTTUR

UMBRIA

Tímalaus og þægilegur hornsófi með hægri eða vinstri tungu. Slitgott grátt áklæði. 326 x 261 x 78 cm.

266.494 kr.
~~409.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

MADISON

Hægindastóll. Grár, grænn eða bleikur litir. Sléttflauel.

34.993 kr. ~~49.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

EDE

Hægindastóll. Koníakslitað bonded leður og svartir fætur.

83.993 kr. ~~119.990 kr.~~



35%
AFSLÁTTUR

GAIN

Hægindastóll. Svart pu (gervileður), koníakslitað- eða dökkblátt áklæði.

35.744 kr. ~~54.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

BOYD

Hægindastóll. Dökkgrátt eða blátt sléttflauel og svartir viðarfætur.

55.993 kr. ~~79.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



ALINA

Borðstofuborð. Spónlögð reyklituð eik. Tvær framlengingar fylgja. 210 x 100 x 74 cm.

132.986 kr. ~~189.980 kr.~~



FRAMLENGING
FYLGIR



50%
AFSLÁTTUR

NAPOLI

Counterstóll í dökkgráu eða svörtu pvc (gervileðri) með járnfótum. 45,5 x 51 x 85 cm.

11.995 kr. ~~23.990 kr.~~



35%
AFSLÁTTUR

GALWAY

Counterstóll í þremur mismunandi áklæðum. Ýmsir litir. 50 x 48 x 92 cm.

16.244 kr. ~~24.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

20%

EXTRA

AF VÖLDUM VÖRUM

AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM OG ALLT AÐ 50% AF VALDRI SMÁVÖRU*

30%
AFSLÁTTUR



CLEVELAND

Hornsófi í dökkgráu áklæði með krómfótum.

308 x 203 x 81 cm

Hnakkapúðar seldir sér.

139.993 kr.

~~199.990 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR



PETRI SÓFASETT

2,5 og 3ja sæta sófasett. Dökkgrátt velúr áklæði.

3ja sæta 242 x 100 x 78 cm og

2,5 sæta 210 x 100 x 78 cm.

266.988 kr.

~~444.980 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



KEEP

Klassískur 3ja sæta sófi. Koníakslitað bonded leður og svartir fætur.

237 x 86 x 60 cm.

Fæst einnig 2ja sæta.

167.993 kr.

~~239.990 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



HYPE

Borðstofustóll. Grænt áklæði, svartir fætur.

18.495 kr.

~~36.990 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR



CRAY

Borðstofustóll. Sléttflauel, svartur snúningsfótur úr járn.

20.994 kr.

~~34.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



RICHMOND

Skenkur, olúborin eik og eikarspónn.

150 x 40 x 75 cm.

83.993 kr.

~~119.990 kr.~~

35%
AFSLÁTTUR



ALBA

Hægindastóll og skemill. Gult sléttflauel. 75 x 78 x 111 cm.

77.987 kr.

~~119.980 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



ALINA

Skápur. Spónlögð reyklituð eik.

72 x 36 x 145 cm.

97.993 kr.

~~139.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



ALINA

Borðstofuskenkur. Spónlögð reyklituð eik. 160 x 45 x 72 cm.

118.993 kr.

~~169.990 kr.~~

35%
AFSLÁTTUR



RICHMOND

Borðstofuborð. Olúborinn eikarspónn á borðplötu með fiskibeinamynd.

Ø120 x 75 cm.

64.994 kr.

~~99.990 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



MATTEO

Sófaborð. Hnota Ø110 x 45 cm.

54.995 kr.

~~109.990 kr.~~

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaferðir eða -tilboði og hvorki af Skovby, littala, bitz né sérpöntunum.



HÚSGAGNA
HÖLLIN



Ofbeldi gengja í Mexíkó er orðið daglegt brauð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skotspónn gengis eftir lottóvinning

kristinnhaukur@frettabladid.is

MEXÍKÓ Glæpagengi sem kallast Los Petules hefur flæmt hóp foreldra úr mexíkóskum smábæ, eftir að barnaheimili vann í lottóinu. Kalla foreldrarnir eftir aðstoð stjórnvalda til þess að geta snúið aftur heim.

Barnaheimili nálægt Ocosingo í suðurhluta Mexíkó vann 20 milljónir pesóa, eða um 125 milljónir króna, fyrir rúmu ári, í lottói sem stjórnvöld komu á fót til þess að fjármagna forsetaþotuna. Foreldrar barnanna áttu að ráðstafa fjármunum, en eftir að það fréttist fóru þeir að fá hótanir frá genginu sem vildi að peningarnir yrðu notaðir til vopnakaupa.

Einn faðir var skotin til bana og 28 fjölskyldur hafa flúið eftir hótanir. Í ákalli um hjálp sagði for-eldrafélagið að gengið hefði eyðilagt heimili fólks, drepið húsdýr og eyðilagt uppskeruna. ■

Bridgehátíð í Hörpu í janúar

ser@frettabladid.is

BRIDGE Bridgesamband Íslands er staðráðið í því að halda Bridgehátíð í Hörpu dagana 27. til 30. janúar á nýju ári, en hátíðin féll niður í ár vegna farsóttarinnar.

Jafet Ólafsson, forseti sambandsins, segir að þegar hafi nokkrar erlendar sveitir skráð sig leiks, þar á meðal Dennis Bilde og Íslands-vinurinn Zia Mamhoud, sem allir bridge-spilarar þekkja, en hann hefur komið á Bridgehátíð í um 30 ár og aðstoðaði Íslendinga þegar þeir urðu heimsmeistarar í Yokohama 1991.

Jafet segir að nú verði Íslendingar að vera duglegir að skrá sig á mótið, af því einfaldlega að aðstaðan í Hörpu sé til fyrirmyndar. Og svo sé hitt að „bridge gerir lífið skemmtilegra,“ að sögn forsetans. ■

Staða norskra laxastofna enn slæm þrátt fyrir ýmsar mótvægisaðgerðir

Aðeins einn af hverjum fimm laxastofnum í Noregi telst í góðu ásigkomulagi. Fiskeldi og virkjanir valda búsjífum í stofnunum. Þá segja Norðmenn þörf á alþjóðlegu átaki gegn hnúðlaxi sem er í mikilli sókn í norskum laxveiðiám.

gar@frettabladid.is

FISKELDI Þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir hefur ástand villtra laxastofna í Noregi versnað, segir Vísindaráð laxins þar í landi. Vitenskapelig ráð for lakseforvalting, í nýjstu skýrslu sinni.

„Eldislax sem hefur sloppið og laxalús eru áfram mesta ógnin,“ segir vísindaráðið. Sérstaklega sé ástandið slæmt í Vestur- og Mið-Noregi. „Í byrjun níunda áratugarins sneri meira en ein milljón laxa til baka úr hafi á hverju ári,“ segir ráðið. Nú sé þessi tala fallin um helming. „Það er bæði vegna umsvifa mannsins og verri lífskilyrða í sjó. Áfram er eldislax sem hefur sloppið, laxalús og sýkingar tengdar fiskeldi, stærsta ógnin við villta laxinn. Fleiri stofnar hafa orðið fyrir barðinu á laxalús á síðustu árum og svæðin sem orðið hafa illa úti hafa stækkað.“

Haft er eftir Torbjörn Forseth, formanni vísindaráðsins, að hægt sé að bregðast við vegna áhrifa mannsins í ánum og með fram ströndinni. „En því miður lítur ekki út fyrir að ráðstafanirnar dugi til að staðan batni fyrir laxinn á illa leiknu svæðunum,“ segir hann.

Þá segir ráðið að vatnsvirkjanir og önnur mannvirki séu áfram mikil ógn sem dragi úr stærð laxastofnanna. Ekki sé mikil hætta á að ástandið versni frekar vegna þessara þátta, en að margir möguleikar séu til að minnka áhrifin.

„Það er enn verið að gera ný inn- grip í árnar og það er mikið sem við getum gert til að bæta úr eldri inn- gripum,“ er haft eftir Helge Skoglund, sem situr í vísindaráðinu.

Þá er vikið í skýrslu ráðsins að hnúðlaxi, sem nýrri ógn við marga laxastofna. „Það þarf ráðstafanir á bæði landsvisu og á alþjóðlega vísu til að minnka hættuna á að villti laxinn verði fyrir skaða,“ segir í skýrslunni. Hnúðlaxinn hefur einmitt einnig verið að færa sig upp á skaftið hérlandis, öllum til ama, er óhætt að segja.

Sem fyrr segir er staðan verst um miðbik Noregs og í vesturhluta landsins. Þar hafa laxastofnarnir




Sjókvíaeldi á laxi í Lyngenfjord í Norður-Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Erfðahreininleiki villtra laxastofna í Noregi

- Gott/Mjög gott
- Ágætt
- Slæmt
- Mjög slæmt



Rauðu deplarnir á Noregskortinu sýna hvar villtir laxastofnar eru mest erfðablandaðir.

minnkað mest og ástæðan sögð að stórum hluta vera vegna laxeldisins. Á síðustu þremur árum hafi laxalús verið skæð á svæðum þar sem eldið er mest. Margir laxastofnar við Sognefjorden og Sunnmørsfjordene séu í afar slæmu ásigkomulagi.

Staðan er sögð önnur í Suður-Noregi þar sem laxastofnar hafi rétt úr kútnum eftir að kalki hafi á skipulegan hátt verið bætt í ár sem hafa fengið í sig súrt mengunarregn.

Enn fremur kemur fram í skýrslunni að kortlagning sýni að aðeins einn af hverjum fimm laxastofnum sé í góðu eða mjög góðu standi og að meira en þriðjungur stofnanna sé annað hvort í slæmu eða í mjög slæmu horfi.

Þótt færri laxar snúi úr hafi eru það hins vegar fleiri laxar en áður sem hrygna. „Þetta helgast af því að umtalsvert minna er nú veitt í bæði vötnum og ám. Árleg veiði í vötnum og ám er nú um það bil þriðjungur þess sem hún var á níunda áratugnum,“ segir í skýrslunni.

„Á margan hátt eru það veiðimenn í ám og vötnum sem greiða verðið fyrir að við náum ekki að draga úr áhrifum mannsins á villta laxinn,“ er haft eftir Torbjörn Forseth. „En góðu fréttirnar eru þær að ef við náum að draga úr áhrifunum, hafa flest vatnsföllin nægan hrygningarfisk og góða nýliðun, þannig að laxinn gæti fljótt náð sér á strik.“ ■

Corona Blanca

Sértilboð til Kanarí í janúar

- 19. og 26. janúar
- 7 nætur

Beint morgunflug með Play

Frá 79.900 kr
2 í íbúð, 7 nætur, 19. janúar

• Sími: 556 2000

• Sundagarðar 2 -
104 Reykjavík

 Aventura
www.aventura.is

KRONAN

Gerðu þitt elgið

Jóla HLAÐ BORD

Matseðill Fyrir 8 manns

Karrýsild, 255 g	399 kr. stk.
Marineruð síld, 275 g	399 kr. stk.
Rúgbrauð, 270 g	259 kr. pk.
Grafinn lax í sneiðum, 200 g	989 kr. pk.
Graflaxsósa, 195 ml	295 kr. stk.
Jólapaté innbakað, 200 g	1399 kr. stk.
Jarðarberjasósa, 100 g	799 kr. stk.
Reykt andabringa, 230 g	2699 kr. stk.
Rauðlaukssulta, 180 g	749 kr. stk.
Hamborgarhryggur, 500 g	1299 kr. stk.
Waldorf salat, 500 g	1099 kr. stk.
Heimagert rauðkál, 250 g	679 kr. pk.
Kalkúnabringa elduð, ca. 500 g	2700 kr. stk.
Kalkúnasósa m. salvíu, 500 g	1399 kr. stk.
Heit purusteik, 400 g	1998 kr. stk.
Rauðvínssósa, 500 ml	1399 kr. stk.
Lifrarkæfa m. beikoni, 370 g	1359 kr. stk.
Lúxus laufabrauð, 130 g	1199 kr. pk.

Nánar á
[kronan.is/
jolahladbord](https://www.kronan.is/jolahladbord)

Allt þetta undir

2699*

kr. á mann

*Miðað við eitt stykki/pakka af hverju. 500 g af hamborgarhrygg, 400 g af purusteik og 500 g af kalkúnabringu.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Hátíð fer að höndum ein

Jólaþorpið í Hafnarfirði var opnað í gær við mikla kátínu.

Í gærkvöld var mikið um ljós og bros á Thorsplani í Hafnarfirði þegar Jólaþorpið var opnað. Alls eru tuttugu sölubásar á torginu og á sviðinu er ýmislegt um að vera. Jólaveinarnir láta sig heldur ekki vanta.

Hefur það verið hefð hjá mörgum að koma við í þorpinu að minnsta kosti einu sinni fyrir hver jól til að anda að sér stemningunni. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri hefur hvatt Hafnfirðinga til þess að taka forystu í jóla-skreytingum og lystigarðurinn í Hellisgerði er ljósum prýddur að vanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



LAND ROVER DISCOVERY SPORT

UPPGÖTVAÐU HRÍFANDI NÝJUNGAR



ABOVE & BEYOND

landrover.is



Bill á mynd er Discovery Sport HSE

NÝTT ÚTLIT, NÝ INNRÉTTING OG NÚ LÍKA PLUG-IN HYBRID

Land Rover Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

LAND ROVER DISCOVERY SPORT

S DÍSil 163 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð: 9.290.000 kr.

S PHEV 309 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð: 9.990.000 kr.

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

ENNEMM / SIA / NMO06031

Kína gerir tilraunir með nýja tegund flugskeyta

Kína virðist hafa náð markverðum áfanga í þróun nýrrar tegundar flugskeyta, sem Bandaríkin óttast að komist fram hjá eldflaugavarnakerfi sínu. Þau eru talin geta borið kjarnavopn og segja bandarískir hershöfðingjar að um „Spútnik móment“ sé að ræða.

thorvardur@frettabladid

KÍNA Ólga er innan bandarískra stjórnvalda eftir tvær tilraunir Kínverja með ofurhljóðfrá flugskeyti (e. hypersonic missiles). Þau geta ferðast á allt að fimmföldum hljóðhraða og talið er að flugskeytin geti borið kjarnavopn.

Tilraunirnar komu bandarískum yfirvöldum í opna skjöldu og óttast þeir að Kínverjar standi þeim nú mun framar í þróun slíkrar tækni og að tilraunirnar marki upphaf að nýju vígbúnaðarkapphlaupi, í anda þess sem geisaði í kalda stríðinu milli Bandaríkjanna og Sovétríkja-anna sálugu.

Financial Times greindi fyrst frá því í október að Kínverjar hefðu gert tilraunir með slíka tækni í júlí og ágúst. Bandaríkin og Rússland hafa unnið að þróun slíkrar tækni í áratugi en svo virðist sem Kína standi þeim nú framar. Auk þess hefur fjöldi annarra ríkja unnið að slíkrri tækni, þar á meðal Bretland, Frakkland og Norður-Kórea. Samkvæmt skýrslu rannsóknarþjónustu Bandaríkjaþings hafa Íranir, Suður-Kóreumenn og Ísraelar hafið grunnrannsóknir á hljóðfráum flugskeytum.



Spútnik skapaði brýna þörf á aðgerðum í Bandaríkjunum. Tilraunin 27. júlí hafði ekki sömu áhrif. Ég held að það hefði átt að gerast.



Bandaríski hershöfðinginn John Hyten

Sjálfir hafa Kínverjar ekki viðurkennt að um vopnatilraunir væri að ræða og segja þær tengjast geimferðaáætlun þeirra. „Við höfum engan áhuga á vígbúnaðarkapphlaupi við önnur ríki. Bandaríkin hafa á undanförunum árum afsakað aukinn vígbúnað og þróun hljóðfrárra flugskeyta með því að tala um „ögnina sem stafar af Kína“,“ segir Liu Pengyu, talsmaður kínverska sendiráðsins í Bandaríkjunum.

Lengi hefur andað köldu milli Bandaríkjanna og Kína og eru tilraunirnar til þess vísar að auka á spennuna. Bandaríkin hafa þrýst



Joe Biden og Xi Jinping funduðu í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Fjöldi kjarnaodda

Rússland	6.000
Bandaríkin	3.750
Kína	350

mjög á Kína að taka þátt í samningum um að taka ásamt Rússlandi þátt í samningum um takmörkun kjarnavopna og mun það hafa borið á góma á fjarfundi Joes Biden, aðalritara kínverska kommúnistaflokksins í síðustu viku.

Yfirmaður herforingjaráðs Bandaríkjanna, hershöfðinginn

Mark Milley, segir tilraunir Kínverja vera „Spútnik móment“ og vísar þar til þess er Sovétríkin sendu fyrsta gervihnöttinn út í geim árið 1957 sem markaði upphaf geimferðakapphlaupsins.

Undirmaður hans, hershöfðinginn John Hyten, tekur í sama streng. „Spútnik skapaði brýna þörf á aðgerðum í Bandaríkjunum. Tilraunin 27. júlí hafði ekki sömu áhrif. Ég tel að það hefði átt að gerast.“ „Við vinnum að því eins hratt og við getum að þróa slíka tækni,“ sagði varnarmálaráðherrann Lloyd Austin fyrir skömmu.

Bandaríkjamenn óttast að með

þessari tækni geti Kínverjar komist fram hjá eldflaugavarnakerfi þeirra, með því að senda kjarnavopn yfir Suðurljóðfrá, en varnakerfi Bandaríkjanna beinist einkum að því að verja landið fyrir vopnum sem fljúga yfir Norðurljóðfrá. Kínverjar gætu því haft yfirhöndina ef kjarnorkustríð hæfist og ráðist gegn Bandaríkjunum, án þess að þau gætu komið nokkrum vörnum við. Kínverjar tilkynntu árið 1964 er þeir gerðu sínar fyrstu tilraunir með kjarnavopn, að aldrei yrði ráðist á land að fyrra bragði með slíkum vopnum. Bandaríkjamenn og Rússar hafa ekki lofað því sama. ■



NORRØNA
Welcome to nature



lyngen Gore-Tex
skel dömu/herra
kr. 71.990



lyngen down850
dúnúlpá dömu/herra
kr. 63.990



lyngen alpha90
millilag dömu/herra
kr. 19.990



lyngen flex1
buxur dömu/herra
kr. 37.990



lyngen 35L
fjallaskíðapoki
kr. 30.990



lyngen Gore-Tex
Infinium hanskar
kr. 13.990



PELTON

Klettagarðar 23 • www.peloton.is

Þú færð varla jeppa undir 10 milljónum ...

... en þú getur fengið hús á 9,9!



SMART MODULAR PREMIUM - 50fm.

Rúmgóð herbergi og lofthæð 2.8M

Gluggar - 2.2m

SmartLED- lýsing - Euro staðall á allri rafmangshönnun

Gólfhiti í öllum rýmum!

Smart home stjórnkerfi og öryggiskerfi með mörgum fíðusum m.a tengingu við internet og nargmiðlunarveitur


Innbyggðir hátalarar í öllum rýmum

LED útilýsing og 360 öryggismyndavélakerfi

Vönduð premium eldhús innrétting með öllu tilheyrandi

Afar vandað baðherbergi með walk in sturtu - ítölskum keramik flísum gólfhita og valmöguleika um upphengt salerni

Kynningarverð 9.900.000



Smart modular á Íslandi

Klettatröð 2 | 235 Reykjanesbær | S. 7839211 | info@icesmartmodular.net

Stefna stjórnar



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Nýja þriggja flokka ríkisstjórnin ætlar sér að hrinda af stað framfaramálum í þágu lands og þjóðar. Forkólfar hennar hafa spurt sig í aðdraganda samstarfsins hvort bæta megi samfélagið og hvar þá helst. Og svarið er á einn veg; samfélagið er ekki nógu sterkt, styrkjum það.

Því er lagt af stað með ellefu áherslumál, en þar ris einna hæst aukinn jöfnuður og réttlæti, jafnt 25 prósent launahækkun til verst launuðu stétta landsins og stóruauknar kjaraþætur til öryrkja og aldraðra í landinu, hvoru tveggja sakir þess að ójöfnuður skapar átök í samfélaginu og dregur úr krafti þess.

Og nýja stjórnin ætlar að gera svo miklu meira. Í loftslags- og umhverfismálum ætlar hún sér að taka forystu í heiminum, hætt verði að nota jarðefni til húshitunar fyrir árið 2030, átta árum fyrr en áður var fyrirhugað – og svo mjög verði dregið úr útblæstri mengandi efna fyrir árið 2045 að náttúran hafi þá betur.

Þá verði veðjað á stafrænar lausnir á öllum sviðum atvinnu- og félagslífs, en stefnt verði að því að þjóðin leiði fjórðu iðnbyltinguna, ella verði hún undir í keppni við aðrar þjóðir í lífsgæðum.

Fimmti liðurinn í stjórnarsáttmálanum varðar stórfellt átak í húsbýggingum um allt land svo stemma megi stigu við hækkandi íbúðaverði, en réttur fólks til þess að geta leigt eða eignast húsnaði á hóflegu verði sé mannréttindamál.

Stjórnin ætlar einnig að skipta um kúrs í innflytjendamálum með mannúð að leiðarljósi, en bæta þurfi aðstöðu og kjör nýrra íbúa landsins.

Eins mun stjórnin huga betur að málefnum ungs fólks, færa kosningaaldur í 16 ár, enda hafi yngstu kynslóðirnar meira að segja en áður og eigi að hafa meiri áhrif við landstjórnina.

Og stjórnin nýja vill lögleiða kannabis, en notkun þess sé skárrí en áfengisdrykkja og tóbaksreykingar og skipti miklu máli í lækningaskyni.

Loks er það slegið í gadda að engir skattar hækki á kjörtímabilinu, tekið verði fyrir útgjaldahækkun hins opinbera, skuldir ekki auknar þótt ríkið geti tekið lán á neikvæðum vöxtum – og að endingu, hámarkshraði á þjóðbrautum verði ekki lækkaður, því það eigi að treysta fólki.

Þetta er ekki stefna nýrrar íslenskrar ríkisstjórnar. Því miður. Þetta er stefna nýrrar þýskrar stjórnar frjálslyndra, jafnaðarmanna og græningja – fyrir fólkið í landinu. ■



Þetta er ekki stefna nýrrar íslenskrar ríkisstjórnar. Því miður.

Peysur verð frá 5.990 kr

Skyrtur verð frá 7.990 kr

JACK&JONES

jackandjones.is

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Efnahagsreikningar, blóðsúthellingar



Sif
Sigmarsdóttir

Eftir nokkrar vikur minnumst við Íslendingar þess að áratugur er liðinn frá sögulegum atburði sem hækkaði þjóðarþúlsinn um allnokkur slög og skildi víða eftir óbragð í munni. Í janúar árið 2012 komst upp að Ölgærdin Egill Skallagrímsson hefði í þretán ár selt helstu matvælaframleiðendum landsins iðnaðarsalt í afurðir sína. Málið gat af sér eina stærstu ráðgátu síðari tíma. Þótt saltið væri ekki ætlað til manneldis heimilaði Matvælastofnun Ölgærdinni að klára að selja birgðir sínar af saltinu í matargerð.

Áherslur Matvælastofnunar voru í deiglu á ný í vikunni þegar hulunni var svipt af hrottalegri meðferð á svo kölluðum blóðmerum hér á landi. Blóðmeri er hryssa sem hefur þann eina tilgang að ganga með föllöld svo hægt sé að taka úr henni blóð á meðan hún er full. Úr blóðinu er unnið hormón í lyf sem nota má til að sæða gyltur svínabúa örar og auka þannig framleiðslugetu. Matvælastofnun hefur eftirlit með blóðmerahaldi. „Það er auðvitað hægt að klippa saman vond augnablik,“ sagði yfirdýralæknir í hrossasjúkdómum hjá Matvælastofnun um heimildarmynd svissnesku dýraverndunar-samtakanna sem ljóstruðu upp um málið en Matvælastofnun rannsakar nú myndskeldin.

Velferð eða verðmætasköpun?

Árið 1833 var þrælalald afnumið viðast hvar í Breska heimsveldinu. Í kjölfarið samþykktu stjórnvöld að greiða fórnarlömbunum háar fébætur. Bótapegarnir voru þó ekki þrælarnir heldur eigendur þeirra. Nýverið kom upp á yfirborðið að greiðslum bresks almennings vegna bóta til þeirra sem höfðu hagsmuni af þrælalaldi lauk ekki fyrr en árið 2015.

Fyrr á þessu ári lagði Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, fram frumvarp til Alþingis um breytingu á lögum um dýravelferð sem bannaði blóðtöku úr fylfullum merum. Þeir fóru hördum orðum um frumvarpið sem létu sig málið varða. Framkvæmdastjóri

Ísteka, fyrirtækisins sem framleiðir lyf úr merarblóðinu, sagði í umsögn til Alþingis að verðmætasköpun fyrirtækisins væri mikil, afurðir þess væru fluttar úr landi og sköpuðu gjaldeyriskjör sem námu 1,7 milljörðum króna árið 2020. Í umsögn dýralæknis var staðhæft að blóðmerahald væri orðið mikilvægur tekjustofn bænda sem tryggði að sveitir landsins héldust í byggð.

Blóðmerahald er aðeins stundað í fjórum öðrum löndum: Kína, Argentínu, Úrúgvæ og Þýskalandi. Evrópuþingið vill stöðva blóðmerahald. Fæstir Íslendingar höfðu heyrnt um blóðmerabúskap fyrr en í þessari viku. Þeim fjólgar hratt sem kalla eftir því að hann verði bannaður.

Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að hlutverk stofnunarinnar sé að vernda „heilsu manna, dýra og plantna“ og auka „velferð og verðmætasköpun í þágu þjóðarinnar“. En hvað gerist þegar velferð og verðmætasköpun fara ekki saman?

Ein helstu rök gegn afnámi þrælalalds voru efnahagsleg. Atvinnurekendur börðust gegn afnámi þrælalalds á þeim forsendum að það myndi valda starfsemi þeirra stórtjóni.

Matvælastofnun lagðist gegn frumvarpi Ingu Sæland.

Þrælalald. Iðnaðarsalt. Blóðmerabúskapur. Ranglæti er ítrekað réttlætt með efnahagsreikningi. En íslenskur almenningur á ekki að þurfa að borða iðnaðarsalt aðeins vegna þess að einhver flutti það inn. Athæfi sem dýraréttarlögfræðingur kallaði dýraníð í vikunni á ekki að viðgangast bara af því að einhver fann leið til að hagnast á því. Það réttlætir ekki glóruleasar blóðsúthellingar að halda sveitum í byggð.

Þrælur Breska heimsveldisins sem öðluðust frelsi árið 1833 fengu aldrei bætur. Þar lauk þó ekki óréttlætinu. Afkomendur þeirra greiddu skuld við þrælalaldarana með sköttum sínum til ársins 2015. Hvað er rétt, hvað er rangt? Stundum liggur það í augum uppi. ■



Ranglæti er ítrekað réttlætt með efnahagsreikningi.

ÞITT NAFN



BJARGAR LÍFI

ÞAÐ ER ALDREI RANGUR TÍMI FYRIR MANNRÉTTINDI

Ekki láta þitt eftir liggja. Skrifðu undir
mál einstaklinga sem beittir eru
grófum mannréttindabrotum.

AMNESTY.IS

Afrek sem verður seint leikið eftir

Í dag eru 65 ár síðan Vilhjálmur Einarsson setti Ólympíumet í þristökki og var í forystu í nokkra klukkutíma. Hann endaði í öðru sæti og vann þar með fyrstu verðlaun Íslendinga á Ólympíuleikum.

benediktboas@frettabladid.is

„Ég held að þetta sé stærsta afrek íþróttasögu Íslands enn þann dag í dag,“ segir Sigurbjörn Árni Arngrímsson, skólastjóri og frjálsíþróttalfræðiorðabók, um afrek Vilhjálms Einarssonar sem stökk á þessum degi 16,26 metra í þristökki á Ólympíuleikum í Ástralíu.

Stökkið var Ólympíumet og stóð í rúmar tvær klukkustundir þangað til ríkjandi Ólympíumeistari, Brasilíumaðurinn Adhemar da Silva, stökk níu sentimetrum lengra og vann. Vitold Kreyer varð í þriðja sæti og Bandaríkjamaðurinn Bill Sharpe varð í fjórða sæti, en

hann leiddi eftir fyrstu umferð með stökki upp á 15,88 metra.

Þetta voru fyrstu Ólympíuverðlaun Íslendinga og er Vilhjálmur enn eini Íslendingurinn sem hefur sett Ólympíumet. Biðu Íslendingar í 28 ár eftir næstu verðlaunum á Ólympíuleikum.

16,70

Íslandsmet Vilhjálms er 16,70 og stendur enn.

„Að setja Ólympíumet er ekkert gert á hverjum degi og Vilhjálmur nær að vera í forystu, gjörsamlega óþekktur, í einhverja klukkutíma fyrir fjórða stökk da Silva.“

Ólympíuleikar eru stærsta íþróttakeppni heims og við getum sagt að silfrið hjá handboltalandsliðinu sé mjög gott, en handbolti er



Vilhjálmur varð annar í þristökki á Ólympíuleikum í Melbourne í Ástralíu á þessum degi árið 1956.



Vilhjálmur stökk aðeins fjórum sinnum í Melbourne árið 1956.



Vilhjálmur var sá fyrsti sem var tekinn inn í heiðurshöll ÍSÍ. MYND/ÍSÍ

Kósýkvöld með Eyfa



RISTORANTE
Caruso
AUSTURSTR.ÉTI 22

2. 9. 19. desember

Ljúf tónlist
yfir ljúffengum mat

Borðapantanir í síma 5627335
caruso@caruso.is

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds 2021

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds verður haldinn í golfskálanum í Urriðavatnsdölum þriðjudaginn 7. desember kl. 20:00*.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
- Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
- Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
- Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
- Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
- Kosning þriggja manna í kjörnefnd.
- Önnur málefni ef einhver eru.

Stjórn Golfklúbbsins Odds.

*Tekið verður tillit til þeirra samkomutakmarkana sem í gildi verða þann 7. desember. Allar nánari upplýsingar um fundinn og framkvæmd hans er hægt að nálgast á heimasíðu GO, oddur.is, við munum einnig senda út tölvu-pósta og tilkynningar á samfélagsmiðla með upplýsingum þegar nær dregur. Fundurinn verður sendur út á facebook.

5

Vilhjálmur var kosinn Íþróttamaður ársins fimm sinnum.

bærilegur við aðra velli úti í heimi. Auðvitað var hér skítaveður, en hér var toppaðstaða. Svo liðu árin og aðrir tóku fram úr okkur.

Það var líka bannað að vera atvinnumaður á Ólympíuleikum, sem taldi líka. Þá var unnið og farið svo á æfingu. En samt er ótrúlegt að ná Ólympíumeti,“ segir Sigurbjörn.

Einn sá besti

Vilhjálmur Einarsson var einn af fremstu þristökkvurum heims árin 1956-1962. Meðal afreka Vilhjálms var 3. sæti á Evrópumeistaramóti árið 1958, 5. sæti á Ólympíuleikum í Róm á Ítalíu árið 1960, með stökki upp á 16,37 metra, og 6. sæti á Evrópumeistaramóti í Belgrad árið 1962, þar sem hann lauk ferlinum. „Ferill hans var frábær. Íslendingum var boðið að koma og keppa úti um allan heim, svo framarlega sem silfurmaðurinn væri með,“ segir Sigurbjörn Árni. ■

örgrein miðað við frjálsar íþróttir á Ólympíuleikum. Þess vegna tel ég að þetta sé enn þá stærsta íþróttafrek sem Íslendingur hefur unnið,“ segir Sigurbjörn.

Hann bendir á að Vilhjálmur hafi aðeins stökkið fjórum sinnum á meðan da Silva stökk sex sinnum. „Hann þoldi ekki mikið af stökkum í einu. Skórnir voru auðvitað miklu verri og í raun bölvad rusl. Hann reyndi að fá meiri dempun og mykt

en tók ekki öll stökkin sín.“

Þegar kom að því að útnefna í fyrsta skipti afreksíþróttamann í heiðurshöll ÍSÍ á afmælishátíð sambandsins, var Vilhjálmur sá fyrsti sem var tekinn þar inn.

Sigurbjörn bendir á að stökk upp á 16,70, sem er Íslandsmet Vilhjálms frá 1960, sé frambærilegt enn þann dag í dag og að hann kæmist á flest stórmót. „Aðstaðan var frábær í gamla daga. Melavöllurinn var sam-

SKEMMTILEG SPIL Í JÓLAPAKKANN



Krakkar um víða VERÖLD

Við erum öll jöfn en þó oft á tíðum mjög ólík hvert öðru. Í þessu spili gefst börnum kostur á að læra um framandi heimshluta og mismunandi menningu ólíkra þjóða.

Þetta skemmtilega og fræðandi spil er vel til þess fallið að svara meðfæddri forvitni barnanna.

UPPLIFÐU
HEIMINN Í
SKEMMTILEGU SPILI





GULLEYJAN

Fjár sjódsleitin fer fram á smárri eyju í miðju hafinu og gengur út á að fylla fjár sjódskistu af góssi.

Kastið teningum til að mynda samstæður og hljótið gullpeninga að launum.

SKEMMTILEG FJÁRSJÓDSLEIT
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Evrópa

Hvaða staðreyndir um Evrópu ættu allir að þekkja? Hvað veistu um evrópska íþróttamenn? Þekkir þú sögu meginlandsins og eyjanna í kring? Ertu vel að þér í evrópskum dægur-málum og tónlist?

Spurningar eftir
Stefán Pálsson





BJORK@FRETTLADID.IS

Hugrekki gegn reiði

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir hefur í 15 ár helgað líf sitt og starf baráttunni gegn kynbundu ofbeldi. Segja má að hún hafi byrjað að vekja athygli í þessum viðkvæmu málum áður en það komst „í tísku“ – eða á þeim tíma sem þær sem höfðu hátt fengu holskefluna hressilega yfir sig. Segist Þórdís í viðtali í þessu tölublaði þekkja slauf-unarmenningu af eigin raun og á þá við þegar hún var sökuð um gerendameðvirkni eftir að bók sem hún skrifaði ásamt manningum sem nauðgaði henni þegar hún var 16 ára, kom út. Hún vissi vel að hún yrði gagnrýnd og úthröpuð en hún trúði því að hún væri að gera rétt. Hún vissi að fólk yrði reitt en var þess fullviss að samtalið yrði á endanum til góðs. Þórdís óttast ekki reiðina og segir hana hreyfiafl – en skilur aftur á móti að fólk finnist í dag vandratáð í umræðu sem lituð er þessari miklu reiði. „En ef maður áttar sig á því að hún hefur tilgang og muni mögulega búa til betra samfélag fyrir börnin okkar, þá held ég maður hætti að líta á hana sem ógn,“ segir hún meðal annars í viðtalinu. ■

”
Hún vissi að hún yrði gagnrýnd og úthröpuð en hún trúði því að hún væri að gera rétt.

Við mælum með

Búraosti á Slippbarnum

Gratineraði Búraosturinn er syndsamlega góður, þakinn hunangi og hnetum og borinn fram með stökku brauði. Hentar vel fyrir grænmetisætur og þau sem kjósa að neyta sjaldnar kjöts. Slippbarinn var nýlega opnaður aftur eftir lokun í kjölfar Covid og býður nú einnig upp á ljúffengan jóla-brunch um helgar.



Jólaortum

Með tilkomu samfélagsmiðla hefur hefðbundnum kortasendingum fyrir jólin fækkað. Einhverjir halda þó enn fast í hefðina og viðtakendur fagna yfirleitt heitt ef falleg jólakveðja dettur inn um lúguna. Ef einhvern tíma var rík ástæða til að senda vinum og vandamönnum handskrifada og hlýja jólakveðju þá er það nú á tímum heimsfaraldurs og einangrunar. Við mælum því með jólatónlist, jafnvel rauðvinsglasi og kortaskrifum um helgina. ■



Spilaði fyrir veik börn og sá hlutina í nýju samhengi

Tónlistarmaðurinn og leikarinn Pétur Óskar Sigurðsson, eða Oscar Leone, eins og hann kallar sig á sviðinu, heldur tónleika í Húsi Máls og menningar laugardagskvöldið 27. nóvember.

ninarichter@frettladid.is

Á tónleikunum leikur Oscar tónlist af væntanlegri plötu sem hann hefur unnið að frá árinu 2019, og lofar að leika lög sem hafa ekki heyrst áður. „Ég og Tryggvi erum að fara að spila, ég einn með gítarinn og hann að hita upp. Þetta verður notalegt lítið gígg og ég ætla að reyna að koma með eitthvert ljós inn í tilveruna.“ Hann bætir við að hann ætli einnig að leika lög úr dýpstu rötum Amazonfrumskógarins. „Ég hef verið að gera seremóniur með mönnum frá Perú, það eru lög sem heila hjartað. Falleg, ævaforð lög.“

Opnaði þjóðarleikvang

Oscar Leone er nýsnúinn til Íslands eftir tveggja mánaða Evróputúr, þar sem hann lék meðal annars við opnun þjóðarleikvangs Lúxemborgar. „Ég ætlaði að vera í þrjár vikur en það varð að tveimur mánuðum. Þetta er nýr markaður og ég er að reyna að opna hann.“ Ýmis tækifæri gerðu vart við sig í kjölfarið, og sér í lagi spilamennska fyrir góðgerðarsamtök.

„Við vorum að spila til styrktar langveikum börnum og rannsóknum tengdum þeim sjúkdómum. Það snerti hjartað.“ Hann segist þannig hafa farið frá því að spila á stórum leikvangi og yfir á tuttugu manna



Oscar Leone gerir allt klárt fyrir tónleika í Lúxemborg.

”

Ætla að reyna að koma með eitthvert ljós inn í tilveruna.

staði. Hann segist hafa tekið sjálfan sig í skoðun í kjölfarið og séð hlutina í nýju samhengi. „Ég fattaði að maður sjálfur skiptir ekkert rosalega miklu máli. Þarna kom áminning um fyrir hvern og fyrir hvað maður er að gera þetta.“ ■



Oscar Leone ásamt ungum aðdáendum sínum.



Oscar Leone ásamt Henri, hertoganum af Lúxemborg.

Í vikulokin



Ólafur Arnarson

Framsókn er að klúðra sigri sínum

Framsóknarflokkurinn er á góðri leið með að klúðra góðum kosningasigri sínum og virðist ætla að láta sér það lynda að samstarfsflokkarnir í ríkisstjórn, Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkur, láti eins og sigur Framsóknar hafi alls ekki átt sér stað. Framsókn bætti við sig 5 þingmönnum, fór úr 8 í 13 og stækkaði þingflokk sinn um meira en 60 prósent, á meðan VG minnkaði sinn þingflokk um tæp 30 prósent – úr 11 í 8 þingmenn.

Þrátt fyrir þetta afhroð Vinstri grænna fellst Framsókn á að VG leiði ríkisstjórnina áfram. Nú sem minnsti flokkurinn af þessum þremur. Framsókn og Sjálfstæðisflokkur ætla að setta sig við hlutverk klappstýru í nýrri vinstri stjórn undir forystu formanns sósíalístaflökks. Vitanlega hefði verið í fullu samræmi við úrslit kosninganna að sigurvegarinn myndaði nýja stjórn og fengi embætti forsætisráðherra. Árið 2013 fékk Ólafur Ragnar Grims-

son Framsókn stjórnarmyndunarumboðið, þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn væri stærstur á þingi, vegna þess að Framsókn vann stærsta sigurinn. Sama hefði að sjálf-sögðu átt að gilda núna. Engu er líkara en VG og Sjálfstæðisflokkur standi saman um að gera sem minnst úr sigri Framsóknar með því að koma í veg fyrir að flokkurinn leiði nýja ríkisstjórn. Raunar var engin þörf á þátttöku VG, sem kjósendur höfnuðu, í nýrri ríkisstjórn.

”

Sama hefði að sjálf-sögðu átt að gilda núna.

Hinir flokkarnir tveir gátu skipt þeim út fyrir flokk sem auðveldara hefði verið að ná málefnalegri samstöðu með. Fyrst sigurvegari kosninganna sættir sig við niðurlægingu við stjórnarmyndunina, rennur hinn stóri sigur Framsóknar fljótt út í sandinn og nýtist ekki til framtíðar. Í pólitík verður að nýta meðbyr þegar hann gefst. Forysta Framsóknarflokksins er að gera stór pólitísk mistök núna. ■

EMIL

í Kattholti

Astrid Lindgren



Fjölbreytt úrval
sýninga fyrir þig
og þína



Tryggðu þér gjafakort á borgarleikhus.is

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir hefur í fimmtán ár barist gegn kynbundnu ofbeldi með margvíslegum hætti. Nú hefur hún sett á laggirnar norræn samtök um stafræn réttindi, en hún segir mikilvægt að opna augun fyrir afleiðingum stafræns ofbeldis, enda loki það konur inni í ofbeldissamböndum.

Það er mjög sterkur drifkraftur að vilja forða öðrum frá einhverju slæmu sem hefur komið fyrir mann,“ segir Þórdís, aðspurð hvort nauðgun sem hún varð ung fyrir í nánu sambandi og skrifaði síðar bók um, hafi orðið til þess að hún helgaði líf sitt vinnu gegn ofbeldi.

„En ég hef verið með sterka réttlætiskennnd frá því ég man eftir mér. Ég skrifaði til að mynda opið bréf til forseta Íslands um umhverfismál þegar ég var tíu ára. Ég var svolitíð sjálfala og fékk að fljóta undir radarinn og las mikið af fullorðinsbókmenntum, var til dæmis búin að lesa sjálfævisögur úr Auschwitz á þessum sama aldri.“

Þórdís bjó lengi í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni sem barn, og þegar hún var átta ára gömul skók hvarf ungrar stúlku á svæðinu sænsku þjóðina og hafði málið mikil áhrif á hana. „Stúlkan hét Helén og var ári eldri en ég og ég samsamaði mig mikið með henni. Þjóðin hélt í sér andanum á meðan leitað var að henni um allt. Þetta varð mjög intensíft og ég lifði mig mikið inn í málið og hreinlega svaf ekki á meðan á leitinni stóð.“ Helén fannst nokkrum dögum eftir hvarfið, hún hafði verið svelt, henni nauðgað og hún pyntuð áður en hún var myrt og lík hennar sett í ruslapoka.

„Það bara dó eitthvað sakleysi innra með mér. Ég var því mjög lítil þegar ég áttaði mig á því að þetta væri ójafn leikur. Hún var tekin því hún var stelpa og allt í einu upplifði ég að ég gæti orðið bráð og varð mjög myrkfælin. Ég held að það sé mikilvægt að taka umræðuna við svona viðkvæm og bráðþroska börn, en það var ekki meðvitund um það á þessum tíma. Ég áttaði mig þarna á að það væru meiri líkur á að við stelpurnar enduðum í ruslapoka einhvers staðar, en strákarnir.“

Baráttan er valdeflandi

Þórdís segir baráttuna að mörgu leyti mega túlka sem sjálfsvörn. „Það gefur manni kjark að vita að maður sé að berjast gegn því sem maður hræðist. Það er valdeflandi að vera alltaf að feisa það sem maður óttast.“

Þórdís lærði leiklist, enda segir hún sköpun vera sér lífsnauðsyn. „Ég lærði þó fljótt eftir að ég útskrifaðist og fór að starfa við það, að það að standa á sviði er ekki það sem heillar mig, heldur það að vera röddin á bak við, sú sem kemur með boðskapinn. Ég er ekki túlkandi, en gúði sé lof fyrir leiklistarmenntunina, ekkert hefur gagnast mér betur í fyrirlestrahaldi. Það vantar íslenskt orð yfir „storyteller“, en það er í raun það sem ég er.“ Sögumadurinn Þórdís notar til þess ólíka miðla að hafa áhrif: „Ég hef skrifað bækur, starfað sem fréttamaður á RÚV og í dag tala ég daglega til Instagram-fylgjenda minna.“

Rannsakur gerendur

Þórdís eignaðist tvíburasynina Svan og Hlyn fyrir þremur árum, en fyrir átti hún ásamt manni sínum, Víði Guðmundssyni, soninn Hafliða Frey og tvær eldri stjúpdætur, Hafdís og Júlíu. Tvíburasynirnir fæddust 12 vikum fyrir tímann og eins og algengt er með fyrirbura hafa fyrstu árin töluvert einkennst af umgangspæstum sem þeir eru útsettari fyrir.

Fjölskyldan bjó í Svíþjóð þar til fyrir stuttu og nýtti Þórdís tímann þegar hún var mikið heima með veik börn og fyrirlestrum var aflýst vegna Covid takmarkana, og stofnaði nor-



Þórdís Elva segist hafa verið mjög ung þegar hún áttaði sig á því að leikurinn væri ójafn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Björk Eidsdóttir bjork @frettabladid.is

rænan samtök um stafræn réttindi og jafnrétti, NORDREF, sem nýverið hlaut stærstu úthlutun ársins úr Norræna jafnréttissjóðnum. Ætlunin er að NORDREF geri þriggja landa rannsókn á gerendum sem áreita konur og stúlkur á netinu, til dæmis með typpamyndum, sem hafa verið töluvert í umræðunni hér á landi, ásamt ósamþykktri dreifingu nektarmyndna og hótunum.

Í kjölfar itrekaðra #MeToo byltinga hefur umræðan um kynferðisofbeldi og -áreitni opnast upp á gátt, en Þórdís byrjaði að tala um þessi mál þegar fáir voru að því og er því brautryðjandi á því sviði.

„Mér finnst ég ekkert voðalega gömul en ég var þó fyrsta konan til að segja frá því opinberlega að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í jafningjasambandi, undir nafni og mynd.“ Þórdís sagði frá í fyrstu bók sinni Á mannamáli, sem kom út fyrir tólf árum síðan. „Á þessum tíma nafngreindir ég ekki gerandann og var hyllt sem hetja. Það er ekki fyrr en konur nafngreina gerendur að þær eru brenndar á báli,“ segir hún.

Þá urðu læti

Árið 2017 gaf Þórdís út umdeilda bók, Handan fyrirgefningar, sem kom samtímis út í fimm löndum. Bókina skrifaði hún ásamt Ástralunum Tom Stranger, sem var kærasti hennar á unglingsárum og sá sem hún talaði fyrst um nafnlaust í fyrri bókinni sinni: Sá sem braut á henni í sambandi öllum þessum árum áður.

Bókin var þannig samvinnuverkefni geranda og brotaþola og braut blað í leið til uppgjörs og satta. „Þá urðu læti. Jesús góður, urðu læti,“ segir hún og hlær. „Ég þekki slauf-unarmenningu alveg á eigin skinni, enda var ég þarna sökuð um að vera gerandameðvirk. Við Tom vorum að reyna að koma með mótvægi sem kallað hafði verið eftir lengi, að karlmaður sem hafði gerst sekur um að beita ofbeldi, tæki ábyrgð og sýndi þar með hvar skömmin liggur. Um leið fékk ég tækifæri til að skila honum ábyrgðinni og skömminni og gera það opinberlega.“

Þarna kom Tom fram með orðræðu sem vantar sárlega, þar sem gerandi skorast hvergi undan, dregur



Við náum engum framförum nema þeir sem eru rót vandans taki þátt í að uppræta hann.

ekki úr verknaðinum og fegrar hann ekki neitt. Hann axlar heilshugar ábyrgð á honum og gerir það í samráði við sinn þolanda. Þetta er það sem vantar í dag og veldur þeirri reiði sem við höfum séð í nýjustu #MeToo byltingunni þar sem vantar allt samráð við þolandann og tilfinningin er sú að gerandinn sé meira að reyna að hvítþvo sig frekar en axla ábyrgð, eða sé í einhvers konar „damage control,“ því einhver saga um hann sé farin að leka.“

Reiði er hreyfiafl

Þórdís segist vel hafa vitað að fólk yrði reitt og að hún skilji reiðina vel. „Loks hafði fólk geranda til að beina reiðinni að.“

Hún segist þó ekki fara ofan af því að innleggið hafi átt rétt á sér og sé enn mikilvægt, enda hafi meirihluti viðbragðanna verið jákvæður. „Við náum engum framförum nema þeir sem eru rót vandans taki þátt í að uppræta hann. Nú er umræðan komin á allt annan stað en var þá og enginn heldur því fram að þolandandi megi ekki segja frá úrvinnslu sinni, heldur þvert á móti snýst hún um hvenær gerendur eigi afturkvæmt, eins og við höfum séð í mjög umdeildum Kveiksþáttum. En það er sannarlega ekki einhlítt svar við því og fer mikið eftir brotum,“ segir Þórdís.

Talið berst að reiðinni sem virðist töluvert einkenna samfélags-umræðuna þessa dagana, en Þórdís bendir á nauðsyn hennar.

„Reiði er hreyfiafl og eðlilegt og bráðnauðsynlegt viðbragð við óréttlæti. Það hefur engin bylting í veraldarsögunni átt sér stað án þess að fólk verði reitt. Við eigum ekki að óttast reiðina og telja að hún sé óvinur okkar, heldur beina henni í réttan farveg. Við eigum að vera reið yfir því að réttarkerfið bregðist og að nju konur hafi farið með mál sín til Mannréttindadómstóls eftir að kerfið hérlendis brást þeim. Við eigum að vera reið yfir því að yfirgengilegur meirihluti kynferðisbrotamála sé felldur niður. Ég er því sátt við reiðina, en ég skil að fólk finnst vandratáð í umræðu sem reiði er í. En ef maður áttar sig á því að hún hefur tilgang og mun mögulega búa til betra samfélag fyrir börnin okkar, þá held ég að maður hætti að líta á hana sem ógn.“

Bjartsýnisfólk breytir heiminum

Það er sárt að breyta heiminum. Það er bara fokking erfitt og sárt. Það er slitandi og blóðugt og það er bara barnalegt og einfaldni að halda að það verði bara næs fyrir alla, enginn fórnarkostnaður og enginn liggi í valnum,“ segir hún með áherslu, en baráttukonan Þórdís er einkar glaðbeitt sem gæti mögulega komið einhverjum á óvart, miðað við veruleikann sem hún alla daga býr við. „Ég er óbilandi bjartsýn að eðlisfari,“ segir hún og hlær. „Það er yfirleitt bjartsýnisfólk sem breytir heiminum.“

Það er stafrænt ofbeldi sem á sem fyrr segir hug Þórdísar allan og í vikunni hélt hún meðal annars erindi á vegum Evrópusambandsins fyrir jafnréttisráðherra stærstu ríkja þess. „Stafrænt ofbeldi er ofboðslega kynjað og ég held að fæstir átti sig á því hversu ólíkar birtingar- ➤“



Ég áttaði mig þarna á að það væru meiri líkur á að við stelpurnar enduðum í ruslapoka einhvers staðar, en strákarnir.

Alvöru rafmagnsverkfæri fyrir heimilið!

TROTEC - Þýskt gæðamerki

Trotec er leiðandi þýskt fyrirtæki sem hefur framleitt gæða vörur í rúm 26 ár.



20%
AFSLÁTTUR



Hleðsluskrúfvel
PSCS 11-12V 22Nm

6.956

áður kr. 8.695



Rafhlöðuborvél
PSCS 11-20V

Getur notað allt að
13mm breiða bora - 35Nm

11.046

áður kr. 12.995

15%
AFSLÁTTUR



Fjölnota tæki
PMTS 10-20V 5.000-19.000 rpm

11.726

áður kr. 13.795



15%
AFSLÁTTUR



15%
AFSLÁTTUR

Rafhlöðu vinnuljós
PWLS 10 - AN RAHFLÖÐU

Hleðslan dugar í allt að 8 tíma

2.546

áður kr. 2.995

15-20%
afsláttur af
öllum þessum
hörkutólum
fyrir heimilið



20%
AFSLÁTTUR

Höggborvél
PDHS 11-20V

Tekur allt að 13mm
breiða bora - 40Nm

12.468

áður kr. 15.585



Sverðsög PRCS 10-20V 2Ah

Sagar flest efni
Stíllanlegt slag

15.296

áður kr. 17.995

15%
AFSLÁTTUR



Rafhlöðu slípirokkur PAPS 20-115
20V - 115mm skífa - 10.000 rpm

16.996

áður kr. 19.995



15%
AFSLÁTTUR



Borvél / Brotvél PRDS20-20V

Tekur allt að 26mm
breiða bora

22.462

áður kr. 26.425



15%
AFSLÁTTUR

Rafhlöðu Bónvél
PPOS 10-20V

245mm diskur

12.746

áður kr. 14.995



15%
AFSLÁTTUR



15%
AFSLÁTTUR

Rafhlöðu hjólsög
PCSS 10-20V

Sagar allt að 48mm

14.446

áður kr. 16.995



15%
AFSLÁTTUR

Mini-sög PCSS 05-20V 2Ah
f. plast, málma og tré 89mm blað

16.996

áður kr. 19.995



HENTAR VEL
Í HÖRÐU PAKKANNA

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	SelHELLU 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Þórdís segist sjálf komin með þykkan skráp og tekur upphrópunum reiðra karla um að hún eigi að halda kjafti létt enda viss um að reiðin beinist gegn baráttu hennar frekar en persónu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» myndir það hefur fyrir konur og karla. Konur fá yfir sig mikið meiri kynferðislega áreitni," segir Þórdís.

Óumbeðnar typpamyndir

Ein birtingarmynd þess eru óumbeðnar myndir af kynfærum og bendir Þórdís á viðhorfsrannsóknir sem gerðar hafa verið í Bretlandi og Bandaríkjunum. „Þar kom í ljós að rúmlega helmingur ungra kvenna hafði fengið óumbeðnar typpamyndir. Ég hugsa að talan sé svipuð hér á landi, enda erum við mjög stafræn þjóð.“

Þórdís segir ekki síst áhugavert að þegar konur voru spurðar hvort þeim þættu slíkar myndsendingar sexí, svöruðu 86 prósent þeirra: Alls ekki. „Óumbeðin nektarmynd er form af kynferðislegri áreitni og í ár tóku hér á landi gildi lög um kynferðislega friðhelgi. Það er ekki í lagi að ryðjast inn í hana með nektarmynd, það er lögbrot.“

Þórdís Elva heldur úti vinsælum Instagram-reikningi og nýtir hann í baráttuna, en segir þar einnig frá lífi tvíbura móðurinnar sem getur sannarlega verið grátbroslegt. Hún er dugleg að gera grín að eigin hversdagsleika sem mæður ungra barna gætu tengt við, til að mynda sitjandi ein úti í bil með miðstöðina á til að eiga dýrmæta stund fyrir sig eina. Hún er virkur notandi og segir hún í kringum fimm þúsund manns fylgjast með sér daglega. „Ég nýti miðilinn mikið til að bæði koma mínu efni á framfæri og fá viðbrögð. Ég er í samtali við samtíma minn og það krefst þess að hlusta þegar hann svarar.“

Samþykki gerir gæfumuninn

Þórdís spurði fylgjendur sína út í hinar svokölluðu typpamyndir og segir viðbrögðin hafa verið afgerandi. „Algengt var að konur töluðu um að ef myndin var óumbeðin hafi það virkað sem innrás og þær hafi viljað þurrka myndina úr minni sínu. Öðru gildi auðvitað um umbeðna mynd, eða mynd sem var hluti af einhverju daðri á milli para. Þetta er alltaf það sama, hvort sem það er á netinu eða utan þess: Samþykki gerir gæfumuninn.“

En netið er alls staðar og löggjöf er varðar það misjöfn á milli landa.

„Ég skil vel að fólki fallist hendur í baráttunni," segir Þórdís og nefnir vefsíðu sem mikið hefur verið notuð hér á landi til að birta nektarmyndir af ungum konum í þeirra óþökk.

„Inni á umræddri síðu eru 99 prósent þolenda konur og 76 prósent þeirra undir 18 ára aldri. Síðan er vistuð í Panama og íslensk lögregla segist ekkert geta gert enda ekki með lögsögu þar, en auðvitað er alveg hægt að gera eitthvað. Tæknilegu lausnirnar eru til, það vantar bara viljann. Við búum í heimi þar sem hakkarar komast inn í öryggiskerfi Pentagon," segir hún með áherslu. „Ef íslenskur karl misnotar barn í Tailandi getum við sótt hann til saka hérlendis og það sama ætti að gilda um að birta nektarmynd í leyfisleysi.“

Bjuggu í víthring ótta

Inni á umræddri vefsíðu eru ungar konur ítrekað nafngreindar, óskað eftir og birtar nektarmyndir af þeim í þeirra óþökk. „Ég fór árið 2015 í hringferð um Ísland, hitti krakka og hélt fyrirlestra um þetta. Það hafði enginn fullorðinn rætt um þetta og þau voru uppfyll af reynslusögum," segir Þórdís, sem fékk sögur frá stelpum allt niður í fimmta bekk grunnskóla. „Stelpur sögðu mér frá því að auglýst hefði verið eftir myndum af þeim og því væru þær hættar að fara í skólasund og leikfimi af ótta við að hægt væri að ná af þeim mynd. Þær bjuggu í víthring ótta og voru farnar að skerða þannig sín eigin lífsgæði," segir hún.

„Íslensk stelpa varð fyrir því 16 ára gömul að það birtust af henni nektarmyndir án hennar samþykkis og ári síðar gúgglaði ég nafnið hennar. Þá birtust 16.200 niðurstöður og það var hér um bil allt klám, versta tegund sora ofbeldiskláms. Hennar stafræna fótspor var þannig undirlagt af því efni sem maður vill síst að nafn manns tengist. Þessi einstaklingur var ekki orðinn lög-ráða og á eftir að þurfa að sækja um störf í framtíðinni.“

„Ég er ekki að segja svona sögur sem áróður til kvenna um að taka ekki af sér nektarmyndir. Allir hafa rétt á að tjá sína kynvitund eins og þeir vilja. Það að segja við mann-eskju: „Þú hefur ekki átt að taka af



Það er ekki fyrir en konur nafngreina gerendur að þær eru brenndar á báli.

þér þessa nektarmynd ef þú vildir ekki að henni væri dreift," er svoltið eins og að segja við fórnarlamb nauðgunar: „Þú hefur ekki átt að vera í þessu stutta þilsí." Við höfum fullan rétt á að tjá okkur, hvort sem er með klæðaburði eða ljósmynd. Að einhver annar kjósi svo að niðast á okkur af þeim sökum, er alfarið á þeirra ábyrgð. Ég er frekar að vekja athygli á því hversu alvarlegar afleiðingar það hefur að dreifa efni í leyfisleysi.“

Auðvelt að búa til nektarmyndir

Þórdís segir jafnframt auðvelt að búa til nektarmyndir af fólki með aðstoð myndvinnsluforrita og lýsir því hvernig hún hafi í undirbúningi fyrir fyrirlestur vikunnar horft á svokallað „deep fake klám“ þar sem andlit þekktra stjórnmálakvenna hefur verið sett á klámleikkonur. Sú vinsælasta í slíku klámi er bandaríska þingkonan, Alexandria Ocasio-Cortez sem hefur haft hátt um réttindi kvenna og minnihlutahópa," segir Þórdís og bendir á að sumt efni sé ansi sannfærandi og tækninni eigi bara eftir að flegja fram.

Þórdís segist oft fá spurningar um það hvers vegna hún sé að eyða kröftum sínum í baráttu gegn stafrænu ofbeldi, á meðan hún geti barist gegn „alvöru“ ofbeldi, eins og hún segir það orðað. Ofbeldi sem skilji eftir sig brotin bein og marbletti.

„Þegar ég heyri þessi rök verður mér alltaf hugsað til þess þegar ég var í stjórn Kvennaathvarfsins í fjögur ár. Þar fengum við konur til okkar sem tikkudu í öll þessi box og voru með brotin bein og blóðnasir. Þær sögðust ekki geta farið úr ofbeldissambandinu því maki þeirra ætti kynlífsmyndband eða nektarmynd og hótandi að setja það í dreifingu. Þær sjá þá fyrir sér að missa atvinnu sína, félagslega stöðu og jafnvel forsjá barna sinna og æru. Þær sáu sig því tilneyddar til að vera áfram í ofbeldissambandinu. Þannig áttandi ég mig á því að stafræna ofbeldi væri limið sem héldi öllu hinu saman. Það lokar fólk inni í ofbeldissamböndum. Þú tékkar þig ekkert út af internetinu, ef þú verður fyrir ofbeldi á internetinu getur verið ógeringur að ná því út,"

segir Þórdís og sýnir blaðamanni myndir af ungum konum sem tóku líf sitt eftir að hafa orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi.

Sagt að halda kjafti

Við mynd af Þórdís á forsíðu þessa tölublaðs eru dæmi um skilaboð sem hún sjálf hefur fengið á Netinu, hún segist vera komin með þykkan skráp og hún sé dugleg að snúa því upp í grín. „Algengustu haturskilaboðin sem ég fæ eru að ég eigi að halda kjafti, svo það er augljóst að margir karlar vilja senda mér lífsstilsráð um að það vanti meiri þöglu í hugun í líf mitt. Sem móðir þriggja ára tvíbura, guð minn góður hvað ég er sammála," segir hún og skellir upp úr. Þórdís tekur dæmi um önnur skilaboð á ensku, þar sem sendandinn óskar þess að barmur hennar fari vaxandi: „Still up to your feminist bullshit? Waiting on you to grow some tits!“ Þórdís lítur niður á nett brjóstin og skellihlær: „Við bæði vinur, við bæði.“

„Það er auðvelt að grínast með þetta því ég veit að þetta beinist ekki að mér persónulega – jafnvel þó þetta sé skrifað við persónulegar færslur mínar. Ég veit að hvaða kona sem er, sem talar eins og ég og beitir sér með þeim hætti sem ég geri, myndi fá nákvæmlega sömu athugasemdir. Þetta snýst ekki um mína persónu heldur kerfið sem ég er að ögra með starfi mínu. Hins vegar er ég mannleg og hef upplifað ógeðslegar árásir sem virkilega særðu. Ein þeirra náði undir skinnið á mér, en þá hafði maður haft fyrir því að finna lýsingu mína á nauðguninni sem ég varð fyrir þegar ég var 16 ára. Hann skrifaði hana alla upp á nýtt og sett sjálfan sig inn í hana, og sagðist þannig ætla að gera það sama við mig. Það var vont, því það var svo úthugsað," segir Þórdís, sem segir þó erfitt að koma sér úr jafnvægi í dag.

„Það sem þó heldur mér við efnið er að einu sinni til tvisvar í viku fæ ég pósta um að ég hafi bjargað lífi einhvers. Það er þetta sem gefur mér kraftinn og vegur upp á móti tíu af þessum hálfvitum," segir hún að lokum, bjartsýn á að baráttan skili sér, enda margt breyst á síðustu fimmtán árum. ■



Þar kom í ljós að rúmlega helmingur ungra kvenna hafði fengið óumbeðnar typpamyndir.

RANGE ROVER EVOQUE

UMHVERFISVÆNNI PLUG-IN HYBRID



ABOVE & BEYOND

www.landrover.is



ENNEEM / SIA / NM007996

FÁGADRI, STÍLHREINNI OG UMHVERFISVÆNNI

Range Rover Evoque er hannaður til að líða með þig áfram í bæði borgarakstri og langkeyrslu. Rafmagnsmótor og bensínvél skila samtals 309 hestöflum og þú getur valið um að aka á hybrid-stillingu sem minnkar eldsneytisþörfina eða á rafmagninu einu saman. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu Range Rover Evoque.

RANGE ROVER EVOQUE

Bensín/Rafmagn, AWD, 300e, sjálfskiptur. **Verð: 9.790.000 kr.**

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Erfiðast að brúna kartöflurnar



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson sakna þess að senda og skrifa jólakort og skreyta ekki jólatréð fyrr en á Þorláksmessu. Þau hafa þekkt í áratugi og leika nú saman í Jólaboðinu í Þjóðleikhúsinu.

Leikararnir Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson hafa þekkt í yfir þrjátíu ár. Þau útskrifuðust úr Leiklistarskóla Íslands með tveggja ára millibili, hann árið 1985 og hún árið 1987. Núna leika þau saman í Jólaboðinu sem sýnt er í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

Í sýningunni er reykvískri fjölskyldu fylgt eftir í hundrad ár og fær áhorfandinn að skyggast inn á heimili fjölskyldunnar á aðfangadagskvöld. Hefðir fjölskyldunnar eru áberandi en hvorki Þröstur né Ólafía Hrönn segjast halda sérstaklega sterkt í hefðir á jölunum.

„Ég var þó lengi vel með þá hefð að skreyta ekkert fyrr en á Þorláksmessu,“ segir Þröstur. „Ég er ekki mjög harður á þessu núna og er farinn að skreyta fyrr, en jólatréð fer aldrei upp fyrr en á Þorláksmessu, það helst enn þá,“ bætir hann við.

„Þegar ég var barn voru alls konar hefðir í fjölskyldunni sem maður fáttaði ekkert að væru jólahefðir, eins og til dæmis það að skreyta jólatréð á Þorláksmessu,“ segir Ólafía Hrönn sem hefur það þó til síðs að fara í messu á aðfangadag. Hún segir að á hennar heimili hafi reglan verið sú að ekki mátti kveikja ljósín á jólatrénu fyrr en klukkan sló sex á aðfangadagskvöld. „Maður beið með eftirvæntingu eftir því að jóln hringdu inn og kveikt væri á trénu,“ segir hún.

„Já, ég kveiki bara rétt á seríunni á Þorláksmessu til að tékka hvort hún sé í lagi svo bara slekk ég strax aftur,“ segir Þröstur.

Ólafía: „Nei, það mátti sko alls ekki hjá mér.“

Víðfræg skötuveisla

„Svo er það náttúrlega skötuveislan sem ég held alltaf á Þorláksmessu áður en jólatréð er skreytt, hún er orðin að hefð en ég hef haldið hana í yfir fjöru ári,“ segir Þröstur.

Ólafía: „Já, ég hef komið tvisvar, mjög skemmtilegt.“

„Og eru þið að borða skötuna?“

Ólafía: „Já, mér finnst þetta gott.“
Þröstur: „Það er engum boðið sem borðar ekki skötu.“

Ólafía: „Já, og hún á að vera sem mest kæst. Ég vil fá kjaftshögg!“

Þröstur segir hefðina fyrir skötuveislunni hafa byrjaði upp úr árinu 1980. Fyrsta árið hafi veislugestir verið fjórir talsins svo hafi bæst jafnt og þétt í og telja þeir nú yfir sextíu manns. „Þetta er orðið þannig að fullt af fólki segist ekki geta haldið jóln nema það sé skata hjá mér. En hún var ekki í fyrra og verður örugglega ekki núna,“ segir hann.

„Nei, það borgar sig ekki, Þröstur er að frumsýna um jóln svo hann má ekki taka neina sýna,“ segir Ólafía og vísar til þess að Þröstur fer með hlutverk í jólasýningu Þjóðleikhússins í ár, verkinu Framúrskarandi vinkona.

Þau eru sammála um að í starfi þeirra þurfi þau að huga vel að sóttvörnum og smiti í samfélaginu. „Við þurfum að standa okkur í því að vera ekki úti um allt í kringum fólk sem maður er ekki að umgangast mikið,“ segir Þröstur.



„Já, maður þarf að vera mjög meðvitadur um þetta,“ segir Ólafía.

Er enginn sem getur hoppað inn í ykkar hlutverk ef þið lendið í sóttkví eða einangrun til dæmis?

„Nei, alla vegu ekki svona einn, tveir og þrír,“ segir Ólafía.

Sakna jólakorta

Spurð að því hvort þau minnst einhvers frá fyrri jölum sem ekki sé lengur við lýði segjast bæði Þröstur og Ólafía sakna þess þegar fólk sendi jólakort. Heima hjá þrestu voru kortin opnuð og lesin á aðfangadagskvöld á meðan beðið var eftir eftirréttinum en heima hjá Ólafíu voru þau rifin upp um leið og þau komu inn um lúguna.

„Okkur fannst bara svo gaman þegar við sáum þau í anddyrinu og að lesa þau strax, fá þetta í svona smá skömmtum,“ segir hún.

„Ég er reyndar haldin einhverju sem ég veit ekki hvað heitir en það er það að ég get skrifað jólakort en ég fer ekki með þau í póst,“ segir Ólafía. „Stundum hef ég verið að reyna að keyra þetta út á aðfangadagsmorgun og þá verður dagurinn allt of stressandi svo ég hef lagt þetta niður og ekki sent jólakort lengi.“

Hrakfarir Ólafíu með jólakortin minna Þröst á það þegar hann eitt árið gerði sannkallað jólagrín í systur sinni og mannum hennar. „Ég sendi henni grín-jólakort þar sem ég skrifaði gleðileg jól og allt það. Svo skrifaði ég: „Takk fyrir síðast. Það var geðveikt. Næst borgum við. Hittumst á sama stað á næsta ári. Jólakveðja, Særún og Ingi Daði,“ segir Þröstur og skellir upp úr.

Systir hans skildi ekkert hver hefði sent henni kortið og gaf Þröstur ekki upp grínið fyrr en fimm árum seinna. „Þá fór ég í útvarps-

viðtal og sagði frá þessu, þar komst upp um mig.“

Aðspurð segist Ólafía Hrönn ekki hafa gert slíkt jólagrín en hún muni vel eftir atviki frá unglingsárunum sem hafi fylgt henni síðan. „Eitt árið þegar jóln voru búin og verið var að taka allt niður og það átti að fara að henda jólatrénu þá tók ég það inn í herbergi til mín og hafði það þar í nokkra mánuði. Fannst þetta svo flott, tók bara skrautið af og var með tréð.“

Lifandi jólatré?

„Já, já, fannst þetta bara svo hlýlegt. Svo þegar ég varð fimmtug og systkini mín héldu ræðu þá var þetta aðalræðuefnið,“ segir Ólafía og hlær sínum smitandi hlátri.

EKKI MIKIÐ JÓLAFRÍ

Hvorki Ólafía né Þröstur fá mikið jólafrí í ár. Þau leika bæði í Jólaboðinu, Þröstur í Framúrskarandi vinkonu og Ólafía í Kardimommubænum. „Við fáum frí á aðfangadag og jóladag,“ segir Þröstur.

Spurð að því hvernig jóln verði hjá þeim í ár segist Ólafía Hrönn spennt að verja jölunum hjá syni sínum og hans fjölskyldu. „Það er svo gaman að upplifa jóln í gegnum börnin,“ segir hún.

Þröstur er sá sem eldar á sínu heimili, hann eldar margréttaða máltíð fyrir tíu manns á aðfangadag og er svo með enn fleiri matargesti á jóladag en hann á sjö börn og sjö barnabörn. „Hann er milljarðamæringur, hann á svo marga afkomendur,“ segir Ólafía og brosir til þratar.

Þá eru þau sammála um að það flóknasta við matargerð á jölunum sé að brúna kartöflurnar.

Ólafía: „Ég kann ekki að brúna kartöflur.“



Þau vissu ekkert hvað ætti að gefa mér, þá fékk ég bókina og svakalega varð ég full.

Þröstur Leó Gunnarsson

Þröstur: „Nei, maður hefur nú oft klúðrað því.“

Meira að segja þú, kokkurinn?

Þröstur: „Já, já, já, fólk lét sig alveg hafa það, en stundum gerði ég það aftur.“

Ólafía: „Já, þetta er kúnt. Svo er líka misjafnt hvernig fólk vill hafa sykurrinn.“

Þröstur: „Já, þetta þarf að vera karamella en ekki sósa. Þegar þú tekur kartöfluna upp á karamellan að hanga á af kartöflunum.“

Ólafía: „Já, það finnst mér líka!“
En er eitthvað sérstakt sem ykkur langar í í jólagjöf?

Ólafía: „Mig langar í nýjan rafmagnsgitar en það er aðeins of dýrt, ég get ekki farið fram á það en sko ef þeim dettur í hug að skella saman í gjöf þá væri það voða gaman.“

Þröstur: „Ég var að hugsa um Teslu.“

Ólafía: „Það er of mikið, Þröstur!“
Þröstur: „Nei! Þau eru svo mörg!“
En hver er eftirminnilegasta jólagjöf sem þið hafið fengið?

„Maður hefur fengið svo mikið af flottum gjöfum í gegnum tíðina en þegar maður var búinn að eiga sitt heimili lengi og fá svo mikið af skárum og kertastjökum, þá kom að því að það var þínu hausverkur að koma jólagjöfunum fyrir. Upplifanir eru skemmtilegar jólagjafir, ég þarf ekki fleiri skálar,“ segir Ólafía Hrönn.

„Ég man eftir því þegar ég fékk bók í fyrsta sinn,“ segir Þröstur. „Svakalega var ég vonsvikinn,“ bætir hann við glettinn.

„Ég er enginn bókakarll og les ekki bækur en þarna var ég að fara úr því að vera barn í unglings og þau vissu ekkert hvað ætti að gefa mér, þá fékk ég bókina og svakalega varð ég full,“ segir hann.

Jólaboðið er sýnt til 6. janúar. ■

Ólafía Hrönn og Þröstur sakna þess bæði að senda ekki jólakort líkt og tíðkaðist meira áður. Eitt árið gerði Þröstur sannkallað jólagrín í systur sinni með grín-jólakorti. Grínið komst ekki upp fyrr en fimm árum seinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Þegar ég var barn voru alls konar hefðir í fjölskyldunni sem maður fáttaði ekkert að væru jólahefðir, eins og til dæmis það að skreyta jólatréð á Þorláksmessu.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir

ALVÖRU BREYTTIR RAFBÍLAR

JEEP WRANGLER RUBICON PLUG-IN HYBRID



35" BREYTING



40" BREYTING

KOMDU OG REYNSLUAKTU
40" BREYTTUM PRUFUAKSTURSBÍL

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á
DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID



ISBAND

UMBOÐSADILI JEEP® • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Berglind Rós Magnúsdóttir hefur rannsakað marga ólíka anga ástarinnar. Í nýjustu rannsókn sinni talaði hún við fimmtán fráskildar framakonur um leit þeirra að nýrri ást eða sambandi og hvernig markaðurinn hefur breyst og þarfir þeirra. Hún segir markaðinn opnari en áður, minna traust og margar mótsagnir á markaði ástarinnar.

Þessi vettvangur er lítt rannsakaður á Íslandi og ég er, ásamt fleirum, að byggja upp rannsóknarvettvang þvert á svið hug- og félagsvísinda. Ástin er þannig fyrirbæri að það er ekki hægt að finna henni farveg á einhverju einu sviði," segir Berglind Rós Magnúsdóttir, formaður Hins íslenska ástarrannsóknafélags, en hún er uppeldis- og menntunarfræðingur að mennt og hefur rannsakað umhyggju, vina- og foreldratengsl, en átti alltaf rómantísku ástartengslin eftir, að eigin sögn.

Berglind segir að þó svo að það sé iðulega talað um ástina aðeins í tengslum við maka, vini, fjölskyldu og foreldra, þá sé fólk miklu oftast ástarveitur, til dæmis í vinnu eða í tómstundastarfi.

„Þetta er drifið okkar," segir Berglind Rós ákveðin.

Hún segir að forsaga þess að hún hóf þessar rannsóknir sé sú að árið 2015 hafi Anna Guðrún Jónasdóttir verið gerð að heildursdoktor í stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og hún velti því fyrir sér af hverju hún hefði ekki fengið meiri athygli fyrir skrif sín á Íslandi.

„Hún þróaði hugtakið ástarkraft, sem ég hef til dæmis fjallað um í viðtölum og í pistlum í Lestinni á RÚV," segir Berglind Rós, og að hugtakið byggði á kenningum Marx um vinnu og arðrán vinnukrafts.

„Hún segir að þessi hugtök Marx séu frábær greiningartæki, en þau nái ekki utan um þann hluta lífskraftsins sem varðar ástartengslin og alla þá orku sem fer í umhyggju og ástartengsl," segir Berglind og að það megi sjá á því, til dæmis, að umönnunarstörf eru ekki, eða illa, launuð.

„Það er frekar nýtilkomið að skilgreina umhyggju sem starf og sýnir vel hversu blind við vorum áður á það sem kallast ástarkraftur, hvernig hann er nýttur og að hann er ekki óendanleg auðlind," segir Berglind Rós og að þetta geti skýrt beint og óbeint hversu margir eru í kulnun núna, því umhyggjuþáttur margra starfa hafi blásið út og sítingingin má út skilin milli vinnu og einkalífs.

Kunnum ekki að setja mörk

„Við kunnum ekki að setja mörk fyrir ástarkraftinum. Við getum sett mörk um hvenær við hættum að vinna en svo spreðum við ástarkraftinum án þess að spá meira í því og hvort við séum í samskiptum sem eru ójöfn hvað þetta varðar," segir Berglind. Þetta hafi að miklu leyti verið drifkrafturinn í rannsóknnum Önnu Guðrúnar og að það hafi ekki verið hægt að skilgreina kynjamisrétti í samfélaginu út frá því að konur hafi ólík eða minni réttindi en karlmenn, en að eitthvað hafi verið óútskýrt sem gæti varpað ljósi á augljóst misrétti.

„Þannig nýtti hún hugtakið ástarkraftur til að útskýra að konur séu að jafnaði að veita meira af honum í ástarsamböndum, inni á heimilinu og í störfum sínum, og þannig er meiri hætta á að þær brenni út."

Í mánuðinum kom út grein sem fjallar um nýjustu rannsóknir hennar, en það eru djúpvíðtöl við fimmtán fráskildar framakonur sem hafa skilið við langtímamaka og eru að reyna að fóta sig í breyttum heimi og sítingdum veruleika tilhugalífsins.

„Það er áhugavert að skoða þær konur sem samkvæmt flestum árangursmælikvörðum standa



Berglind Rós segir að það sé margt breytt á markaði ástarinnar og margar mótsagnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Framakonur í annars konar leit að ást



Lovisa Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is

sterkt. Eru fjárhagslega sjálfstæðar og hafa þannig getu til að fara inn í jafningjasamband. Þær geta yfirgefið sambönd vegna þess að þær eru fjárhagslega og félagslega sjálfstæðar. Þær eru ógrandi, því þær hafa vald. Kynjakerfið gerir ráð fyrir því að konur verði ástfangnar af jafningjum sínum eða einhverjum sem eru eldri eða ofar í stigveldinu. Þetta er hins vegar að breytast og þær hafa fæstar áhuga á eldri mönnum, en hins vegar virðast þær opnari fyrir yngri mönnum, ekki síst vegna þess að þær eru allajafna jafnréttissinnaðri og tilfinningalega opnari að þeirra mati."

Skekkja á markaði

Berglind segir ákveðna skekkju svo á markaðnum, sem er þegar lítill,

því að „framakarlarinn“ á sama aldri séu margir að reyna að ná sér í yngri konur þegar þeir koma aftur á markaðinn, en karlar sem séu yngri en þær séu miklu opnari fyrir öllum aldri.

„Þær hafa allar upplifað talsverð vonbrigði á þessum vettvangi og lært að verja sig ástararðráni," segir Berglind og segir að þær geri það, til dæmis, með því að auka hæfni sína í að aðgreina milli kynlífs og ástar og að taka ekki upp sambúð. Hún segir að stöðunni á markaðinum megi lýsa með einu orði og það sé „regluslökun“, sem birtist meðal annars í stöðugum breytingum á sambandssamningum, sem skapi ákveðið óöryggi, en um leið frelsi til að skilgreina tilfinningar sínar upp á nýtt.



Kynjakerfið gerir ráð fyrir því að konur verði ástfangnar af jafningjum sínum eða einhverjum sem eru eldri eða ofar í stigveldinu.

„Fólk er stöðugt að þreifa sig áfram í samningaleit, eins og í atvinnuviðtali eða í þarfagreiningu."

Hún segir að þetta hafi aukist sérstaklega með tilkomu forrita eins og Tinder, á meðan áður hafi fólk hist og komist að því saman hvort það ætti saman og svo skildu leiðir.

„Það sem er augljóst er að frádræg tengsl eru orðin norm. Það þýðir að þú ferð inn í einhver tengsl, en þú gerir óbeint ráð fyrir því að þeim ljúki. Traustið á því að eitthvað vari, það hefur minnkað gríðarlega. Það er kannski ekki skrítið ef lítið er til skilnaðartíðni og lengdar sambanda. Tölfræðilega er landslagið breytt og þessar framakonur eru fráskildar og þar af leiðandi ekki barnungar og upplifa þessar breyt-



Það er áhugavert að skoða konur sem standa svo sterkt. Eru fjárhagslega sjálfstæðar og hafa þannig getu til að fara inn í jafningja-samband.

ingar á markaðnum frá því að þær hófu síðasta samband og þar til nú. Það var ekki einu sinni til farsími þegar þær voru um tvítugt, tæki sem gegnir nú gríðarlegu hlutverki í tilhugalífni. Allt þetta sjónræna og textasmíðin og markaðssetningin. Markaðsvæðing ástarinnar hefur magnast gífurlega.“

Berglind Rós segir að viðmiðin séu á öllum sviðum ástarinnar orðin ólík því sem þau voru. Bæði hjá þeim sem eru einhleyp og í leit, en líka fyrir þau sem eru í sambandi, því skilnaðartíðni hafi aukist og það sé samhlíða breyttum gildum í samfélaginu.

„Það skildi enginn fyrir 40 til 50 árum nema það væri aðkallandi og skýr ástæða fyrir því, eins og alkóhólismi eða ofbeldi eða svik. En núna er einfaldlega nóg að missa áhugann eða einfaldlega lýsa breyttum tilfinningum eða þörfum,“ segir Berglind.

Margar mótsagnir á markaði

Hún segir að í þessu séu svo margar mótsagnir, því að þegar fólk er svo

komið aftur á markaðinn, sem er svo opinn og fjölbreyttur, þá sé svo erfitt, þrátt fyrir allt framboðið, sítenginguna og sýnileikann, að finna nánd og sterkar tilfinningar.

„Sem þú hrifst af og verður ástfangin af. Það þarf svo margt að fara saman svo það myndist einhver harmónía hjá fólki. Þetta eru jafnframt kröfuharðar konur sem sætta sig ekki við hvað sem er,“ segir Berglind, en að þetta sé á sama tíma í mótsöðu við þá kröfu sem við höfum, um að ástarjátning feli í sér að maður hafi sérstöðu.

„Við viljum vera sérstök og að viðkomandi verði ástfanginn af okkur því við erum svo sérstök, en svo á sama tíma segjum við að það sé svo auðvelt að finna einhvern nýjan og verða ástfangin. Hver er þá sérstaðan?“

Ástin ekki í hversdeginum

Berglind segir að hún hafi séð það hjá framakonunum að þær hafi reynt eftir fremsta megni að aðgreina ástina frá hversdeginum.

„Konurnar eru flestar með börn, í krefjandi starfi og vilja fá smá krydd. Fara í ferðalög, njóta fría og augnablika og þær vilja ekkert endilega blanda lífinu með nýja makanum og börnunum saman, eða hversdeginum. Rómantíska ástin er upphafin og hversdagurinn er þannig andstaða við hana,“ segir Berglind og að þetta sé dæmi um nýja gerð af samningum í ástinni, þar sem það er vel skilgreint hvar og hvenær fólk hittist og við hvaða aðstæður.


„Það er skýrt og stýrt skipulag, alltaf gaman og alltaf þegar þeim hentar,“ segir Berglind.



Hún segir að afleiðingarnar af óöruggi á markaði ástarinnar séu að konurnar leggi meiri áherslu á vintengsl og tengsl við börn sín, og svo annars konar samninga með fyrirvörum og skilyrðum, og segir að í samræmi við það sé það algengara að fólk gangi inn í svokölluð tímabönd [e. situation-ship] þar sem fólk ákveður að vera saman í afmarkaðan tíma, þar til annar fer, eða einhverju tímabili lýkur.

„Þær eru í aðstöðu til að setja fram þessar kröfur,“ segir Berglind og að konurnar séu meðvitaðar um að þær séu ekki endilega í leit að sálufélaga og að þessi nýi maki eða félagi sem þær leita að, þurfi ekki að uppfylla allar þeirra kröfur. Þær eigi vinkonur, ættingja og börn sem uppfylli stóran hluta þeirra. Rómansinn og kynlífíð er því í forgrunni í hinum nýju samböndum og á þeirra forsendum. Þær eru mun meiri gerendur í að móta líf sitt, bæði einka- og vinnulíf, en jafnöldur þeirra fyrir 30 árum, þegar Anna Guðrún þróaði hugmyndina um ástarkraftinn.

„Hin skýru skilyrði koma þó líka til af því að þeim líður eins og þær hafi gengið á ástarkrafta sína í fyrri samböndum og til lengri tíma fengið of lítið til baka,“ þannig að þær eru með varann á sér, segir Berglind. Eins séu þær enn að veita börnunum sínum svo mikið af þessum krafti og forgangsraði þeim framar, því þær finni að hann sé ekki ótakmarkaður á þessum tímamarki í lífi þeirra. ■



Konurnar eru flestar með börn, í krefjandi starfi og vilja fá smá krydd. Fara í ferðalög, njóta fría og augnablika og vilja ekkert endilega blanda lífinu með nýja makanum og börnunum saman, eða hversdeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Við óskum Þykkvabæjar til hamingju með nýja bílinn

IGLOOCAR
YFIRBYGGINGAR

PALFINGER



-allt til flutninga

G.SKAPTASON EHF.

Klettagarðar 12, 104 Reykjavík, s. 481 1020 - www.gson.is

Eivør Pálsdóttir var ekki nema 13 ára gömul þegar hún byrjaði að spila á dansleikjum. Þá þurfti hún að hafa mömmu sína með til að fá inngöngu. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og nýverið gaf hún út plötu í miðjum heimsfaraldri og hélt 100 þúsund manna tónleika í streymi, án þess að ná að greiða sér almennilega.

Færeyska tónlistarkonan Eivør Pálsdóttir nýtur þess að hafa nóg að gera. Hún hefur nýlokið tónleikaferðalagi um Evrópu þar sem hún fylgdi eftir nýrri plötu sem kom út á síðasta ári, og í byrjun nóvember hlaut hún Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir yfirgripsmikið framlag sitt til norrænnar tónlistarsenu og færæyskrar tónlistar og tungu. Í byrjun desember slær hún síðan upp árlegum jólatónleikum hér á landi. Nýja árið hefst svo með tónleikaferð um Bandaríkin.

Það stafar fyrirhafnarlaus stjórnuljómi af færæysku tónlistarkonunni Eivöru Pálsdóttur, þegar hún mætir blaðamanni á kaffihúsi á vindasömu vetrarkvöldi í miðbæ Reykjavíkur. Hún er klædd í síða svarta kápu og heldur á stórum poka úr flottri tiskuverslun, og minnir svolítið á gullaldarstjörnu frá Hollywood. Það er stutt í hláturinn og hún fórnar höndum, spurð út í jólatónlist og Færejar.



Fyrir mér er aðalmálið það að koma fram, en tónlistin breytist, fer á flug og fær vængi þegar maður spilar.

Færeyska tónleikahefðin ung

„Það er alls ekki jólatónlistarsena í Færejum. Ég hef heldur aldrei gefið út jólaplötu, en hef verið gestur á alls konar jólatengdum tónleikum á Íslandi,“ segir hún. Eivør segist nýta þannig tækifærið til að heimsækja íslenska vini.

„Í Færejum er stór kántri-sena. Hún er mikið til fyrir fólk sem situr heima í stofu úti á landi og vill bara heyra þannig tónlist. En svo er líka stór neðanjarðartónlistarsena. Þar er fullt af flottu ungu tónlistarfólki sem er að gera spennandi hluti, en synd að ekki sé mikill vettvangur fyrir það. Annað hvort er í boði risastórt flott tónlistarhús, eða einhver þínulitill staður.“ Eivør segir að þar þurfi að brúa bilið, en þó sé þróunin í rétta átt.

„Þegar ég byrjaði var ekki hægt að spila tónleika neins staðar. Ég byrjaði að spila í böndum þegar ég var 13 ára og einu tækifærin snerust um að spila á dansleikjum. Fólk fór eiginlega ekki á tónleika. Ég var þannig alltaf að spila fyrir dansi og þurfti að hafa mömmu með, ég var svo ung og ég mátti ekki vera þarna.“ Hún segir að færæyska tónleikahefðin hafi með árunum þróast og síðan náð út fyrir böllin. Fyrst um sinn hafi nokkrir gestir hreiðrað um sig nær sviðinu til þess að hlusta, en síðan hafi þeim farið fjölgandi. Og nú sé komin sena.

„Ég byrjaði að spila með bandi sem heitir Clickhaze upp úr 1999. Þetta var hópur tónlistarunnenda sem höfðu ástríðu gagnvart tónlist, af því tagi sem ég gat tengt við.“

Í framhaldinu stofnaði hópurinn tónlistarklúbbin GRÖT, sem stóð fyrir litlum tónleikum.

„Fljótlega stækkaði þetta og varð að samfélagi tónlistarunnenda og



Eivør sneri sér að lagasmíðum og tónleikahaldi í streymi þegar Covid-19 faraldurinn skall á, og fékk algjört sjokk yfir þeim gríðarlega fjölda sem fylgdist með.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Ég mála þegar ég er ekki að ferðast. Það er þessi löngun til að skapa eitthvað, ég verð þínu klikkuð ef ég næ ekki að losa um þessar tilfinningar.

Listamenn þurfa að vera smá egóistar



Nina Richter
ninarichter@frettabladid.is

tónlistarsenan fór að blómstra fyrir alvöru.“ Hún bætir við að margt hafi gerst í tónlistarsenu Færeya síðustu 20 árin.

„Í dag eru Færeyingar mjög áhugasamir um alls konar tónleikahald og það gleður mig rosalega mikið.“

Streymi fyrir 100 þúsund manns

Eivør er útsjónarsöm og fann nýja fleti á tónlistarferlinum þegar hún gaf út plötuna Segl, í miðjum heimsfaraldri. „Fyrir mér er aðalmálið það að koma fram, en tónlistin breytist, fer á flug og fær vængi þegar maður spilar.“ Hún var þó snögg að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Hún hélt röð smærri útgáfutónleika í Norræna húsinu í Færejum, hljóðritaði

og gaf út á plötu, og gat þannig fært hlustendum tónleikaupplifunina, að einhverju leyti, heim í stofu.

Hún hefur á seinni árum tekið tæknina og samfélagsmiðla í sátt. „En það er heilmikil vinna sem fylgir þessu. Fyrir nokkrum árum hafði ég alls ekki séð fyrir mér að ég gæti orðið þessi samfélagsmiðlatýpa. En svo hef ég reynt að læra aðeins inn á þetta og reynt að skipuleggja tímann. Það er auðvelt að vera alltaf í símanum, en ég reyni að slökkva inni á milli.“

Þetta var allt svo skrátið, þegar öllum tónleikum var aflýst.“

Eivør segist þá hafa snúið sér að lagasmíðum og tónleikum í streymi, að heiman. „100 þúsund manns horfðu á fyrsta streymið á

Youtube,“ segir hún og hlær. „Ég var í algjöru sjokki, ekki búin að greiða mér almennilega.“

En það var magnað að upplifa hvernig heimurinn leitaði leiða til að tengjast og koma saman.“

Allt í einu kemur kaos

Hún segir síðustu tvö ár hafa verið krefjandi. „Ég fékk engar tekjur og maður þurfti bara að bjarga sér.“ Hún bætir síðan við að hún hafi málað mjög mikið og segist nota myndlistina til að fá útrás fyrir sköpunargleðina. „Ég mála þegar ég er ekki að ferðast. Það er þessi löngun til að skapa eitthvað, ég verð þínu klikkuð ef ég næ ekki að losa um þessar tilfinningar.“

Hún ítrekar þó að hún hafi »

Bækur á svörtum afslætti

Skemmtileg, spennandi og fræðandi tilboð.



30%
afsláttur

Gengið til rjúpna
6.999 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.




31%
afsláttur

Úti
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




31%
afsláttur

Þú sérð mig ekki
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



31%
afsláttur

Kolbeinsey
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



31%
afsláttur

Lok, lok og læs
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



30%
afsláttur

Ótemjur
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.



31%
afsláttur

Læknirinn í Engla Verksmíðjunni
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



31%
afsláttur

Guðni á ferð og flugi
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



31%
afsláttur

Allir fuglar fljúga í ljósið
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

» meðvitað valið tónlistina fram yfir myndlistina. „Maður getur ekki gefið sig allan í bæði. En ef ég finn tíma, þá mála ég.“ Hún útilokar ekki að halda málverkasýningu og bætir við: „Ég er örugglega komin með nóg af málverkum í það.“

Ég sæk alltaf í kyrrðina og náttúruna, og að vera ein með sjálfri mér. Það hjálpar mér að endurstilla mig og fá yfirsýn.“

Hún nefnir í því samhengi bústað í Færeyjum. „Hann er aðeins í burtu frá öllu, rétt við sjóinn. Þar er ekkert að gerast, engin búð og ekki neitt.“

Hún sækir kyrrðina líka í hugleiðslu og segir áhugann alltaf hafa verið til staðar, en fyrir ári síðan hafi hún byrjað fyrir alvöru. „Ég fann að ég þurfti að róa hugann. Ég er alltaf með svo margt í gangi og mikið af pælingum. Mér finnst gaman að gera alls konar! Svo allt í einu kemur kaos, og þá þarf ég þessa ró, þannig að ég geti fengið aftur þessa orku.“

Hún segist nota TM-hugleiðslu-aðferðina, sem er skammstöfun á enska heitinu Transcendental Meditation. „Ég var búin að heyra af þessu frá mörgum í listasenuinni, þetta er svona David Lynch-hugleiðslan,“ segir hún og glottir. „Hann er til dæmis að kenna þetta. Þessi hugleiðsla er mjög einföld og það er hægt að gera hana alls staðar og hvenær sem er.“

Margir metalhausar að hlusta

Eivör ítrekar mikilvægi þess að fara eigin leiðir. „Það er auðvelt að brenna út ef maður nær ekki listina. Mikilvægt að halda fast í það að gera það sem mann langar að gera. Listamenn þurfa að vera smá egóistar, maður þarf bara að skapa. Maður er kannski með einhverja hugmynd sem mann langar að gera og kveikja lífi, en um leið og maður fer að reyna að gera þetta fyrir einhvern annan, þá missir maður stöffið.“

Þetta er eitthvað sem er mjög mikilvægt í listinni, maður þarf að vera sannur. Ég skapa alltaf það sem mig langar að heyra. Svo er fólk ekki alltaf sammála því,“ segir hún glettin.

Eivör hefur drepit niður fæti í alls konar tónlistarstefnum og má þar nefna djass, klassíska tónlist og elektrónískt popp. Þó hefur hún alltaf haldið fast í þjóðlagataugina

”

Alls konar fólk er að hlusta; krakkar, gotharar og svo eldri borgarar. Og það er svo mikið af metalhausum á tónleikum úti í heimi.

og segir hlustendahópin því æði fjölbreyttan: „Alls konar fólk er að hlusta; krakkar, gotharar og svo eldri borgarar. Og það er svo mikið af metalhausum á tónleikum úti í heimi.“

Og það er sterk tenging við mál-tónlistarsenu á nýjustu plötu Eivarar. Norski tónlistarmaðurinn Einar Selvik á með henni lag á nýju plötunni, en hann er fyrrverandi meðlimur svartmálms-bandsins Gorgoroth, auk þess að fara fyrir hinu geysivinsæla þjóðlagabandi Wardruna, sem treður upp í Hörpu seinna á þessu ári. Þá hefur hann einnig samið tónlist fyrir sjónvarpsþættina Vikings.

Þau Eivör eiga því kvikmyndatónlistina sameiginlega, en hún samdi til dæmis tónlist fyrir sjónvarpsþættina The Last Kingdom. „Ég hef mikið verið að vinna í kvikmyndatónlist undanfarin ár. Það er ákveðin stemning þar sem hefur haft áhrif á hvernig ég þæli í minni tónlist. Allt sem maður fer í gegnum, á þessari ferð, hefur haft einhver áhrif á hvernig næsta verkefni verður.“

Hún segir hljóðheim kvikmyndatónlistarinnar þannig heyrast á nýjustu plötunni: „Heimurinn sem ég er í núna er svolítið mikið í elektróník. En svo þarf ég alltaf að fara í lífrænu hliðina líka. Mér finnst alltaf gott að finna jafnvægi á milli þess



Eivör hefur drepit niður fæti í alls konar tónlistarstefnum og má þar nefna djass, klassíska tónlist og elektrónískt popp.

sem er alveg forritað og þess sem er spilað.

Stundum hef ég fengið mikinn innblástur úr öðrum listformum, frá málverkum en líka bíómyndum. Það er stundum eins og listaverkið þekki mann, og kveiki í manni tilfinningu.“

Heppin og þakklát

Aðspurð segir Eivör #MeToo-hreyfinguna mikilvæga í tónlistarbransanum, og nefnir í því samhengi viðhorf til kvenna í tónlist. „Það er oft eins og fólk haldi að vegna þess að ég sé kona, þá semji ég ekkert sjálf og pródúseri ekkert. En það er aðeins að breytast, fólk er að þæla meira í þessu.“ Hún segist þó sakna þess að sjá ekki fleiri konur í tónlist: „EKKI bara söngkonur heldur líka pródúsentar, trommuleikarar og bassaleikarar.“

Ég hef kannski verið heppin. Ég hef alltaf unnið með karlmönnum sem hafa borið virðingu fyrir því sem ég er að gera.“ Hún ítrekar þó að í stærra samhenginu halli á konur.

„Ég sá að Björk talaði um í viðtali að stelpur þyrftu að segja allt tíu sinnum sem körlum nægði að segja

”

Ég hef kannski verið heppin. Ég hef alltaf unnið með karlmönnum sem hafa borið virðingu fyrir því sem ég er að gera.

einu sinni. Þá fór ég að þæla svolítið mikið í þessu, og að þetta væri rétt hjá henni. En maður er bara svo vanur ástandinu.“

Spennir og spengir upp lögin

Eivör heldur í tónleikaferð um Bandaríkin eftir áramót. „Ég er að fara á fyrsta headline-túrinn minn í Ameríku, það er mjög spennandi.

Ég er búin að taka eitt og eitt gígg í Bandaríkjunum en hef aldrei tekið heilan túr, svona einn og hálfan mánuð. En ég er góð í að vera á tónleikaferðalagi, mér finnst gaman að komast í flæði frá einum tónleikum til þeirra næstu. Mér finnst gaman að spila lögin oft, þar er eins og maður spenni þau og spengi upp og þá kemur eitthvað nýtt.“ Hún bætir síðan við: „Svo er auðvitað spennandi að hitta hlustendur.“

Jólatónleikarnir verða í Eldborg 5. desember. Þar hyggst Eivör taka blöndu af lögum frá ferlinum í bland við jólatónlist: „Ég kem með bandið mitt og nokkra leynigesti, ég get auðvitað ekki sagt frá því hverjir þeir eru. En bandið er svona fjölskyldan á tónleikaferðalaginu. Þetta eru allt strákar frá Færeyjum, en ég er til dæmis búin að spila með Mikael, bassaleikaranum mínum, í 23 ár. Trommuleikarinn og píanistinn eru svo nýjasta viðbótin í hópinn.“

Hún ítrekar í lokin þakklæti til tónleikagesta og addáenda, og segir að ekkert sé sjálfsagt. „Ég er alltaf mjög þakklát, tek því ekki sem gefnu. Það er gott að fólk nenni að hanga með mér í þessari brjáluðu ferð,“ segir hún og brosir. ■

idealcombi



Betri gluggar - betri heimili

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

IDEX

Víkurbær 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

www.idex.is



Ó REYKJAVÍK

Ó REYKJAVÍK!



1.
Metsölulisti
Eymundsson
Handbækur
Fræðibækur
Evisögur

NÝJA REYKJAVÍK eftir Dag B. Eggertsson

Glæsileg og upplýsandi bók um umbreytingar á ungri borg. Hvað gerðist á bak við tjöldin? Kostulegar upptakomur. Metnaðarfullar hugmyndir sem enn liggja í loftinu og hafa verið á fárra vitorði. Nýjar upplýsingar úr innsta hring. Bók sem á köflum er eins og reyfari eða spennusaga!



Jólabókaflóðið er fyrir löngu orðið einn af föstum liðum adventunnar, en eins og svo margt annað hefur það farið fram í skugga heimsfaraldurs undanfarin tvö ár. Fréttablaðið leitaði til þriggja sérfræðinga innan bókmenntaheimsins til að ná utan um þetta merkilega fyrirbæri.

Jólabókaflóðið stendur nú í hæstu hæðum en þetta séríslenska bókmenntafyrirbæri á sér langa sögu sem teygir sig aftur til efnahagskreppu eftirstriðsáranna og hefur staðið af sér tæknibreytingar og tiskustrauma í rúm 75 ár.

Í Bókatiðindum þessa árs er uppruni jólabókaflóðsins reifaður í innangi eftir Heiðar Inga Svansson, formann Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT).

„Þá hefð að gefa bækur til jólagjafa má rekja til árána eftir síðari heimsstyrjöld og eftir að hafa fengið sjálfstæði okkar frá Dönnum árið 1944. Fyrstu ár nýfengins sjálfstæðis voru því ekki auðveld fyrir hið unga lýðveldi sem stóð nú frammi fyrir afar flóknum og krefjandi aðstæðum. Þá dugði ekki að gripa til neinna vettlingataka þannig að efnahagsástandið færi ekki úr böndunum.“

Settir voru á víðtækir kvótar og innflutningsbönn á ýmsar erlendar vörur, sem takmarkaði mjög úrval á gjafavöru. Pappír var hins vegar utan þessara hafta og jókst því mjög prentun íslenskra bóka, sem urðu vinsælar í jólapakkann.

Flóðið aldrei fjölbreyttara

Heiðar Ingi segir jólabókaflóðið 2021 fara mjög vel af stað miðað við fyrri ár, titlum hafi fjölgað og úrvalið sé fjölbreytt sem aldrei fyrr.

„Útgefnum bókum heldur áfram að fjölga samkvæmt fjölda skráðra titla í Bókatiðindum ársins 2021 og úrvalið hefur sjaldan eða aldrei verið fjölbreyttara. Um er að ræða umtalsverða fjölgun frá því í fyrra en aldrei fyrr hafa jafn margar nýjar raf- og hljóðbækur komið út. Útgáfa nýrra íslenskra skáldverka er líka í sögulegu hámarki en einnig fjölga útgáfu ungmennabóka, þýðdra skáldverka og fræðibóka.“


Samkvæmt tölum frá FÍBÚT er fjöldi skráðra titla í ár 985, sem er aukning upp á 122 bækur frá því í fyrra, samanborið við 861 árið 2020. Þó skal hafa í huga að þetta er ekki tæmandi listi um heildarútgáfu allra bóka á árinu og er ekki gerður greinarmunur á frum- og endurútgáfum.



Þorvaldur S. Helgason
tsh@frettabladid.is

Bókin er lífseigasta formið

Fjöldi skráðra bókatitla frá Félagi íslenskra bókaútgefenda



Margrét Jóna Guðbergsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum Eymundsson, er sammála Heiðari Inga um að jólabókaflóðið fari vel af stað.

„Við erum svona á svipuðu róli og í fyrra, nema það er minni sala í skáldverkunum. Það var líka mjög sterk útgáfa í fyrra. En árið 2020 var líka kannski svolítið skrytið, fólk var mjög mikið heima og var kannski að panta eða kaupa bækur til að lesa sjálf.“ segir hún.

Covid mögulega kjöraðstæður

Að sögn Margrétar Jónu gekk jólabókaflóðið 2020 vonum frammar, en athyglisvert er að samkomutakmarkanir og heimsfaraldur höfðu síður en svo neikvæð áhrif á bók-sölu.

„Jólabókaflóðið í fyrra var mjög gott og mun betra heldur en árin þar á

undan. Bóksalan var mjög góð. Það eru alls konar breytur í þessu, fólk var til dæmis ekki að fara til útlanda og var að kaupa jólagjafir hérna heima.“ segir hún.

Spurður hvort áhrif Covid hafi verið mildari við bókmenntir heldur en aðrar listgreinar segir Heiðar Ingi:

„Kannski eru þetta búnar að vera að einhverju leyti kjöraðstæður fyrir rithöfunda, að skrifa í betra næði og einveru. En þetta ár í fyrra var að mörgu leyti líka mjög erfitt. Bókabúðir voru náttúrlega lokaðar að hluta til og sala á nýjum kiljum í Leifsstöð hrundi og hefur ekki náð sér upp aftur nema að hluta til. En á móti þessu kemur svo mikil aukning í sölu og hlustun á hljóðbækur.“

Bókin er eins og kakkalakki

Sverrir Norland er eins konar kameljón þegar kemur að bókmenntum, en hann starfar jöfnum höndum sem rithöfundur, útgefandi, gagnrýnandi og fyrirlesari. Sverrir hefur sjálfur þurft að fresta ýmsum viðburðum í tengslum við útgáfur sínar, en forlagið hans, AM Forlag, sendi nýlega frá sér þrjár þýddar barnabækur, Heimili, Kva es þak? og Stysti dagurinn eftir Carson Ellis, auk myndasögunnar Eldhugar: Konurnar sem gerðu aðeins það sem þær vildu, eftir Pénélope Bagieu.

„Það átti að vera bókamessa núna í Hörpu. Henni var frestað og sem



Bókin virðist vera eins og kakkalakki, lífseigasta formið, stendur allt af sér í kjarnorkusprengringu tækninnar.


Sverrir Norland



Margrét Jóna Guðbergsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum



Sverrir Norland rithöfundur



Heiðar Ingi Svansson, formaður FÍBÚT

lítill útgefandi sel ég alltaf svolítið á svona viðburðum, þannig að það var mjög leiðinlegt. Sumir af fyrirlestrunum sem ég átti að vera með hafa frestast og viðburðir í kringum útgáfuna okkar. Allt þetta hefur svolítið áhrif, þannig að ég er orðinn ansi þreyttur á þessu. Þegar ríkisstarfsmenn taka ákvarðanir um að setja samkomutakmarkanir, þá kannski í sinni búblu átta þeir sig ekki alveg á því, en þetta snertir menninguna mjög mikið.“ segir Sverrir.

Spurður hvort hann telji að jólabókaflóðið muni halda velli í skugga efnahagsþrengringa og minnkandi bóklesturs, segist Sverrir vera þreyttur á svartsýnis-spám og kys sjálfur að sporna við þeim með jákvæðri orku.

„Það er magnað hversu margir lesa, hugsa, hafa áhuga á bókum. Ég hef aldrei hitt neinn sem er ekki forvitinn, sem langar ekki að kynnast nýjum hugmyndum, sögum. Bókin virðist vera eins og kakkalakki, lífseigasta formið, stendur allt af sér í kjarnorkusprengringu tækninnar. Það er einfaldlega ekki hægt að betrumbæta hana eða færa lestrarupplifunina, svo að vel sé, yfir á annað form.“

Þess vegna mun bókin lifa. En það þarf að venja yngra fólk á þennan lúxus, sem er að gefa sér tíma til að lesa. Sá sem situr einhvers staðar í símanum sínum virkar einhvern veginn ekki frjáls á mig, en sá sem er að lesa bók kys að verja tíma með sjálfum sér og hugsunum höfundarins. Það er svo fallett. Ég trúi á þetta, þessa tengingu. Hún mun lifa.“ ■




Þá hefð að gefa bækur til jólagjafa má rekja til árána eftir síðari heimsstyrjöld og eftir að hafa fengið sjálfstæði okkar frá Dönnum árið 1944.

Heiðar Ingi Svansson



Jólabókaflóðið í fyrra var mjög gott og mun betra heldur en árin þar á undan. Bóksalan var mjög góð.

Margrét Jóna Guðbergsdóttir





FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 27. nóvember 2021

KYNNINGARBLAÐ



Encanto býr til einstaka jólagleði í litadýró. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Salka Sól raddar Mirabel í Encanto

elin@frettabladid.is

Jólamynd Disney, Encanto, var frumsýnd um allan heim á miðvikudag. Mikil tilhlökkun hefur verið eftir myndinni, enda þykir hún einstaklega fallega gerð. Myndin er tölvugerð teiknimynd og er sextugasta teiknimyndin úr smiðju Walt Disney í fullri lengd. Aðstandendur myndarinnar komu saman fyrr í þessum mánuði til að sjá myndina, en leikarar sem ljá persónum raddir sínar voru að hittast í fyrsta sinn. Allir þurftu að vera bólusettir og sýna nýtt neikvætt Covid-próf.

Höfundar tónlistar í myndinni eru margverðlaunaðir, Lin-Manuel Miranda og Germaine Franco, sem er fyrsta kventónskáldið til að gera tónlist við Disney-mynd. Myndin gerist í Kólumbíu og fjallar um óvenjulega fjölskyldu sem býr á töfrandi stað sem nefnist Encanto. Hvert einasta barn sem þar fæðist býr yfir ofurkrafti nema eitt, Mirabel.

Tólf íslenskir leikarar

Salka Sól talar fyrir Mirabel í íslensku útgáfunni en í þeirri ensku er það Stephanie Beatriz. Hún er hvað þekktust fyrir leik sinni í Brooklyn Nine-Nine. Alls fara tólf íslenskir leikarar með talhlutverk í myndinni.

Myndin hefur fengið góða gagnrýni og öll smáatriði þykja stórkostleg. Litadýró og líflegt dýralíf gleður áhorfendur. Myndin ætti því að heilla yngri sem eldri um jónin. ■



Hjá Birgisson er mikið úrval af glæsilegum gólfefnum, jafnt parketi sem flísum. Öll gólfefni og hurðir eru á tilboðinu um helgina.

MYND/BIRGISSON

Aðventutilboð hjá Birgisson

Það er mikið um að vera hjá Birgisson þessa dagana. Boðið er upp á góðan afslátt og fría heimsendingu um land allt. Nú er rétti tíminn til að fjárfesta í parketi, flísum og hurðum. **2**




Að sögn Þórarins Gunnars Birgissonar, framkvæmdastjóra Birgisson, verður mikið um að vera um helgina. „Aðventutilboð verður í gangi fram á mánudag þar sem við bjóðum 20% afslátt af parketi, flísum og hurðum og 40% afslátt af öllu undirlagi, listum og fylgihlutum,“ segir Þórarinn. „Að auki ætlum við að bjóða upp á fría heimsendingu um allt land eða á næstu stöð Flytjanda,“ segir Þórarinn og bætir við að sendingarkostnaður á vörum út á land geti verið mikill. „Með þessu viljum við koma til móts við viðskiptavini okkar á landsbyggðinni. Hægt er að fá sendar prufur út á land og afsláttur fæst gegn því að staðfesta þöntunina.“

Umhverfsvottaðar vörur

Þórarinn segir að verslunin sé stútfull af nýjum og glæsilegum vörum. „Við erum með góða og aðgengilega netsíðu. Ef fólk vill frekari upplýsingar er hægt að hringja eða hafa samband við okkur í gegnum birgisson@birgisson.is. Hjá Birgisson er eitthvert mesta úrval landsins af parketi frá viðurkenndum framleiðendum sem hafa verið hér á markaði í langan tíma.“

Við höfum lagt áherslu á að hafa allar okkar vörur umhverfsvottaðar og höfum tekið þátt í verkefnum varðandi það. Við reynum að leggja okkar af mörkum í að minnka kolefnisspor fyrirtækisins, þetta gerum við meðal annars með flokkun á úrgangi og með því að koma öllu okkar plasti í endurvinnslu hjá Pure North Recycling í Hveragerði,“ segir Þórarinn.



Í verslun Birgisson í Ármúla er hægt að skoða úrvalið af parketi og flísum.

Hjá Birgisson er eitthvert mesta úrval landsins af parketi frá viðurkenndum framleiðendum sem hafa verið hér á markaði í langan tíma.

Þórarinn Gunnar Birgisson

„Við finnum vel fyrir auknum kröfum um að vörur og framleiðsla séu umhverfsvænar. Allt okkar harðparket er vottað með bláa englinum og viðarparketið er Svansvottað,“ segir hann. „Umhverfismál eru í brennidepli í allri okkar vinnslu. Við höfum sömuleiðis lagt ríka áherslu á gott, hljóðdempandi undirlag undir gólfefni. Nýbreytni hjá okkur í þeim efnum

er umhverfsvottað framleiðsla á undirlagi.“

Gæðavörur og þjónusta

Starfsmenn Birgisson eru stoltir af því að tilheyra þeim 2% fyrirtækja hárlands sem eru Framúrskarandi fyrirtæki, samkvæmt greiningu Creditinfo, en fyrirtækið hefur verið í þeim flokki síðan árið 2016. Auk þess hefur Birgisson verið á lista Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri, frá árinu 2017.

Hjá Birgisson er fagmennskan í fyrirrúmi, mikil þekking og reynsla. Verslunin er sérhæfð í sölu á gólfefnum og hurðum. Birgisson er í Ármúla 8. Sími: 516 0600. Netfang: birgisson@birgisson.is. Sjá nánar á birgisson.is.



Hvítuð eik frá Kährs og fallegt parket með sildar-beinamunstri.



Badherberið er hannað af Berglindi Berndsen. Flísategundin er Maps of Cerim hvítar.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf. Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

AÐVENTU TILBOÐ

FÖSTUDAG - MÁNUDAGS

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU PARKETI, FLÍSUM OG
HURÐUM

40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU UNDIRLAGI, LISTUM
OG FYLGIHUTUM

FRÍ HEIMSENDING
UM LAND ALLT*

Gildir aðeins 27.-30. nóv.
með því að hringja og panta eða
senda tölvupóst á okkur.

Sími 516 0600
Netfang: birgisson@birgisson.is

*Á dreifingarstöðvar Flytjanda á
landsbyggðinni.





Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

TRI

CUBE



CASTELLI

TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN

CUBE GRAFHJÓL

Cyber Monday

WWW.TRI.IS



CUBE GRAVEL

DT SWISS

DT SWISS

TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 571-8111 Netfang: info@tri.is



Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

Góð ráð fyrir Cyber Monday

Á Cyber Monday er hægt að fá nánast hvað sem er með afslætti og fyrir vikið er auðvelt að falla í freistni og fara fram úr sér. Þess vegna er mikilvægt að skipuleggja verslunina fyrir fram, eyða ekki meira en maður hefur efni á og vera á varðbergi gagnvart svindli.

oddurfreyr@frettabladid.is

Það er mikilvægt að muna að versla skynsamlega, þrátt fyrir öll freistandi tilboðin í kringum Cyber Monday. Það er auðvelt að kaupa óþarfa og sóa peningum og það er líka mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif kauphegðun manns hefur á umhverfið. Fjármálaráðgjafar fyrir tækið The Motley Fool tók saman nokkur góð ráð fyrir neytendur í tilefni dagsins.

Skipulag er lykilatriði

Það er gott að skipuleggja kaupin vel og gera lista yfir alla hlutina sem á að kaupa fyrir fram. Það er líka grundvallaratriði að ákveða fyrir fram hve miklu á að eyða og halda sig við þá upphæð. Þetta eru tvö bestu ráðin til að koma í veg fyrir að kostnaðurinn fari úr hófi fram.

Svo borgar sig líka að fylgjast vel með og grípa gæsina strax í dag eða á morgun, því margar verslanir byrja að bjóða upp á Cyber Monday tilboðin sín yfir helgina í stað þess að biða þangað til á mánudag. Það borgar sig ekki að biða, því þá gætu



Það er gott að skipuleggja verslunina vel og gera lista yfir alla hlutina sem á að kaupa fyrir fram. Það er líka grundvallaratriði að ákveða fyrir fram hve miklu á að eyða og halda sig við þá upphæð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

eins og traustir aðilar og passið ykkur á ótryggum vefverslunum. Aldrei slá inn kreditkortaupplýsingar á síðum sem bjóða ekki upp á öruggan greiðslumáta og varið ykkur sérstaklega á gylliboðum sem hljóma aðeins of vel.

Það borgar sig heldur ekki að versla með debetkorti á netinu, því það er meiri vernd gegn óleyfilegum úttektum á kreditkortum ef eitthvað fer úrskeiðis. En þegar kreditkortid er notað og það þarf ekki að hafa áhyggjur af því að greiða strax, verður líka auðveldara að eyða óvart um efni fram. Þess vegna er mjög gott að vera búinn að ákveða fyrir fram hvað á að eyða miklu.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að muna að halda áfram að passa sig á svindli eftir að kaupveislunni er lokið. Svindlarar gætu haft samband við fólk eftir Cyber Monday og þótt vera að hafa samband frá bönkum, greiðslukortafyrirtækjum eða verslunum til að fá nánari upplýsingar um nýleg viðskipti.

Ef það er einhver grunur um að mögulega séu óprúttir aðilar að hafa samband, er best að eiga engin samskipti við viðkomandi og hafa frekar beint samband við þann aðila sem þeir segjast vera fulltrúar fyrir. Þannig er hægt að ganga úr skugga um að það sé ekkert misjafnt á seyði. Ef það kemur í ljós að svindlarar hafi haft samband er gott að láta þann aðila sem þeir eru að þykjast vera, vita af því. ■

mest spennandi vörurnar sem eru á tilboði klárast.

Það er líka alltaf gott að hafa umhverfisáhrifin af neyslu sinni í huga, sérstaklega þegar það er verið að eyða meiru en venjulega. Munið hvað þið eigið nú þegar og forðist að safna hlutum sem er ekki þörf á og að kaupa hluti sem koma langt að sem er hægt að fá í nágrenninu, til að takmarka kolefnisfótspor neyslunnar.

Hugsið ykkur tvisvar um

Það er ekki gott að missa sig í

spenningnum yfir öllum góðu tilboðunum og mikilvægt að muna að það er hægt að fá næstum allt með afslætti á Cyber Monday. Það ætti því ekki að falla fyrir tilboðum á hlutum sem er ekki þörf fyrir. Þarna kemur innkaupalistinn góði að gagni.

Það borgar sig líka að huga að gildum fyrirtækjanna sem maður verslar við og velta fyrir sér hvort þau samræmist manns eigin gildum. Áður en þú pantar vörur skaltu því spyrja þig tveggja spurninga: „Myndi ég kaupa þetta

ef þetta væri ekki á útsölu?“ og „Myndi ég styðja þetta fyrirtæki með veskinu mínu ef það væri ekki að bjóða svona gott tilboð?“

Mikilvægt að hafa varann á

Það er alltaf mjög mikilvægt að passa sig á svindli þegar verslað er á netinu, og í kringum kaupsvallið sem fylgir Black Friday og Cyber Monday verður rosaleg aukning á alls kyns svindli, ekki síst í ár, þannig að það þarf að fara mjög varlega. Passið ykkur á fölsuðum vefsíðum sem eru látnar líta út

Jól í Húsinu á Eyrarbakka



Bókaupplestur, jólaævintýri, jólalög og jólasýning Hússins

Byggðasafn Árnesinga býður upp á notalega jólastemningu á aðventunni. Upplæstur rithöfundar og skálda, bókastund fyrir börn, jólaævintýri, hátíðleg jólalög og jólasýning Hússins. Jólaandinn verður á Eyrarbakka!

Skáldastund. Sunnudaginn 28. nóvember, klukkan 16:00, lesa höfundar úr nýútkomnum verkum sínum. Í ár heimsækja Húsið þau *Harpa Rún Kristjánsdóttir, Einar Már Guðmundsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Haukur Ingvarsson, Inga Kristjánsdóttir og Benedikt Jóhannsson.*

Bókastund fyrir börnin! Laugardaginn 4. desember, klukkan 15:00, koma Bergrún Íris Sævarsdóttir og Gunnar Helgason í skemmtilega heimsókn. Við lofum fjörugum upplestri og fræðandi spjalli um bækur, lestur og teikningar.

Hátíðleg jólastemning. Laugardaginn 11. desember, klukkan 13:00. *Sönghópurinn Lóurnar* mun syngja undurfögur jólalög og töfra fram sannkallaðan jólayl í hjörtum þeirra sem á hlýða.

Ævintýrið um Augastein. Jólaævintýrið dásamlega eftir Felix Bergsson verður aðgengilegt alla aðventuna á heimasíðu safnsins en jólasagan er í formi jóladagatala sem gaman er að sameinast um að fylgjast með á aðventunni. Sagan byggir á sögunum um sveinstaulana þrettán sem við þekkjum svo vel og í sögunni finnum við svarið við því af hverju börn hér á landi hafa mörg hver sett skó út í glugga rétt fyrir jól.

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga verður opin frá 13:00 – 17:00 helgarnar 27.-28. nóv., 4.-5. des. og 11.-12. des., aðgangur ókeypis. Á öðrum tímum er opið eftir samkomulagi.

Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 11–18 eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082 info@byggdasafn.is | www.byggdasafn.is



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**



Mögulega er hægt að gera góð kaup á ryksuguróbóta í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Góð kaup á rafrænum mánudegi

elin@frettabladid.is

Cyber Monday, eða rafrænn mánudagur, er í systkinahópi annarra slíkra tilboðsdaga í nóvember. Þessi dagur er mögulega síðasti tilboðsdagur fyrir jól. Tilboð Cyber Monday eru þegar farin að birtast í vefverslunum.

Þegar horft er til sögunnar hefur þessi dagur alltaf verið frábær til að kaupa ýmiss konar tæki, eins og snjalltæki og sömuleiðis gjafakort. Fólk þarf að bregðast hratt við bestu tilboðunum þar sem framboð er yfirleitt takmarkað. Þá er líka rétt að kynna sér verð fyrir fram og gera verðsamanburð. Rafrænn mánudagur er alltaf fyrsti mánudagur eftir svartan föstudag.

Eitt af bestu tilboðunum á síðasta ári, samkvæmt vefmiðlinum Insider, var til dæmis endurhlaðanlegur raftannbursti frá Philips. Hann kostaði upphaflega 29.999 krónur en var á 23.449 krónur á tilboði hjá vefversluninni kohls.com. Annað gott tilboð frá kohls.com reyndist vera FujiFilm Instax Mini myndavélapakki. Hann kostaði 15.750 krónur en var upphaflega á 18.340 krónur. Þá nefna þeir Keurig K-Supreme Single Serve, litla kaffivél, á 11.000 krónur, en hún var áður á 18.340 krónur.

» Meðal góðra tilboða núna benda þeir á ryksuguróbóta, Nintendo-tölvu, Air fryer-potta, þráðlausa hátalara, hljóðstöng fyrir sjónvarp, GoPro-myndavél og snjallúr.

Insider segir að þegar þeir völdu bestu tilboðin hafi þeir eingöngu skoðað vörur sem uppfylla gæðastandarda. Þeir skoðuðu heimasíður Amazon, Best Buy, Target og Walmart auk fleiri.

Meðal góðra tilboða núna benda þeir á ryksuguróbóta, Nintendo-tölvu, Air fryer-potta, þráðlausa hátalara, hljóðstöng fyrir sjónvarp, GoPro-myndavél og snjallúr.

Vegna þess hversu margir eru farnir að versla á netinu á svörtum föstudegi er ekki eins mikill munur á þessum degi og áður var. Bæði þessir dagar fara fram á netinu en tilboð á Black Friday eru líka í verslunum.

Rafrænn mánudagur hefst á miðnætti aðfaranótt mánudags og stendur í sólarhring. ■



ROBELL Nena09 gallabuxur
Fást líka í svörtu
Stærðir 36-52
Verð kr. 18.980



YEST Ornika treggings
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð kr. 6.980



YESTA Arah útvíðar buxur
Fást líka í Navybláu
Stærðir 44-60
Verð kr. 9.980



YEST/YESTA gallabuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-58
Verð kr. 11.980



ROBELL Mimi buxur
Stærðir 34-56
Verð kr. 13.980

yesta

yest

no^{secret}

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA



ROBELL Marie stretchbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 34-56
Verð kr. 6.980



ROBELL Chris gallabuxur
Stærðir 38-56
Verð kr. 17.980



ROBELL Bella09 stretchbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 34-56
Verð kr. 7.980



ROBELL Nena09 ökklabuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 34-52
Verð kr. 11.980



STUDIO gallabuxur
Stærðir 38-54
Verð kr. 15.980

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



ZHENZI Jazzy stretchbuxur
Fást í fleiri litum
Ásakór 4

203 Kópavogur

Falleg og vel skipulögð
4ra herb. íbúð á efstu
hæð í góðu lyftuhúsi

- Stórt og opið stofu og eldhúsrými, þrjú fin svefnherbergi, gott baðherbergi, sér þvottahús ásamt geymslu í sameign
- Stæði í bílageymslu.

Verð: **65,9 millj.**



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS

sunnudaginn
28. nóvember
kl. 15.00 - 15.30

Asparás 2

210 Garðabær

Falleg og björt 81,9
fm tveggja herbergja
endaíbúð á neðri hæð

- Séríngangur, Opíð rými, stofa/boðstofa.
- Úr stofu er gengið út á 32,7 fm afgirtan sérafnotarétt
- Geymslu innan íbúðar
- Góð bílastæði eru á lóð.
- Sérgeymsla í sameign

Verð: **59,9 millj.**



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



HAFIÐ SAMBAND
við Óskar í síma 691 1931



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Víkurbraut 17

230 Keflavík

Glæsileg 246 fm þakíbúð
á 2 hæðum á einum besta
stað í Reykjanesbæ.

- Einstaklega björt og falleg
- Stórbrotið útsýni
- Gólfslíðir gluggar að hluta.
- Tvennar svalir, þar af 102 fm þaksvaflir með snjóbræðslu og möguleika á heitum potti.
- Baðherbergi er á báðum hæðum. Hiti er í gólfum. Aukin lofthæð á efri hæð.
- Rúmgott stæði í bílageymslu.
- Afhent tilbúin undir tréverk

Verð: **110 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS

sunnudaginn
28. nóvember
kl. 13.00 - 13.30

Álfheimar 11a

104 Reykjavík

Mjög falleg 186,7 fm
efri sérhæð

- Mikið endurnýjuð
- Hægt er að byggja verönd eða rúmgóðar svalir út frá eldhúsi.
- Búið er að endurnýja skolp
- 22,4 bílskúr sem búið er að breyta í stúdíó-íbúð.

Verð: **94,9 millj.**



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma 695 5520



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Bankastræti 14

101 Reykjavík

2 og 3 hæðin í þessu
glæsilega húsi í
hjarta miðbæjarins

- Tvö fastanr sem bæði eru í langtímaútleigu
- Húsið endurnýjað að utan
- Vel innréttað að innan
- Góðar leiguteklar

Verð: **185 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



Verð: **92 millj.**



Fyrir
60 ára
og eldri

BÓKIÐ SKOÐUN
í síma: 616 1313

Eiðismýri 30

170 Seltjarnarnes

Björt og falleg 102 fm íbúð á 2. hæð

- Aðgengi er að þjónustu innan dyra og sameiginlegur frístundasalur
- Rúmgóð 3ja herbergja íbúð með yfirbyggðum svölum og rúmgóðum stofum
- Tvö svefnherbergi og geymsla 7,0 fm

Verð: **62,9 millj.**

Nánari upplýsingar: **Fríðrik Þ. Stefánsson** hd. og aðst. fasteignas. s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali sími: 822 2307



NÝTT Í SÖLU



BÓKIÐ SKOÐUN
í síma: 775 1515

Skálmarbær lóð 2

881 Skaftárhreppur

Fallegt ca 65 fm sumarhús
í Skaftárhreppi

- Tvö svefnherbergi og svefnloft
- Pallur er í kringum húsið ásamt aukapalli austan við húsið
- Geymsluskúr með rafmagni og þvottahúsi
- Gufubað og heitur pottur

Verð: **43,9 millj.**

Nánari upplýsingar: s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU



BÓKIÐ SKOÐUN
í síma: 691 1931

Fossatunga 20-22

270 Mosfellsbær

Glæsilegt og vel skipulagt 173,2 fm
parhús á einni hæð í byggingu

- Glæsilegt og bjart alrými með mikilli lofthæð og stórum 2,5 m háum gluggum.
- Þrjú rúmgóð svefnherbergi, fataherbergi, tvö baðherbergi
- Skilast á tilbúin til innréttinga. Afhending er sumar 2022.

Verð frá: **89,9 millj.**

Nánari upplýsingar: s. 691 1931 **Óskar H. Bjarnason** löggiltur fasteignasali



ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

afsláttur
60.000
krónur

SVARTUR FÖSTUDAGUR

Hvernig væri að skella sér á einn sjóðandi heitan?
SNORRALAUG, stærsti potturinn okkar, á sérstöku „Black Friday“ verði!

218.000 kr.

Verð áður 278.000 kr.
*Tilboði gildir aðeins þennan eina dag, föstudaginn 26. nóvember 2021.
NORMX
565 8899 - normx.is

Framlengjum tilboðið á Snorrallauginni út 28/11
Hægt að ganga frá kaupum á normx.is

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



Sigurlaug
124.500 kr.

Gvendarlaug
177.000 kr.

Grettislaug
239.000 kr.

Geirslaug
257.000 kr.

Unnarlaug
285.000 kr.

Snorrallaug
278.000 kr.

NORMX.IS

Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPÍÐ Í DAG LAUGARDAG, FRÁ KL. 12-14

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

25. - 29. nóvember

BLACK FRIDAY

20% AFSLÁTTUR

af Mosh Mosh,
Depeche, LaSalle
og Lofina

Gildir bæði
í verslun og
á vefverslun.

hjá
Hjahrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Bach hringir inn jólin með Kammersveitinni

Una Sveinbjarnardóttir var sex ára þegar hún hóf nám í fiðluleik og í dag er hún þriðji konsertmeistari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún mun flytja draumaverkið, Fiðlukonsert í E-dúr eftir J.S. Bach á jólatónleikum Kammersveitar Reykjavíkur, annan sunnudag í aðventu.

jme@frettabladid.is

Fiðlan er gullfallett hljóðfæri, bæði hvað varðar form og hljóm. Sem starfandi tónlistarmaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands segir Una að fiðlan sé stór hluti af lífinu. „Ég eyði gríðarlegum tíma í að æfa og spila á fiðluna og sem betur fer finnst mér þetta endalaust skemmtilegt hljóðfæri,“ segir Una.

„Það er svo gaman hversu ótrúlega fjölbreytt hljóð geta komið frá fiðlunni. Allt frá alveg gífurlega fallettum tónum til hrikalega ljótra og allt þar á milli. Indverjar segja að fiðlan sé það hljóðfæri sem kemst næst mannsróddinni og ég hef alltaf tengt sterkt við þetta. Fyrir mér býður fiðlan upp á tjaningarform sögunnar, eins og mannsróddin. Hún enda liggur við hálsinn þegar maður spilar. Tónsviðið er eins og róddin og það má túlka svo margt með hljóminum, allt frá depurð til ofsagleði og allt þar á milli. Það er allur tilfinningaskalinn þarna undir.“ Una fæst einnig við tónsmíðar á strengjakvartettum fyrir Strokkvartettinn Sigga. Þá lauk sveitin nýlega við upptökur á öllum strengjakvartettum Atla Heimis.

Helþjökud af heimþrá

„Ég var sex ára þegar ég byrjaði í Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Ellefu ára fór ég að læra hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Ég held það hafi verið ég sem valdi fiðluna en ég var líka hrifin af trompeti og píanóinu. Ég var líka mjög virk í íþróttum og æfði badminton og skyldingar og hafði því eiginlega ekki tíma í að læra á fleiri en eitt hljóðfæri.“

Una fór í framhaldsnám í fiðluleik í Köln og lauk Konzertexamen frá UdK í Berlín. „Í Þýskalandi er rík tónlistarhefð og ég lærði hjá konsertmeistarum Berlínarfilharmóníunnar, Thomas Brandis. Ég var í Berlín í alls sjö ár og flutti heim til Íslands árið 2005, helþjökud af heimþrá,“ segir Una, en bætir við: „Það er þó alltaf gaman að koma til Berlínar og ég hef fengið æðisleg tækifæri til að koma þar fram með



Una er á góðri leið með að komast í jólastapið, en jólastelpa innra með henni mun vakna fyllilega á jólatónleikum Kammersveitar Reykjavíkur 5. desember.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Instrumental tónlist gefur öðruvísi pláss til að njóta og mögulega meira tækifæri til að hugsa inn á við. Svo er tónlist barokktímabilsins svo íhugul.

Una Sveinbjarnardóttir

ýmsum hljómsveitum og kammer-sveitum.“

Frið endist í tvo daga án fiðlu
En fer fiðlan alltaf með þér í útlandaferðir?

„Ef ég fer til útlanda og í lengri ferðir, þá tek ég fiðluna alltaf með mér. Einu sinni fór ég til Prag án fiðlunnar. Það var í fyrsta vetrarfríinu mínu í Köln. Það frí entist í tvo daga. Þá var ég búin að fjárfesta í fiðlu,“ segir Una og hlær. „Þessi fiðla er stundum kölluð poppfiðlan á mínu heimili. Hún hljómar rosalega vel uppmögnuð, en er nú í eigu Úlfs bróður míns. Ég tek mér þó alveg sumarfrí frá stanslausum æfingum og fer í fjallgöngur og dagsferðir, án þess að taka fiðluna með mér,“ bætir Una við.

Þá er ekki úr vegi að spyrja til hversu margra landa fiðlan hefur ferðast með Unu. „Fiðlan hefur

ferðast með mér víða um heim og ég hef ekki tölu á því hve mörg löndin eru orðin. Ég túraði með Björk og það ferðalag koveraði náttúrulega mjög mörg lönd. Svo var ég að læra í Köln og Berlín og ferðaðist þá víða. Með Sinfóníuhljómsveit Íslands er mér eftirminnilegt ferðalag til USA 1996 og Kammersveitin hefur slegið í gegn á Mallorca, og fiðlan er auðvitað alltaf með í för. Ég er orðin lunkin að ferðast með lítinn handfarangur og kemst núorðið upp með að ferðast eingöngu með fiðlukassann í handfarangri og það sem kemst í hann.“

Margrómaður svanasöngur

Í sumar kom út geisladiskurinn Last Song, með Unu og Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara. Lögin á plötunni eru blanda af uppáhaldstónverkum þeirra Tinnu, mörg hver íslensk. „Þarna má finna Íslenska svítu eftir Jörunni Viðar. Það verk er algerlega sér á parti. Við Tinna höfum spilað það oft og ég vann það með henni Jörunni á Laufásveginum. Einnig er verk eftir Atla Heimi og Magnús Blöndal og verkið Winter eftir Karólínu er algjör gimsteinn. Svo er þarna ýmis eldri tónlist eftir Hildegard von Bingen og fleiri.“ Hljómdiskurinn hefur fengið gríðargóðar viðtökur síðan hann kom út í sumar, meðal annars hjá BBC og Limelight í Ástralíu.

Hent í djúpu laugina

Una spilaði fyrst með Sinfóníuhljómsveitinni sautján ára gömul í MR og stuttu seinna með Kammer-sveitinni. „Ég var í fjórða bekk þegar ég tók inntökupróf í Sinfó til að spila sem aukamanneskja. Daginn eftir mætti ég á æfingu með hljómsveitinni á Forleik að Galdrá-Lofti eftir Jón Leifs. Þetta er háepískt verk og svolítið spes, eins og Jóni einum er lagið. Mér var hent beint í djúpu laugina í þessum fyrstu upptökum mínum með Sinfóníuhljómsveitinni.“

Ég man líka vel eftir fyrstu tónleikum með Kammersveitinni. Ég var nýbúin með stúdentinn og einleikaraprófið og tók þátt í mögnum verkefni. Paul Zukofsky stjórnaði þá Tímanum og vatninu eftir Atla Heimi Sveinsson. Þarna kynntumst við Tinna honum Atla.“

Jólatónleikar Kammersveitar

Jólatónleikar Kammersveitar Reykjavíkur verða haldnir þann 5. desember, annan sunnudag í aðventu, klukkan 16.00 í Norður-ljósum í Hörpu. „Ég hef spilað með Kammersveitinni nær sleitulaust frá 2005 þegar ég tók við konsertmeistarakeflinu af Rut Ingólfsdóttur. Kammersveitin samanstendur af metnaðarfullum hópi sóloista og við höfum brallað ýmislegt saman. Ég vil benda á gríðarlegan katalóg af íslenskri

tónlist í túlkun Kammersveitarinnar á Spotify.“

Jólatónleikar Kammersveitarinnar eru ávallt með barokktónlist og tónleikarnir í ár eru þar engin undantekning. Verður tónlist Johanns Sebastians Bachs í algleymingi. „Ég hlakka sérstaklega til að fá að flytja Fiðlukonsert í E-dúr, en verkið á sérstakan stað í hjarta mér og er eitt uppáhaldsverkið mitt fyrir fiðlu. Ég er gríðarlega þakklát fyrir að fá að spila það með Kammersveitinni.“

Á dagskrá eru einnig tveir Brandenburgarkonsertar eftir Bach, sá fyrsti og sá fjórði. „Það eru margir sóloistar og blásarar í þessu stykki og ég er viss um að margir munu kannast við verkin þegar þeir heyra, enda eru þetta með frægustu verkum Bachs. Konsertarnir eru ólíkir en allir fyrir sólóhljóðfæri. Brandenburgarkonsertarnir hafa undarlega sjaldan verið fluttir á Íslandi.“

Tónlistin sendir hugann á flug

Tónleikar Kammersveitarinnar segir Una að séu mjög sérstakir í jólatónleikaflörunni. „Þeir eru eingöngu instrumental, bara sungið á hljóðfærin. Instrumental tónlist gefur öðruvísi pláss til að njóta og mögulega meira tækifæri til að hugsa inn á við. Svo er tónlist barokktímabilsins svo íhugul. Þetta eru dansar sem voru samdir á þessu tímabili og á tónleikunum getur hlustandinn dansað í huganum. Tónlistin tekur mann á svo marga mismunandi staði.“

Ekki útvarpað í ár

Gríðarlegur jólabragur er yfir jólatónleikum Kammersveitarinnar hvert ár. „Það er á þessum tónleikum sem ég kemst loksins í jólastapið. Sama gildir með jólatónleika Sinfóníunnar. Þeir eru alltaf einstaklega falleg fjölskyldustund í aðdraganda jóllanna.“

Una harmar að í fyrsta sinn í ár taki Ríkisútvarpið ekki upp jólatónleika Kammersveitarinnar, en venjan er að spila tónleikana á jóladag í útvarpinu. „Eflaust eru margir sem hafa það fyrir hefð að stilla á Gufuna til að hlýða á jólatónleikana í ró og næði. En það verður því miður ekki í boði í ár. Ég hvet því fólk eindregið til þess að næla sér í miða á tónleikana sunnudaginn 5. desember. Miðaverðinu er stillt í hóf og er ekki nema 3.500 krónur. Krafist er hraðprófs fyrir tónleikana og er hægt að bóka slíkt á covidtest.is og fer það meðal annars fram í bilakjallara Hörpu, K1.“ ■

25% afsláttur Cyber Monday

Við bjóðum 25% afslátt af öllum námskeiðum og gjafakortum mánudaginn 29. nóv.

Gjafakortið kemur í fallettri öskju og hægt er að velja hvaða upphæð sem er.

Nánar á dale.is



Dale Carnegie

Matorka svarar kallinu um sjálfbært sjávarfang

Við Grindavík hefur Matorka byggt upp fyrsta flokks aðstöðu fyrir landeldi laxfiska, sem nýtir meðal annars jarðhita á svæðinu til að tryggja bestu eldis-skilyrði. Landeldið í Grindavík svarar vaxandi kröfum markaðarins um sjálfbæra framleiðslu sjávarfangs.

Að sögn Árna Páls Einarssonar, framkvæmdastjóra vinnslu og sölusviðs Matorku, hefur uppbygging fyrirtækisins staðið yfir undanfarinn áratug. „Við tókum stórt skref árið 2016 þegar við höfum loks byggingu á fyrstu nýju landeldisstöðinni fyrir laxfiska á Íslandi í áratugi. Innviðirnir í landeldi hér á landi voru nokkuð komnir til ára sinna, þannig að þetta var stórt skref. Við áttuðum okkur fljótt á því að landeldi væri eitthvað sem hægt væri að gera miklu meira með á Íslandi. Það eru þessar sjálfbæru lausnir sem heimurinn er að biðja um.“

Undirbúningurinn tók mörg ár en framkvæmdir hófust 2016. Hjá Matorku starfa í dag um 45 manns og undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma sjálfbærri framleiðslu í landeldi á fót á Íslandi. „Við erum með góða vöru. Íslenska bleikjan er okkar aðallína en við erum líka með regnbogasilung, en í minna mæli,“ segir Árni Páll.

Traustur grunnur og öflugur vöxtur

Verkefnið hefur verið kostnaðarsamt. 25-30 milljónum evra hefur verið varið í að byggja upp trausta innviði. Árni Páll segir að vandað hafi verið til allra verka. „En þrátt fyrir þessar miklu fjárfestingar er félagið enn að slíta barnsskónum, þar sem aðalvöxturinn er fram undan. Þetta er verkefni til framtíðar og við ætlum að byggja þetta upp í töluvert magn hér á Reykjanesinu.“

Matorka byrjaði með litla fiskeldisstöð í Landsveit, norðan við Hellu, árið 2010. Þar hófst ævintýrið. Fljótlega kom í ljós að fiskeldisfyrirtæki verða að vera með mikið magn á bak við sig til að eiga einhverja möguleika í þessum stóra heimi sjávarútvegs. Segja má að sagan byrji þarna í Landsveitinni, en hún springur út í Grindavík.

„Í Landsveitinni vorum við að ala 40-50 tonn á ári, en á þessu ári verðum við með um það bil 1.300 tonn, sem er auðvitað bylting frá því sem var. Markmiðið með þessu öllu var að koma með sjálfbærar lausnir inn á fiskeldismarkaðinn. Erlendis eru margir stórnotendur á fiski, á borð við stórar verslanakeðjur og veitingahúsakeðjur, farnir að kalla eftir því að hlutirnir séu gerðir á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Við erum í raun að svara kallinu um að hlutirnir séu gerðir öðruvísi en þeir hafa alltaf verið gerðir.“

90 prósent seld til útflutnings

Bróðurparturinn af sölu Matorku er til útlanda, en hér á landi er það fiskbúðin Hafid sem dreifir vörum fyrirtækisins. Auk þess að vera fiskbúð sem margir þekkja af góðu, er Hafid stór dreifingaraðili inn í verslanakeðjur, veitingahús og mótuneyti. Útflutningur er hins vegar 90 prósent af sölu Matorku. Mjög mikið er selt til Bandaríkjanna og Kanada, en Evrópa er einnig mikilvægur markaður. Í Evrópu er salan fyrst og fremst til meginlandsins. Í Bretlandi hefur ekki verið mikill bleikjumarkaður, en Matorka hefur hug á að sækja þar fram líka.

Stjórnendur Matorku horfa til Asíu sem framtíðarmarkaðar með mikla vaxtamöguleika og



Árni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri vinnslu- og sölusviðs Matorku, með framleiðslu fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Landeldisstöð Matorku við Grindavík tryggir umhverfisvæna og sjálfbæra framleiðslu við kjöraðstæður. MYND/ AÐSEND



Matorka leggur áherslu á sjálfbæra framleiðslu.

eru farnir að þreifa fyrir sér með sendingar þangað. „Til framtíðar sjáum við fyrir okkur að vöxturinn geti orðið mikill í Asíu, því að þar er mikill áhugi á okkar vöru. Erlendis seljum við mikið til stórnotenda á borð við verslanakeðjur, veitingahús og flugfélög. Við erum ungt fyrirtæki og færum okkur sífellt nær markaðinum, nær neytandanum. Í Seattle í Bandaríkjunum erum við til dæmis með litla söluskrifstofu, þar sem við sinnum stórnotendum í sjávar-

fangi á Bandaríkjamarkaði,“ segir Árni Páll Einarsson.

En hvert er ferlið í landeldi á laxfiskum?

„Við byrjum á því að kaupa frjóvguð hrogn frá innlendum birgjum. Þau eru flutt í seiðastöðina okkar fyrir austan fjall, í Landsveitinni. Þar er seiðum klakið út sem eru síðan alin í Landsveit í fersku íslensku fjallavatni án allrar seltu þangað til þau vega 10 grömm. Þetta eru einhverjir átta mánuðir. Þegar

halda jöfnu hitastigi allan ársins hring í kvíunum. Þetta er gríðarlegur kostur, til dæmis samanborið við sjókvíar þar sem hitastigið getur rokkað mikið milli vetrar og sumars og jafnvel nálgast frostmark á veturna. Í landkvíum Matorku er um 9-10 gráðu vatns-hiti allan ársins hring.

Matorka leggur áherslu á að halda kolefnissporinu í lágmarki og afla helst allra aðfanga hér innanlands. Föðrið kemur frá Föðurlöndunni. Bleikjan, sem er aðalframleiðsla fyrirtækisins, er þannig alíslensk og allt sem kemur að ferlinu er íslenskt. Þetta segir Árni Páll vera góðan sölupunkt á erlendum mörkuðum.

Ársframleiðsla Matorku er, sem fyrr segir, um 1.300 tonn, en framleiðslugetan er um 3.000 tonn á ári. Fyrirtækið hefur leyfi til að margfalda þá getu og stefnir að því að verða leiðandi í greininni þegar fram í sækir.

Matorka hefur lagt mikið upp úr vottunum sem matvælaframleiðandi. Í ljósi aukinnar meðvitundar um umhverfismál og samfélagslega ábyrgð, hafa mjög margir stórnotendur á sjávarfangi sett sér ákveðnar reglur hvað varðar innkaup á fiskmeti. Því getur verið gríðarlega mikilvægt að fá vottanir þriðja aðila um hversu vel birgir stendur sig í framleiðslu þegar kemur að þessum þáttum. Matorka var fyrsta bleikjufyrirtækið á Íslandi til að taka upp Aquaculture Stewardship Council (ASC) staðalinn og hefur nú einnig hlotið vottun frá Global GAP, en þetta eru leiðandi gæðastaðlar hvað varðar ábyrga, alþjóðlega matvælaframleiðslu.

„Það hefur verið mikið ævintýri að byggja upp þetta fyrirtæki og varan hefur fengið mikið hrós um allan heim,“ segir Árni Páll. „Hinn heimsfrægi kokkur, Nobu Matsuhisa, tók bleikjuna okkar inn á staðina sína í London, og í fyrra var bleikjan okkar pöntuð í veislu fyrir Karl Gústaf Sviakonung.“

Covid hefur þó hægt á vexti fyrirtækisins og ekki hjálpaði það þegar allt hristist og nótraði á Reykjanesinu og jarðeldar byrjuðu í mars. „Þetta mótlæti hefur þó bara styrkt fyrirtækið og þrátt fyrir þetta jukust tekjur félagsins um 30 prósent á milli ára,“ segir Árni Páll Einarsson framkvæmdastjóri vinnslu og sölusviðs Matorku. ■

” Erlendis eru margir stórnotendur á fiski, á borð við stórar verslanakeðjur og veitingahúsakeðjur, farnir að kalla eftir því að hlutirnir séu gerðir á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt.

þau eru orðin 10 grömm eru þau flutt til Grindavíkur, þar sem þau eru höfð innanhúss þangað til þyngdin er orðin að minnsta kosti 150 grömm. Innanhúss eru þau í svona 3-6 mánuði og á þeim tíma eru þau bólusett. Þegar þau eru orðin 150-200 grömm eru þau sett í stóru stöðina okkar hérna í Grindavík og hér er fiskurinn alinn alveg upp í sláturstærð, sem getur verið á bilinu 1-2 kíló og allt upp í 2,5 kíló. Í útikerjunum er fiskurinn í um það bil sex mánuði, þannig að ferlið spannar á bilinu 18-20 mánuði alls að jafnaði.“

Landeldisstöðin í Grindavík er í nágrenni við Bláa lónið og jarðhita og nýtur góðs af því. Hægt er að

Síungur öldungur með puttann á púlsinum

Brynjólfur Björnsson, kaupmaður í Brynju, hefur staðið þar vaktina í 55 ár. Hann tekur vitaskuld þátt í verslunarháttum nútímans.

thordisg@frettabladid.is

„Mér þykja Black Friday og Cyber Monday skemmtileg viðbót við lífið og tilveruna. Við Íslendingar erum nýjungagiarnir og gleypum allt frá Ameríku, en mér finnst skrytið þegar afslættir þessa daga standa fram til 10. desember, þar sem þeir eru stílaðir inn á þessa helgi og svo búið.“

Þetta segir Brynjólfur Björnsson, kaupmaður og eigandi Verslunarinnar Brynju, sem staðið hefur opin gestum og gangandi á Laugavegi 29 í 102 ár.

„Brynja er síungur öldungur og alltaf með puttann á púlsinum,“ segir Brynjólfur og hlær. Hann hefur fylgir því nýjasta eftir, þótt verslunin sé nú orðin meira en aldargömul.

„Við höfum alltaf tekið þátt í Black Friday og Cyber Monday, en gefum hins vegar ekki 30 til 70 prósentu afslátt eins og títt er, því við flytjum inn svo mikið af vörum sjálfir. Við leggjum á þær



Brynjólfur í Brynju segist vissulega sakna þess þegar Laugavegurinn var aðalverslunargatan í Reykjavík, en sem betur fer haldi enn margir í þá hefð að labba Laugaveginna á adventunni til að kaupa jólagjafir og komast í gott jólaslap.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Rafmagnsgítar Kassagítar Rafmagnsbassi Klassiskur gítar Kassabassi Gítarbanjó



Kassagítarar á tilboði

Jólagjafir í úrvali



Kajun tromma



Heyrnartól



Mikrafónar í úrvali



Ukulele



Fíðla 26.900



Þráðlaus mikrafónn



Hljómborð í úrvali

Hljómborð á tilboði



Magnari fyrir kassagítar og mikrafón



Gítarmagnari fyrir rafmagnsgítara

Gítarinn ehf

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • S. 552 2125 • gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is

hóflega álagningu sem viðskiptavinir njóta árið um kring, en í tilfalli þessara tilteknu daga bjóðum við ýmis góð tilboð,“ greinir Brynjólfur frá.

Tilboðin má til dæmis finna á heimasíðunni brynja.is.

„Eftir að við opnuðum heimasíðuna hefur verslun þar inni aukist ár frá ári og þaðan seljum við mikið um allt land. Það er mikill þægindaauki fyrir landsbyggðarfolk að geta skoðað og keypt vörur á netinu, og æ fleiri sem læra að nýta sér vefverslun. Hédan úr Reykjavík er líka mikið pantað á netinu og sótt í búðina, en Reykvíkingum þykir gott að geta skotist eftir tilbúnum pakka úr vefversluninni; það er fljótlega en að stoppa við í búðinni og leita þar hófanna.“

Eldest vel í líflegri verslun

Brynjólfur hefur staðið vaktina við búðarborðið í Brynju í 55 ár.

„Ég er mættur til vinnu klukkan átta á morgnana og fer ekki heim fyrr en hálf sjö. Ég er enn fullfrískur til heilsunnar en kannski ekki allveg jafn sprækur og ég var á árum áður, enda verð ég áttæður í febrúar. Ég held það fari vel með mann að vinna í jafn líflegri verslun og Brynju; ég tala nú ekki um við Laugavegin, þar sem maður hittir svo margt fólk og útlendir ferðamenn hafa aukið enn á fjölbreytileikann. Ég hef gaman af því að fá útlendinga til mín í búðina og inn úr dyrunum koma íðulega Kanar sem versla mikið og tala um hversu gaman þeim þykir að koma inn í jafn gamla og rótgróna búð af þessu tagi, sem þeim eru horfnar í Ameríku.“

Ásamt Brynju standa tveir aðrir öldungar í verslunarrekstri við Laugaveg; Herrafataverslun Guðsteins og Bakarí Sandholt.

„Tímarnir hafa breyst mikið síðan ég byrjaði að vinna í Brynju á sínum tíma og ég sakna þess þegar Laugavegur, Bankastræti og Austurstræti voru einu staðirnir þangað sem allir komu til að gera jólaínnkaupin. Þá ríkti líka allt annar hugsunarháttur, en fólk heldur áfram að koma í miðbæinn til að upplifa jólastemninguna, kaupa jólagjafir og hitta mann og annan. Utandyra er fólk afslappaðra og gefur sig á tal við fólk sem sést kannski sjaldan. Slíka fagnadardarfundir sé ég oft í Brynju,“ segir Brynjólfur, glaður í bragði.

Jólagleðin í mínu hjarta vaknar í byrjun desember þegar leikskólabörn labba um Laugavegin og dást að jólaljósunum.

Ekki enn sofnað ofan í diskinn Brynjólfur segir Black Friday og Cyber Monday hafa sín áhrif á jólasölu.

„Fólk nýtir sér tilboðin og kaupir jólagjafir. Í jólapakkana fer allt mögulegt frá okkur, verkfæri og alls kyns dót, því við erum með drjúgt og mikið vöruúrval þótt búðin sé ekki stór. Hér fæst svo margt sem hvergi fæst annars staðar því við flytjum það inn sjálf. Nú eru lærisstándar til dæmis vinsæl gjöf, fyrir hangikjöt og tvíreykt kjöt sem stendur þá í standinum og fólk getur fengið sér flís af á borðinu,“ upplýsir Brynjólfur og er kominn í jólaslap.

„Þetta er mikill uppáhaldstími hjá mér og þótt vinnudagar adventunnar séu langir og opið til 22 eftir miðjan desember, gerir fólkíð og gleðin í loftinu það allt þess virði. Þegar Laugavegurinn var og hét helsta verslunargata landsins var alltaf líf og fjör, og fólk kemst enn í jólaslap við það eitt að labba í bæinn, kaupa jólagjafir og gera sér glaðan dag á Laugaveginum. Því vona ég að Laugavegurinn haldi áfram að vera miðpunkturinn í jólastemningu landsmanna. Það er ríkt í þjóðarsálinni að ganga niður Laugavegin fyrir jól og þegar snjóar á Þorláksmessu eykur það enn á jólastemninguna,“ segir Brynjólfur.

Hann viðurkennir að vera oft orðinn lúinn þegar aðfangadagur rennur upp.

„En ég hef ekki enn sofnað ofan í diskinn minn og næ vitaskuld að halda mér vakandi með rjúpur á borðum. Ég fór í fimmtíu ár á rjúpu á Holtavörðuheidi, þar sem við gistum á sveitabæ í Norðurárdal og var þá 15. nóvember alltaf frátekinn dagur. Annars vaknar jólagleðin í mínu hjarta í byrjun desember þegar leikskólarnir koma með káta krakka sem labba um Laugaveg og dást að jólaljósunum og skreytingum. Það er gaman að sjá hversu börnin eru hrífnaem og verða vitni að einskærri gleði þeirra og eftirvæntingu.“

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP



GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgærd 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. VERÐ ADEINS kr.4.177.000- Rnr.120602. Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.



GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgærd 2021, 100% rafmagn, sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. VERÐ ADEINS kr.4.177.000- Rnr.120602. Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Toyota Yaris Actice Hybrid 4/2018 ekinn aðeins 28 þús. km. Sjálfskiptur. Álfelgur. Fluttur í snattíð eða skólann. Verð: 2.490.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málaramaestari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Málaramaestari getur bætt við sig verkefnum. S. 8511128 og 6951543 haraldur1006@gmail.com.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirkji s: 778-7171

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is



Faðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkíð í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

BÓLSTRUN – SAUMASKAPUR

Uppgerðir Rokkókóstólar með áklæði að eigin vali á góðu verði



FYRIR



EFTIR

Öll almenn bólstrun - úrval vandaðra áklæða og leður. Tökum allskonar saumskap ,t.d. dýnur í hjólhýsi, húsbíla ofl.

Sérhæfum okkur í bílsætaviðgerðum, mótörhjóllum, snósleðasætum, líumum og gerum við tréverk á húsgögnum.

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin | S. 544 5750 | www.hsbolstrun.is

Varmadælur

Ný kynslóð: Innbyggð sóttthreinsun



Innbyggt:

- WiFi
- Spennuvörn
- Lágprýstivörn



NØRDIS Áratuga reynsla í Noregi



KGG

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is

Varmadæluskjól



- Öflug
- Úr málm
- Vindpölin

Frágangshlífar

Frágangshlutur



Vatnsdælur



Varmadælurör



Húsviðhald

FAGLIST
ALLT ALMENNT HÚSAVIÐHALD
OG JARÐVINNA

SMÍÐAVINNA - MÚRVINNA - MÁLNINGARVINNA
DRENLAGNIR - HELLULAGNIR

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI

faglist@faglist.is

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt
& Selt



Slensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
31. ár
JS LJÓSAMÍÐJAN
MÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVELAÐJÓNUSTAN

Skemmuveg 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali**

Verð við allra hæfi

Heimilið

Barnavörur



SYSTKINA VAGN/KERRA

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar -
Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313
barnidokkar.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál



**NÝLEG UNGLEG EKKJA,
68 ÁRA**

Nýleg unglæg, heilbrigð og
reglusöm ekkja, 68 ára,
(158 cm á hæð, 65 kg),
með uppruna frá Suður-Evrópu,
vantar traustan, vandamálalausn,
andlega- og líkamlega heilbrigðan,
ekta Íslending 65-75 ára,
ákveðinn í að upplifa áfram góða
og skemmtilega stundir
t.d. í komandi jöl.

Skilyrði:
menntaður á háskólastigi, hress,
reglusamur,
jákvæður og hjartagóður, úr
höfuðborgarsvæðinu, með
facebook eða skype.

S. 845 4219. Æskilegt er að senda
myndir á netfang:
heimur2001@hotmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Atvinnublaðið


— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagn.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

LOK Á HEITA POTTA




Framleiðum einangrunarlok
og yfirbreiðslur á allar
tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta
vel í ferðaþjónustuna,
afhendað fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND

Varahlutir í lyftara



- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofi.

Vertu vinar okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Tímamóta **uppgötvun** gegn litablettum með **sjáanlegum árangri** á 4 vikum



Skannaðu mig til að byrja þitt tímamótaskref fyrir ljómandi húð

NÝJUNG





Halldór Reynisson starfaði sem prestur í fjölda ára og í ýmissi sorgarvinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Erfitt þegar einn stóllinn er skyndilega auður



Lovisa
Arnardóttir
lovisaa

@frettabladid.is

Jólin eru alla jafna gleðilegur tími, en fyrir fólk í sorg eru jólin og áramótin erfiður tími. Halldór Reynisson, fyrrverandi prestur, leggur áherslu á að fólk gæti að tilfinningum og líðan þeirra sem syrgja og virði það að sorgin er langhlaup.

Allar stundir fyrir þau sem hafa misst, og ekki síst þau sem hafa misst ótímabært eða skyndilega, eru erfiðar fyrstu árin, en ákveðnir tímar eru erfiðari en aðrir," segir Halldór Reynisson, fyrrverandi prestur, og telur upp sem dæmi afmæli hins látna, dánardagur, frí eins og um páska og sumur og svo jólin og hátíðirnar í kring.

„Jólin eru afar hefðbundin hátíð á Íslandi og eru tengd sterkum fjölskylduhefðum. Þá erum við sem aldrei fyrr afar mikið fjölskyldufólk um jólin og treystum á hefðirnar og það er mikill kostur við íslenskt samfélag. En þegar einhver úr nánasta hópnum er dáinn og einn stóllinn við borðið auður, þá getur þetta verið afskaplega erfiður og sár tími," segir Halldór, og að fyrir suma sé það mikil raun að komast í gegnum jólin.

Hann segir gott að undirbúa sig fyrir þann tíma, hafi maður upplif að slíkan missi og að það þurfi ekki að vera flóknara en að vita hvað eigi að gera þegar einhver óskar manni gleðilegra jóla.

„Manneskja í sorg upplifir ekki gleðileg jöl og það er jafnvel raun þegar einhver, í velvild auðvitað, en mögulega misskilinni velvild, óskar einhverjum í slíku ástandi

gleðilegra jóla. Það er miklu nær að segja fólk að ganga vel að komast í gegnum jólin.“

Gott að fara eitthvað annað

Hann segir að stemningin sem almennt sé um jólin í samfélaginu sé í hrópanði mótsögn við líf þeirra sem hafa misst og orðið fyrir slíku áfalli.

Það er engin páska yfir jólin, frá sorginni?

„Nei, en reyndar er það þannig að eitt ráð sem við gefum fólk og nýtist því vel er að taka sér frí eða frímínútur frá sorginni og þess vegna hefur það reynst fólk vel að fara í nýtt umhverfi um jólin," segir Halldór.

„Heimili þitt er hús sorgarinnar og stundum þarf maður að stíga út úr því til að ná andanum. Til að hvíla sig á þessum sterku tilfinningum. Sorg eru allar vondar tilfinningar sem við getum hugsað okkur og þegar eitthvað svona óeðlilegt hefur gerst, eins og skyndidauði eða ótímabært andlát, þá eru allar þessar vondu tilfinningar eðlilegar. Við sem höfum verið í þessari sorgarvinnu erum að hjálpa fólk að stíga upp úr sorginni. Hún hverfur aldrei en fólk þarf að læra að lifa með henni. Hluti af því er að tala, gráta, hlæja og tala og tjá sig um líðan sína um það sem er í gangi í lífinu. Jólin eru með erfiðustu stundum þeirra sem eru í sorg og það þarf að ræða það og þær tilfinningar sem kvikna.“

Hann segir að það geti verið ýmislegt sem fólk veltir fyrir sér, eins og hvað eigi að gera við auða stólinn við matarborðið, hvort það eigi að leggja á borð fyrir einstaklinginn sem nú er farinn, eða hvort það eigi að kaupa pakka. Svo er það leiðið

og kirkjugarðurinn, hvernig eigi að huga að því og hvenær eigi að fara og hversu oft.

„Þetta geta verið stórmál fyrir fólk. Umfram allt leggjum við, sem störfum við þetta, áherslu á að fólk sé gott við sjálft sig og setji sig í fyrir-rúm, en ekki hefðirnar eða ætlanir annarra. Fólk á að vera frekt á eigin líðan og tilfinningar og að það geri það sem því sýnist, sama hvort það sé að sleppa öllum jólahefðum. Því hefðirnar geta verið eins og harðstjóri og að þau eigi að vera á einn eða annan hátt, og að það sé verið að brjóta náttúrulegum ef ekki er haldið í þær, en þær eru bara í kollinum á okkur sjálfum.“

Þá segir Halldór að það geti verið gott fyrir fjölskyldur að ræða það hvernig eða hvort það eigi að minnst hins látna sérstaklega á aðfangadag og um jólin, og tekur dæmi um fjölskyldu sem tók sér tíma við upphaf borðhaldsins og talaði um hinn látna eða hina látnu. Svo grétu þau saman og að því loknu hélt jólahaldið áfram.

Ekki vera uppþrengjandi

Spurður hvort hann sé með ráð fyrir þau sem standa nærri þeim sem hafa misst, segir Halldór að það sé gott að bjóðast til þess að aðstoða fólk við eitthvað mjög afmarkað, ekki hafa boðið opið, heldur spyrja hvort þau eigi að hjálpa með að kaupa gjafir, fylgja þeim út í búð eða eitthvað annað.

„Það er afar mikilvægt að standa við það sem maður segir, en vera ekki uppþrengjandi. Taka púlsinn á líðan þeirra sem hafa misst og hafa frumkvæði að því að bjóða hjálp, en hafa líka skilning á því þegar fólk þiggur ekki aðstöðina og vill vera í friði.“

Halldór segir að eitt grundvallaratriði í þessu sé að gleyma því ekki að sorgin tekur tíma.

„Sorgin er langhlaup og þetta er ekkert endilega búið fyrstu jólin eftir missi.“

Áramótin líka erfið

Hann segir að erfiðleikarnir einskorðist þó ekki aðeins við jólin sjálf heldur þyki mörgum áramótin jafnvel erfiðari.

Góð ráð frá Sorgarmiðstöðinni

- Hvettu syrgjandann til að hugsa fyrst um sig.
- Sendu persónulega kveðju í stað hefðbundins jólakorts.
- Skoðuðu að gefa minningargjöf.
- Vertu til staðar.
- Mundu að það eru ekki einungis fyrstu jólin sem eru erfið.
- Veittu aðstoð við undirbúning jólaanna.
- Sýndu breyttu jólahaldi skilning.
- Bjóddu syrgjanda með, án þess að vera ýtin/n.
- Vertu því viðbúin/n að plön geta breyst.



Það er afar mikilvægt að standa við það sem maður segir, en vera ekki uppþrengjandi.

„Tönn áramótanna er dálítið melankólískur. „Árið er liðið í aldanna skaut og aldrei kemur það aftur.“ Þetta er mjög dramatískt og það er vegna þess að um áramót erum við að minnst þess sem gerðist það árið og að sjá fyrir okkur árið sem er að ganga í garð og hvernig það verður. Fólk minnst þess að hafa misst maka, barn, vin eða annan ættingja og hugsar svo með sér hvernig það eigi að lifa lífinu án þessa einstaklings næsta árið. Ég þekki fólk sem finnst áramótin jafnvel erfiðari tími.“

Hann segir mikilvægt að fólk finni leiðir til að halda minningu þess látna á lofti.

„Ég segi að þegar einhver nákominn manni deyr, þá er eins og maður missi hluta af manni sjálfum, en um leið verður viðkomandi áfram hluti af lífi okkar og það verður að leggja áherslu á að rækta tengsl við þann látna með því að tala um hann, minnst hans og halda minningu hans á lofti. Það er gott og nærandi fyrir okkur sjálf að gera það.“

Hann segir að það sé þó aðeins nýttílkomið að fólk ræði þessa hluti, og sérstaklega ef fólk fór skyndilega eða ótímabært.


„Ég hef hitt fólk sem segir að það að hafa ekki haft tækifæri til að ræða þann látna eða missinn, hafi verið jafn erfitt og að missa þennan einstakling. Þess vegna er það þannig þegar við lítum til nýs árs, að þá hugsum við hvernig megi halda minningunni á lofti og tryggja að þessi einstaklingur verði áfram hluti af okkar lífi.“ ■

Svartur föstudagur

Húsgögn, rúm, hægindastólar og stillanleg rúm á 30% afslætti í allan dag.

30%

AFSLÁTTUR



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Elskulegi eiginmaður minn, lífsförunautur og ferðafélagi, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Reynir Benediktsson
skipstjóri,

lést á sjúkrahúsi í Alicante þann 11. nóvember. Útförin fer fram í kyrrþey frá Ástjarnarkirkju, Hafnarfirði, 2. desember kl. 14.00 að viðstöddum fámennum hópi aðstandenda og vina. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Umhyggju, félag langveikra barna.

Jóhanna Gunnarsdóttir

Rúnar Reynisson

Einar Ingi Reynisson

Benedikt Reynisson

Gunnar Reynisson

Kristþór Reynir Gunnarsson, Ása Margrét Gunnarsdóttir

Konráð Ari, Reynir Erling og Óskar Glói Benediktssynir

Rósa Óskarsdóttir

Sigríður Kristín Kristþórsdóttir

Ása Margrét Gunnarsdóttir

Konráð Ari, Reynir Erling og Óskar Glói Benediktssynir



Ástkær systir, mágkona og frænka,

Helga Gunnarsdóttir

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 15. nóvember. Útförin hefur farið fram.

Gunnar Gunnarsson

Herdis Erna Gunnarsdóttir

Gunnar Helgi Gylfason, Einar Gylfason,

Hanna Lára Gylfadóttir

Harpa Harðardóttir

Hörður Gauti Gunnarsson

Gunnar Helgi Gylfason, Einar Gylfason,

Hanna Lára Gylfadóttir



Þórður ákvað að halda sig við tónlist sem samsvaraði tíðarandanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samdi nýja tónlist við fyrstu kvikmynd tekna upp á Íslandi

Tónskáldið Þórður Magnússon gaf nýlega út tónlist við kvikmyndina Saga Borgarættarinnar, fyrstu leiknu kvikmyndina sem tekin var upp á Íslandi.

arnartomas@frettabladid.is

Fyrsta leikna kvikmyndin sem tekin var upp á Íslandi, Saga Borgarættarinnar, fagnar 100 ára afmæli sínu í ár. Í tilefni af tímamótunum var kvikmyndin nýlega endurgerð og var fyrir í mánuðinum sýnd í Bíó Paradís. Myndin byggir á skáldsögu Gunnars Gunnarssonar og var tekin upp á Keldum á Rangárvöllum, Reykholti í Borgarfirði, Reykjavík og Hafnarfirði.

„Kvikmyndasafn Íslands og Gunnarsstofnun ákváðu að ráðast í stafræna endurgerð á myndinni,“ segir Þórður Magnússon tónskáld, sem sá um að semja tónlistina fyrir endurgerðina. „Þá þurfti setja einhverja tónlist við og ákveðið var að semja nýja tónlist í stað þess að vera að nota gamla eins og hingað til hefur verið gert.“

En hvernig byrjar maður á að semja tónlist fyrir 100 ára gamla kvikmynd?

„Maður byrjar á því að taka ákvarðanir – hvað hentar og hvað hentar ekki?“ segir Þórður. „Ég tók þá ákvörðun að reyna að fylgja tímanum, að vera staddur þarna í kringum 1920 tónlistarlega séð. Nálgunin var ekki eins og þegar Giorgio Moroder notaði meðal annars tónlist eftir Queen við endurgerð Metro-polis á sínum tíma.“

Tónlist Þórðar við myndina var nýlega gefin út og er aðgengileg á veitum á borð við Spotify.

Myndin kom á óvart

Þórður segir að myndin sjálf hafi komið honum mikið á óvart.



Muggur stóð sig með þrýði í hlutverki Ormars.

MYND/SKJÁSKOT



Maður byrjar á því að taka ákvarðanir – hvað hentar og hvað hentar ekki?

„Ég hafði heyrt um Sögu Borgarættarinnar en aldrei séð hana, þegar ég fékk þetta verkefni. Ég var með þá fordóma að þetta hlyti að vera tæknilega gölluð mynd því hún væri svo gömul og gerð við svo frumstæðar aðstæður,“ segir hann. „Síðan kemur í ljós að myndin er býsna tæknilega fullkomin og eins

góð og kvikmyndir gerðust á þessum tíma. Danska tókuliðið sem vann að myndinni var í raun með þeim fremstu í heiminum á þessum tíma.“

Þá segir Þórður að myndin standi einnig á eigin fótum, utan tækninnar.

„Kvikmyndagerð er svo ung á þessum tíma að ég hélt kannski að það væri ekki búið að fullkomna ákveðna dramatík og hvað væri hægt að gera í bíó,“ segir hann. „En myndin smellur og leikurinn er býsna góður.“

Guðmundur Thorsteinsson, eða Muggur eins og hann er iðulega kallaður, fer með eitt af aðalhlutverkunum í myndinni, og segir Þórður að hann hafi verið þrýðisleikari.

„Hann er býsna góður leikari,“ segir hann. „Hann leikur aðalsöguhetju myndarinnar, Ormar, bæði sem ungan mann og miðaldra, og tekst ansi vel til.“ ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNISLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

www.utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Mergættir, hlíja og virðing *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson



Steinunn Magnúsdóttir



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,
Guðmunda Jóhanna Dagbjartsdóttir
Sörlaskjöldi 9,

verður jarðsungen frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 2. desember kl. 13.00.

Í ljósi aðstæðna verða einungis hennar nánustu viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á slóðinni: laef.is/munda

Börnin.



Okkar innlegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju, vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Andrésar Jónssonar
Kriulandi 17, Garði.

Guðlaug Bragadóttir

Bragi Andrésson

Jónas Andrésson

Valur Andrésson

Anna Grabowska

Rósa Marteinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA



MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA



Í SAMSTARFI VIÐ



SOS
BARNAPORPIN
Öll börn vilja gott heimili

Í OKTÓBER OG NÓVEMBER



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

Inga H. Ágústsdóttir

snyrti- og fóttaáðgerðafræðingur,

lést þriðjudaginn 9. nóvember.
Útförin fer fram frá Neskirkju
mánudaginn 20. desember kl. 13.00.

Ágúst Guðmundsson

Puríður Reynisdóttir

Lýður Guðmundsson

Kristján Kristjánsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Kristján Kristjánsson

Lovísa Ágústsdóttir

Agústa, Tómas, Alexander og María



Elsku faðir, tengdafaðir og afi okkar,

Jens Arinbjörn Jónsson

- 10.05 Veðurfregnir**
- 10.15 Bók vikunnar** Úrval ljóða 1982-2012.
- 11.00 Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju**
- 12.00 Hádegisútsvarp**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 13.00 Sögur af landi**
- 14.00 Viðsjá**
- 15.00 Lestin**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Úr tónlistarlífínu.** Reykholtshátið 2021 - IV Ingibjörg Yr og Brahms
- 17.25 Orð af orði**
- 18.00 Kvöldfréttir**
- 18.10 Kventónskáld í karlaveldi** Lili Boulanger.
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Óskastundin**
- 19.40 Á ferð um landið. Í Húnaþingi, seinni hluti (5 af 5)**
- 20.30 Kynstrin öll**
- 21.20 Nóvember '21** Náðun og eftirmáli, lokapáttur.
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Þögnin rofin - Lili Boulanger**
- 23.10 Frjálsar hendur**

Stöð 2 Bíó

- 10.45 Teen Spirit**
- 12.15 The Kindergarten Teacher**
- 13.50 The Five-Year Engagement**
- 15.50 Teen Spirit**
- 17.20 The Kindergarten Teacher**
- 18.55 The Five-Year Engagement**
- 21.00 After the Wedding**
- 22.45 The Command** Spennumynd frá 2018 sem byggð er á sönnum atburðum.
- 00.40 Charlie Says**
- 02.30 After the Wedding**

Stöð 2

- 08.00 Barnaefnii**
- 11.00 Friends**
- 11.25 Top 20 Funniest**
- 12.05 Nágrannar**
- 13.30 Nágrannar**
- 13.55 Christmas Next Door**
- 15.20 Kviss**
- 16.10 Um land allt**
- 16.50 Supernanny US**
- 17.30 60 Minutes**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Framkoma**
- 19.40 Ummerki** Áslaug Perla Kristjónsdóttir var myrt með hrottanfengnum hætti þegar henni var fleygt fram af tíundu hæð fjölbýlishúss við Engihjalla í Kópavogi.
- 20.10 Professor T** Glettnir sakamálaþættir frá 2021 með Ben Miller í aðalhlutverki.
- 21.00 The Sinner**
- 21.45 La Brea**
- 22.30 Fantasy Island**
- 23.15 Succession**
- 00.15 Tin Star.** Liverpool
- 01.10 Friends**
- 01.35 Top 20 Funniest** Sprenglæglegir þættir fyrir alla fjölskylduna en hér verða sýnd skritnustu, fyndustu og oft á tímum neyðarlegustu myndbandsupp-tökurnar.
- 02.10 Supernanny US**
- 02.55 Christmas Next Door**

Stöð 2 Sport

- 07.20 Hamar-Þór - ÍR** Útsending frá leik í 1. deild kvenna í körfubolta.
- 09.05 Valur - Skallagrímur** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 10.45 Grindavík - Breiðablik**
- 12.25 Subway Körfubolta-kvöld kvenna**
- 13.20 Hamar-Þór - ÍR**
- 15.00 Valur - Afturelding** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 16.25 Seinni bylgjan - upp-hitun**
- 16.50 Selfoss - KA** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 18.30 Logi Geirsson**
- 19.20 Afturelding - FH** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 21.00 ÍBV - Selfoss**
- 22.25 Seinni bylgjan**
- 23.40 Selfoss - KA**

Stöð 2 Sport 2

- 06.25 Inter - Shakhtar Donetsk**
- 08.05 Manchester City - PSG**
- 09.45 Sheriff - Real Madrid**
- 11.30 Liverpool - Porto**
- 13.10 Meistaradeildarmörkin**
- 13.55 Kansas City Chiefs - Dallas Cowboys**
- 16.15 Lokasóknin**
- 17.10 NFL Gameday**
- 17.40 NFL Extra**
- 18.00 New England Patriots - Tennessee Titans** Bein útsending frá leik í NFL.
- 21.20 Green Bay Packers - LA Rams** Bein útsending frá leik í NFL.
- 01.05 NFL Extra**

Mánudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.30 Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
- 20.00 Íslandsmótið í fitness** Útsending frá Íslandsmótinu í fitness 2021
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Fólkið í landinu** Rafn Hafnfjörð.
- 13.35 Útsvar 2007-2008** Garðabær - Mosfellsbær.
- 14.20 Orðbragð**
- 14.50 Vesturfarar** Gimli.
- 15.30 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Saga Sigurðardóttir.
- 15.55 Innlit til arkitekta**
- 16.25 Veisla í farangrinum** Stokkholmur.
- 16.55 Silfrið**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Litli Malabar**
- 18.05 Lundaklettur**
- 18.12 Poppý kisukló**
- 18.23 Lestrarhvutti**
- 18.30 Blæja**
- 18.37 Nelly og Nóra**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Jólagag dagsins** Sniglabandið - Jólaljól.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.00 Hvað getum við gert?** Ískonan
- 20.10 Endurfundur í náttúrunni** Wild Animal Reunions
- 21.10 Af öllu hjarta** Pala sydälestä
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Arfleifð** rómantísku stefnunnar The Romantics and Us with Simon Schama
- 23.25 Cherrie - Út úr myrkrinu** Heimildarþættir um Cherrie, eina stærstu R&B-stjörnu Svía.
- 23.45 Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

- 09.00 LPGA Tour** Útsending frá Meijer LPGA Classic.
- 11.55 LET Tour** Útsending frá Andalucía Costa del Sol Open.
- 14.55 LET Tour** Útsending frá Andalucía Costa del Sol Open.
- 17.55 LET Tour** Útsending frá Andalucía Costa del Sol Open.
- 20.55 DP World Tour 2022 - Highlights**
- 21.20 LET Tour** Útsending frá Andalucía Costa del Sol Open.

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 15.05 A Million Little Things**
- 15.50 The Neighborhood**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Top Chef**
- 21.00 The Rookie**
- 21.50 Clarice**
- 23.20 The Late Late Show**
- 00.05 Dexter**
- 00.55 FBI. Most Wanted**
- 01.40 The Good Fight**
- 02.25 Paradise Lost**
- 03.10 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Flugur**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegisfréttir**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisfréttir**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Hringrás** Í Kína.
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Orð um bækur**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Krakkakilljan** Lára lærir að lesa og Dagbók Kidda klaufa. Snjóstríðið
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsagan. Í veru**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**

Stöð 2 Bíó

- 12.00 Mystery 101.** Dead Talk
- 13.25 The Secret Garden**
- 15.00 Meet My Valentine**
- 16.30 Mystery 101.** Dead Talk
- 17.55 The Secret Garden**
- 19.30 Meet My Valentine**
- 21.00 Wendy** Ævintýrleg fantasíumynd frá 2020, lauslega byggð á ævintýrinu um Pétur Pan.
- 22.45 The Invisible Man**
- 00.45 The Dinner** Dramatískur spennutryllir frá 2017 með Richard Gere, Lauru Linney og fleiri stórgóðum leikurum.
- 02.45 Wendy**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Gossip Girl**
- 10.05 Landnemarnir**
- 10.40 Grand Designs**
- 11.30 Golfarinn**
- 11.55 Last Man Standing**
- 12.15 The Office**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 The Goldbergs**
- 13.20 Masterchef USA**
- 14.00 Eldhúsið hans Eypórs**
- 14.25 The Greatest Dancer** Dans- og skemmtiþáttur þar sem gleði, glamúr og taumlaus hamingja ráða ríkjum.
- 16.00 First Dates**
- 16.50 Hell's Kitchen**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 How to Cure...**
- 19.55 Home Economics**
- 20.20 Fantasy Island**
- 21.05 Succession**
- 22.10 The Pact** Nýir glæpa- og spennuþættir frá 2021. Dauði sem á sér engar útskýringar og vinkonur sem eru bundnar brothættum þagnaðareid.
- 23.10 60 Minutes**
- 23.55 Agent Hamilton**
- 00.45 SurrealEstate**
- 01.30 Insecure**
- 02.00 Legends of Tomorrow**
- 02.40 The Mentalist**
- 03.20 Gossip Girl**
- 04.05 Last Man Standing**
- 04.25 The Office**

Stöð 2 Sport

- 07.20 Seinni bylgjan**
- 08.35 Selfoss - KA** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 10.00 Afturelding - FH**
- 11.25 Fjölnir - Sindri** Útsending frá leik í 1. deild karla í körfubolta.
- 13.20 Hamar-Þór - ÍR** Útsending frá leik í 1. deild kvenna í körfubolta.
- 15.00 Seinni bylgjan**
- 16.15 Selfoss - KA**
- 17.45 Afturelding - FH**
- 19.15 Víkingur - HK** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 21.10 Seinni bylgjan**
- 22.25 Haukar - Tarbes GB**
- 00.05 Seinni bylgjan**

Stöð 2 Sport 2

- 07.00 Bodö/Glimt - CSKA Sofia**
- 08.40 Sevilla - Wolfsburg**
- 10.20 Besiktas - Ajax**
- 12.00 Club Brugge - Leipzig**
- 13.40 Dynamo Kiev - Bayern**
- 15.20 WBA - Nottingham Forest**
- 17.00 Preston - Fulham**
- 18.40 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 19.05 Football League Show**
- 19.40 Derby - QPR** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
- 21.45 LA Clippers - Golden State Warriors**
- 23.25 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 23.50 Derby - QPR**

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Gagnlegar jólagjafir



Tilvalið fyrir jólaseríurnar



Mikið úrval af fjöltengjum



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



■ Sérfræðingurinn

Hvers vegna verkjar mann í handlegginn eftir örvunar-sprautuna?

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.



„Þetta er mjög algeng aukaverkun við allar bólusetningar og dæmi um að fólk geti ekki legið á hliðinni þar sem það fékk sprautuna nóttina eftir.

Þetta er kallað eymsli á stungustað. Ef þú skoðar vef Lyfjastofnunar sérðu að þetta er algengasta aukaverkunin eftir allar bólusetningar. Bóluefnið er gefið í vöðva og það kemur bólgusvar í vöðvanum við það að fá efni í sig og svo er það blóðrásin í vöðvanum, vöðvinn er svo blóðríkt líffæri svo þetta fer þannig í blóðrásina. Það veikir þetta svar á staðnum þar sem þú ert sprautaður. Þannig að þetta er bara ósköp eðlilegt.“

Ragnheiður segir að nú séu einfaldlega allir í bólusetningu og því eðlilegt að sumir heyri meira af þessu nú en áður. „Og það er eðlilegt að fyrstu nóttina sé erfitt að sofa á þeirri hlið sem maður er stunginn á, en svo hverfur þetta yfirleitt á svona tveimur sólarhringum og bólgusvörnin sem verður í vöðvanum horfin. Þannig að þetta er mjög eðlilegt!“ ■

■ Á skjánum

Brjálæði í Napólí

toti@frettabladid.is



Viktoría Hermannsdóttir dagskrárgerðarkona

„Ég var að byrja að horfa á ítölsku þættina Gom-orrh, eftir að hafa verið í Napólí í síðustu viku,

en er ekki viss um að ég klári af því þetta er aðeins of brjálæð fyrir mig. Síðan er ég líka að horfa á frábæru þættina Dagur í lífi og svo fara jólamyndirnar að detta inn með krökkunum núna um helgina.“ ■

Stelpurnar okkar með fyrirmyndar skriðtæklingu á jóladagatalavellinum

Berglind Ingvarsdóttir og Tobba Ólafsdóttir hittu í mark í fyrra þegar þær tefldu í fyrsta sinn fram jóladagatali með 24 myndum af fremstu knattspyrnukonum heims. Nú blása þær til leiks með endurbættri útgáfu, þar sem þær stilla upp öfluglu jólaliði íslenskra fótboltakvenna.

svavamarin@frettabladid.is

Þróttaramömmurnar Berglind Ingvarsdóttir og Tobba Ólafsdóttir bættu í fyrra úr að því er virtist alþjóðlegum skorti á jóladagatölum með myndum af knattspyrnukonum, með því einfaldlega að hanna, prenta og gefa út dagatal með myndaspjöldum af 24 knattspyrnukonum í fremstu röð á heimsvísu.

Þær bæta um betur fyrir þessi jól með nýrri og endurbættri útgáfu þar sem Stelpunum okkar er teft fram í samstarfi við KSÍ. „Hugmyndin er runnin undan rifjum Berglindar,“ segir Tobba, en eftir að Berglind hafði leitað árangurslaust að fótboltastelpudagatali fyrir dóttur sína, ákváðu þær að bæta úr þessum tilfinnanlega skorti á fótboltaspjöldum með kvenfyrirmyndum.

Jóladagatalið í ár samanstendur af 24 númeruðum umslögum og 48 fótboltaspjöldum sem skarta bæði myndum og fróðleik um íslenskar landsliðskonur fyrr og nú.

Töluðu við KSÍ

Berglind og Tobba gáfu dagatalið með alþjóðlegu kvenfyrirmyndunum í fyrra út til styrktar fótboltastelpum í 4. og 5. flokki Þróttar sem er hverfisliðið þeirra, „stórveldið í dalnum“, en dætur þeirra æfa og spila með liðinu.

„Þetta vakti gífurlega mikla lukku í fyrra og við fundum fyrir miklu þakklæti frá báðum kynjum. Við fengum fyrirsögnir um það hvort við myndum ekki láta framleiða spjöld með íslenskum konum líka, þar sem það flæðir allt í karlaspjöldunum,“ segir Tobba og hlær.

Hún bætir við að þær hafi ákveðið að setja sig í samband við KSÍ með þessa hugmynd um að gefa aðáendum tækifæri til þess að kynnast stelpunum í landsliðinu betur, þar sem þær stefndu á EM í Englandi sem síðar tókst.



Berglind og Tobba ásamt Margréti Lóu, Steinunni Klöru, Baldri Páli og Sólku Elinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Nú verður hægt að telja niður til jóla með landsliðshetjunum Fanndisi, Söndru og Margréti Láru.

MYNDIR/ÁSENDAR

„Hugmyndinni var tekið svona líka vel að KSÍ óskaði eftir að við myndum útfæra dagatalið og koma þessum flottu kvenfyrirmyndum áfram,“ segir Tobba, en Sara Björk Gunnarsdóttir var eini fulltrúi Íslands í síðasta dagatali og var þá að sjálfsgöðu númer 24.

Stelpur í sókn

Tobba segir tilganginn með myndaspjöldum að sýna ungum stúlkum hvað fótboltakonurnar hafa verið að gera. „Að þær geta farið í fæðingarorlof, dottið út í eitt eða tvö ár, og komið aftur til

baka og stundað sína íþrótt sem mæður.“

Tobba bendir á að það vilji einmitt þannig til að Sara Björk er í þessari stöðu akkúrat núna þegar dagatalið kemur út. „Sem var skemmtileg tilviljun,“ bætir Tobba við og áréttar að enginn annar framleiði slík kvennaspjöld hér landi.

Þróttaramömmurnar tvær fagna breyttri umræðu um konur í íþróttum og segja töluverða breytingu hafa orðið á þessum sex árum sem dætur þeirra hafa æft fótbolta. „Hlutfallið er alltaf að jafnast út í umræðunni, í fréttum og á fleiri stöðum.“

Kátar landsliðskonur

„Við færðum Söndru Sigurðardóttur, Margréti Láru Viðarsdóttur, Öglu Mariu Albertsdóttur og Fanndisi Friðriksdóttur spjöldin í vikunni og höfum fengið afar fallegar og góðar viðtökur frá fleiri landsliðskonum,“ segir Tobba glöð.

Þegar Berglind leitaði til Tobbu með hugmynd sína í fyrra voru heimatökin hæg, þar sem hún og Sæþór, eiginmaður hennar, reka listagalleríið og prentverkstæðið Farva í Þróttarahverfinu, og þar er hægt að nálgast dagatalið. Bæði í versluninni í Álfheimum og á farvi.is. ■

Black FRIDAY

ALLA VIKUNA 22.-28. NÓVEMBER

OPIÐ

10-18

ALLA HELGINA

Allt að

20%

Afsláttur

Af fartölvum

Allt að

75%


Afsláttur

Af yfir 1000 vörum

TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900


LJÓSA BLAÐIÐ 2021



TÍMARIT LJÓSSINS ER KOMIÐ ÚT, FYLGSTU MEÐ Á WWW.LJOSID.IS
EÐA TAKTU MYND AF QR KÓÐANUM.

Skannaðu QR
merkið með
símanum

AUKE VAN DER PLOEG



„Stundum þarf risaskref til að mæta í fyrsta sinn í Ljósið, en ég hvet fólk til að taka það skref, maður getur ekki gert þetta einn.“

VALA SÓLRÚN GESTSDÓTTIR



„Ég lít á æxlið sem ákveðna blessun“

HAFFÓR GESTSSON



„Ég var kominn hingað vegna þess að ég réð ekki við aðstæðurnar. Svo mætti ég í fyrsta tíma og ég fékk á tilfinninguna að það væri eins og ég hefði alltaf verið hér.“

EVA BERGLIND TULINIUS



Brjóstnám og keisaraskurður í sömu aðgerð

Við bjóðum þér að skyggjast bakvið tjöldin hjá Ljósinu, kynnast fólkinu, starfinu og gleðinni sem ríkir á Langholtsveginum.



EXTRA



VINSÆL VARA

2499 kr. pk.

Kirkland pakkaslaufur 50 stk



2499 kr. stk.

Kirkland
Jólapappír 36 M

1999 kr. stk.

Kirkland
Jólapappír 3 rúllur

okkar uppáhalds úr

COSTCO
WHOLESALE

BARÓNSTÍGUR 8-24

KEFLAVÍK OG AKUREYRI

24/7



WWW.EXTRA.IS

Pura og Porri
koma kát út úr
kófinu.FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Jólatré og snjór í ævintýra veröld þeirra Þuru og Þorra

Jólasýning Þorra og Þuru verður frumsýnd um helgina, þriðja árið í röð og Agnes Wild, höfundur verksins, segir helgina sannkallaða hátíð fyrir sig og leikhópinn.

odduraevar@frettabladid.is

Leikhópurinn Miðnætti frumsýnir Jólasýningu Þorra og Þuru um helgina þannig að Agnes Wild, höfundur verksins, og hin í hópnum hafa haft í nógu að snúast, þar sem þau hafa verið að æfa tvær aðrar sýningar, Leitina að jölunum og hina geysivinsælu barnaleiksýningu Tjaldid, sem er sýnd í Borgarleikhúsinu.

„Það gengur mjög vel og við erum mjög tilbúin fyrir helgina,“ segir Agnes, en auk Jólasýningar Þorra og Þuru er hópurinn að fara að leggja upp í sýningarferðalag á leikskóla víðs vegar um landið með Leitina að jölunum. Allt tengist þetta síðan, þar sem persónurnar Eysteinn og Hulda, úr farandsýningunni eru einnig kunnuglegir karakterar úr heimi Þorra og Þuru.

Covid strík í reikninginn

Í raun er um endurfrumsýningu á Jólasýningu Þorra og Þuru um helgina að ræða, en verkið var fyrst sýnt árið 2019 og síðan náðist einungis ein sýningarhelgi í fyrra vegna kófsins mikla.

„En þetta er samt svona þriðja árið sem við sýnum þetta,“ segir Agnes. Birna Pétursdóttir bætist í hóp leikara að þessu sinni og fer með hlutverk Þuru í stað Sigrúnar Harðardóttur.

Jólasveinninn
lætur sig ekki
vanta frekar en
jólasnjórinn.FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Það er líka svo jólalegt og gaman að fara í sparifötin og fara í leikhúsið á jólasýningu.



Agnes Wild,

„Þannig að þetta er frumsýningin hennar um helgina,“ bætir Agnes við laufflétt og er tilbúin til að fallast á að það sé uppsöfnuð eftirspurn eftir jólasýningum eins og þessari vegna hrakfaranna í fyrra.

„Ég held það. Salan gengur mjög vel og við vorum að bæta við aukasýningu til að þjóna eftirspurninni. Það var auðvitað mjög leiðinlegt í fyrra að komast svona lítið í þessar jólasýningar og frábært að það sé hægt að gera fólki kleift að heimsækja leikhúsið í ár,“ segir Agnes.

„Það er líka svo jólalegt og gaman að fara í sparifötin og fara í leikhúsið á jólasýningu. Leikmyndin hjá okkur er líka svo ótrúlega falleg og svo jólaleg og það eru jólatré og jólasnjór og þetta er algjör ævintýraheimur hjá okkur í Tjarnarblóði.“

Hópurinn gaf nýverið út bókina Þorra og Þuru og jólakristalinn. „Hún er upp úr sögunni á leiksýningunni. Þannig að fólk getur farið á sýninguna og haldið svo áfram að lesa heima. Þannig að þetta er bæði frumsýning hjá okkur og eiginlega svona útgáfuhelgi líka.“ ■

Gamli góði tætarinn er mættur aftur

TÖLVULEIKIR

Call of Duty: Vanguard

Útgefandi: Activision Blizzard

Framleiðandi: Sledgehammer Games

Kemur út á: PlayStation 5, Xbox One, Microsoft Windows

einarthor@frettabladid.is

Það ríkir jafnan eftirvænting þegar nýr Call of Duty-leikur lítur dagsins ljós. Á dögnum kom út enn einn leikurinn í þessari sívinsælu seríu, Call of Duty Vanguard, og að þessu sinni er flakkað um hina ýmsu vígvelli á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Leikurinn býður upp á ýmsa möguleika í spiluninni en eins og svo oft áður er netspilunin hið eiginlega flaggskip. Í Vanguard er



auðvelt að gleyma sér í hinum ýmsu bardögum gegn spílurum úti í heimi og stenst leikurinn ágætlega þær væntingar sem til hans eru gerðar að því leyti; borðin eru að minnsta kosti nokkuð fjölbreytt og ágætlega útfærð.

Aðrir geta einnig fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða í einspiluninni (e. campaign)

eða Zombies. Á undanföllum árum hafa framleiðendur lagt sífellt minni áherslu á einspilunina, sem á köflum hefur verið stutt og jafnvel eins og hálfgerð sýnishorn af leiknum.

Þó einspilunin sé ekki ýkja löng að þessu sinni er hún vel heppnuð og heldur manni vel við efnið. Þeir sem spila Vanguard gætu ef til vill fengið þá tilfinningu að leiknum svipi of mikið til fyrri leikja í seríunni.

Það er þó ljóst að ekki er hægt að finna upp hjólið á hverju ári og því skiljanlegt að breytingarnar séu ekki brjálæðislega miklar frá ári til árs. Það er líka engin þörf á að breyta sífellt góðri uppskrift þó gömul sé. ■

NIDURSTAÐA: Góður leikur en býsna kunnuglegur.


NÓIR SÍRÍUS



SÍRÍUS SUÐUSÚKKULAÐI

...sem Íslendingar hafa stölist í síðan 1933

Heitt og hátíðlegt súkkulaði

200g Síríus suðusúkkulaði • 1 lítri mjólk • 1/2 bolli vatn • 1/2 tsk salt. Hitið vatnið í potti og leysið súkkulaðið upp í því. Bætið mjólk og salti við og hitið upp að suðumarki. Til að gera drykkinn enn hátíðlegri er góð hugmynd að skreyta með muldum Bismark myntubrjóstsykri.



Ekkert valið af handahófi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Primavera 25 er matreiðslubók sem geymir uppskriftir frá La Primavera, hinum vinsæla veitingastað Leifs Kolbeinssonar og fjölskyldu. Veitingastaðurinn er í Marshallhúsinu á Granda og nýlega var opnaður La Primavera-staður á fjórðu hæð í Hörpu.

La Primavera hóf rekstur árið 1993 í Húsi verslunarinnar en árið 1996 flutti staðurinn í Austurstræti og var þar til ársins 2011. Árið 2017 opnaði La Primavera svo í Marshallhúsinu.

„Það eru 25 ár síðan La Primavera opnaði í Austurstræti og kominn tími fyrir matreiðslubók. Þess vegna ber bókina nafnið Primavera,“ segir Leifur. „Fyrir ansi mörgum árum gáfum við út matreiðslubók sem seldist upp, ég hef heyrt að setið sé um hana hjá fornbókasöllum.“

Nýja matreiðslubókin, sem fæst á La Primavera, er fallega hönnuð af Einari Geir Ingvarssyni og myndirnar eru teknar af Ara Magg. Í bókinni er að finna fjölmargar uppskriftir að bragðgóðum réttum í anda þeirrar ítölsku matreiðslu sem einkennir La Primavera. „Við erum að gera sömu hluti og þegar staðurinn var í Austurstræti. Þegar við opnuðum La Primavera hér í Marshallhúsinu þá ákváðum við halda okkur við matargerðina sem við vorum þekkt fyrir.“

Töfrar hráefnisins

Maturinn á La Primavera er einfaldur og bragðgóður, án allrar tilgerðar. Hver er leyndardómurinn á bak við þessa góðu matreiðslu? spyr blaðamaður. „Hann er í hráefninu,“ segir Leifur. „Fiskurinn sem við fáum er ferskur og góður. Ekkert er valið af handahófi heldur sérvalið. Sem dæmi get ég tekið að við leitumst eftir að fá vikulega burrata ost frá Ítalíu og getum þá haft hann nýlagðan. Við veljum góðar skinkur og



Leifur Kolbeinsson stendur vaktina á La Primavera.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

ólífuolían er frá Toscana. Allt byggir á gæðum og einfaldleika, eins og ítölsk matargerð er.“ Ítölsk vín eru svo vitanlega á boðstólum en Þorri Hringsson skrifar kafla í bókinni sem hefur yfirskriftina Ítalía, vínlandið góða.

Meðal vinsælustu réttanna á La Primavera eru kálfur milanese og hin dásamlega parmaskinka með geitaostasósu, tiramisú og ostakakan, en uppskriftin að henni kemur frá Spáni. „Svo verður að nefna fiskinn okkar og hina hefðbundnu klassísku pastarétti,“ segir Leifur.

Nýtt og sigilt

Maturinn á La Primavera ber með sér þær kröfur sem Leifur gerir til sjálfs sín. Hann hikar ekki við að reyna eitthvað nýtt en er um leið ófeiminn við að tefla fram sigildum réttum, svo sem parmaskinku á glóðuðu brauði með geitaostasósu, carpaccióinu sem mér finnst hvergi betra en hjá honum, eða milanese kálfinum með tagliolini og hæfilega sterkri tómatasósu. Ég þreytist aldrei á að borða þessa rétti ...

Úr formála Ólafs Jóhanns Ólafssonar



Ólafur Jóhann Ólafsson.

ÁRMÚLI 28-30 til leigu



Alls 2.802 m²



Leigist í heilu lagi eða hlutum

Leigist í heilu lagi eða hlutum. Jarðhæð hússins hentar vel sem verslun og/eða skrifstofur. Allar skrifstofur í húsinu eru með léttum glerveggjum sem auðvelt að breyta og aðlaga að starfsemi viðkomandi. Mjög góð hljóðvist í öllu húsinu.

Mötuneyti á jarðhæð með nýlegum tækjum. Bílastæði við húsið samtals 72. Fasteignin er öll endurnýjuð að utan. Að innan er hún vel búin hvað varðar kerfisloft, loftræstikerfi, lýsingu, rafkerfi þar á meðal aðgangsstýringarkerfi og sérstök ljósavél til að fyrirbyggja rafmagnsleysi. Ný lyfta er í húsinu og sameiginleg rými þar á meðal stigagangar og salerni hin glæsilegustu.



Agnar Agnarsson
Löggiltur Fasteignasali
agnar@domusnova.is
Sími: 820 1002

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN
DOMUSNOVA
Fasteignasala

DOMUSNOVA - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Leifur er yfirleitt alltaf sjálfur í eldhúsinu að elda fyrir gesti. „Að reka veitingahús er lífsstíll. Mér líður vel í eldhúsinu. Það er gott að finna sínu hillu í lífinu og ég var heppinn að finna eldamennskuna,“ segir Leifur, sem byrjaði að starfa við eldamennsku einungis 16 ára gamall og fagnar 40 ára starfsafmæli á næsta ári.

„Þegar ég var í síðasta bekk í gagnfræðaskóla, Austurbæjarskóla, fengum við að kynna okkur starfsgrein í nokkra daga. Ég valdi að fræðast um starf kokka og var í nokkra daga uppi í Múlakaffi. Daginn eftir að ég útskrifaðist úr gagnfræðaskóla var ég byrjaður á samningi á Múlakaffi, nýrðinn sextán ára.“

Hann segist hafa verið fremur matvandur sem krakki. „Ég borðaði alls ekki allt, en á unglingsárum lagði ég mikinn metnað í að ná færni í eldamennsku og elda góðan mat. Það veitti mér mikla ánægju að heyra hrifningarorð þegar fólk borðaði mat sem ég hafði eldað.“

Ólafur Jóhann skrifar formála

Spurður hvort hann eigi sér upphaldsmat segir hann: „Ef ég á að vera væminn þá er það hráefnið sem ég er að vinna með hverju sinni. Annars er ég alæta á mat. Mér finnst mjög gaman að búa til pasta og það sama á við um risotto.“

Fastakúnnarnir eru margir. Meðal þeirra er Ólafur Jóhann



Ólafsson rithöfundur, sem skrifar formála að matreiðslubókinni. „Ég var svo heppinn að kynna Ólafi þegar hann keypti hús við hliðina á fjölskylduhúsinu á Freyjugötu sem afi minn byggði. Alltaf þegar Ólafur kemur heim frá New York borðar hann hér og við höfum spjallað mikið saman. Ég er mjög þakklátur Ólafi fyrir að skrifa þennan formála í bókina.“

Leifur segir viðskiptavini staðarins samanstanda 99 prósent af Íslendingum. „Núna á þessum ömurlegu tímum sem kallast Covid er ég heppinn að svo hefur verið, því ég hef haldið töluvert góðum fjölda gesta. Ég er auðmjúkur og þakklátur vegna þess hversu vel staðurinn hefur verið sóttur.“ ■

NÚ ER ÞAÐ

RAUTTT

25.-29. NÓV.

20-60%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUN
HALLARMÚLA OG NETVERSLUN

TÆKIFÆRI TIL AÐ
GERA FRÁBÆR KAUP!





ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR



Sæþór Kristínsson ætlar að taka íslenskan snúning á baksturinn í úrslitakeppninni sem verður sjónvarpað í Danmörku í kvöld þannig að úrslit ættu að liggja fyrir upp úr klukkan 20 að íslenskum tíma.

MYND/ADSEND

Sæþór notar Nóa Kropp og Malt í úrslitabakstrinum

odduraevar@frettabladid.is

Sæþór Kristínsson keppir til úrslita Den store bagedyst í kvöld. Hann segir það þvílíkan létti að geta loksins upplýst að Íslendingar eigi þannig sinn fulltrúa í úrslitum danska bakstursraunveruleikabáttarins.

Sæþór Kristínsson er kominn alla leið í úrslitabátt tíundu seríu bakstursraunveruleikabáttarins Den store bagedyst sem verður sýndur í dönsku sjónvarpi í kvöld. Hann segir mikinn létti fylgja því að geta loksins sagt frá þessu í samtali við Fréttablaðið.

Þótt Sæþór hafi búið í Danmörku síðan hann flutti þangað frá Íslandi sjö ára gamall má með sanni segja að þjóðin eigi sinn fulltrúa í raunveruleikabáttinum vinsæla sem var tekinn upp fyrr á þessu ári.

Sæþór hefur því mátt þegja lengi yfir leyndarmálinu um að hann hafi komist í lokabáttinn. „Þetta hefur verið klikkað,“ sagði Sæþór þegar Fréttablaðið ræddi við hann þegar sýningar hófust í síðasta mánuði og lét fylgja sögunni að ferlið allt hefði verið gríðarlega krefjandi.

Litblindur á marsipan

Sæþór byrjaði að baka þegar hann eignaðist dóttur sína sem verður níu ára í byrjun næsta árs og þátttöku sína tileinkar hann minningu móður sinnar, Kristinar Steingrimsdóttur, sem lést úr krabbameini í janúar.

Sæþór hefur slegið í gegn í þáttunum og gengið vel hingað til þótt hann hafi á einum tímamarki lent í vandræðum með marsipanþraut. „Ég er sem sagt litblindur og tapaði þeirri keppni,“ segir Sæþór hlæjandi.

„Þau sögðu að litirnir væru ekki réttir í grundvallaratriðum,“ útskýrir Sæþór sem segist ekki hafa látið þetta stoppa sig. „Alls ekki. Ég hef verið litblindur allt mitt líf og frekar vanur slíku og tók þessu bara af stóiskri ró.“

Gott að geta sagt frá

Úrslitin voru tekin upp í sumar og Sæþór gefur vitaskuld ekkert upp um úrslitin sem verða ljós á morgun. „En það er gríðarlega huggulegt að geta loksins sagt fólki að ég hafi komist alla leið í úrslitin,“ segir Sæþór léttur.



Sæþór hefur átt mjög góðu gengi að fagna í þættinum auk þess sem andinn milli keppenda má heita býsna góður miðað við raunveruleikasjónvarp.



Ég gerði kökur sem eru innblásnar af Íslandi.

Þátturinn er meðal vinsælustu þátta Danmerkur og Sæþór hefur fengið mikla athygli. „Fólk er farið að þekkja mig úti á götu og það hefur stundum jafnvel heilsað mér og er mjög almennilegt.“ Þá hefur Sæþór haft nóg að gera á samfélagsmiðlum og fylgjendafjöldinn hefur, eðlilega, rokið upp úr öllu valdi.

Bakað úr íslenskum rótum

„Ég gerði kökur sem eru innblásnar af Íslandi,“ segir Sæþór um útspil sitt í lokabáttinum en þar mun hann heiðra íslenskar rætur sínar og Egils Malt og Nóa Kropp koma við sögu svo fátt eitt sé nefnt.

Þá ætla systur hans að koma í heimsókn í kvöld og horfa á útsendinguna með honum auk þess sem hann hyggst baka alveg eins kökur fyrir þær og hann teflir fram í úrslitabáttinum á skjánum. ■

NÝTT

MagicBAR

0% PLAST*



Skannaðu
mig fyrir nánari
upplýsingar



ANDLITSHREINSUN Í FÖSTU FORMI

- Vottuð náttúruleg snyrtivara
- Plastlaus, sjálfbær formúla
- Mild hreinsun án þess að þurrka húðina



JAFNVÆGI 99% NÁTTÚRULEGT



*Formúlan er laus við örplast m.v. skilgreiningu UNEP.

Tvær langdregnustu fréttir áratugarins enn og aftur

Fréttir vikunnar

Ólöf Skaftadóttir

toti@frettabladid.is

„Tvær langdregnustu fréttir áratugarins, annars vegar klúðrið í Borgarnesi og hins vegar heimsfaraldur Covid-19, voru hitamál í vikunni, líkt og aðrar vikur,“ segir Ólöf Skaftadóttir, annar ritstjóra

Innherja. „Ekki er gott að segja hvernig sóttvarnalæknir komst að þeirri niðurstöðu að sennilega yrðu Íslendingar rafmagnslausir ef þeir undirgengjust ekki þær takmarkanir á athafnafrelsi sem honum hugnast best.

Hann lét hafa eftir sér að allt sem við byggjum líf okkar á, meðal annars rafmagnsflutningar, myndu lamast vegna útbreiddra veikinda. Þar kom það. Ekki hafa enn borist fregnir af



Ólöf Skaftadóttir, ritstjóri Innherja.
MYND/ADSEND

rafmagnsleysi hjá Svium síðustu mánuði, þrátt fyrir takmarkalaust samfélag sem byggir á frelsi einstaklingsins og heilbrigði skynsemi.

Ný ríkisstjórn virðist síðan ekki ætla að halda hvíldardaginn heilagan en fyrirhugað er að kynna nýjan stjórnarsáttmála á sunnudaginn. Ráðherrakapallinn verður forvitnilegur og ekki sist í hvaða hugmyndafræðilegu höndum heilbrigðiskerfið lendir.

Kaupglöðir Íslendingar á netinu hafa ekki látið sitt eftir liggja en Innherji greindi frá því að vefverslunin Boozt hefði selt fyrir tæpan milljarð herna síðustu fimm mánuði.

Blaðamannaverðlaun vikunnar fara svo klárlega til hvers þess sem sér um samsettar myndir á DV. Myndin af Degi borgarstjóra af til efni Mexíkóferðar hans, með sombrero og sólgleraugu, er sjálfstætt listaverk.“ ■



Á veraldarvegum er íslensk útgáfa Viking Voyager: An Icelandic Memoir, sem Sverrir skrifaði ásamt konunni sinni, Veronicu Li, og hann segir að þessi útgáfa hefði aldrei orðið að veruleika án hennar.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYDÓR

Sverrir gekk frá kvennabúri fyrir furstann í Abú Dabí

Sverrir Sigurðsson lauk arkitektanámi í Finnlandi, fyrstur Íslendinga, og lenti þaðan eftir krókaleiðum í Abú Dabí, þar sem hann hafði eftirlit með hallarbyggingu furstans. Kvennabúrið þar vafðist talsvert fyrir honum, enda hafði hann vitaskuld aldrei áður komið að slíkum byggingum.

toti@frettabladid.is

Arkitektinn Sverrir Sigurðsson hefur komið vægast sagt víða við á löngum og ævintýrlegum ferli, sem hann rekur í endurminningabókinni Á veraldarvegum. Þar segir hann meðal annars frá því þegar honum var, nokkuð óvænt, falið eftirlit með hallarbyggingu furstans í Abú Dabí þar sem að mörgu undarlegu var að huga. Ekki sist við hönnun og byggingu kvennabúrsins sem var stór hluti hallarinnar.

Sverrir lauk arkitektanámi í Finnlandi og starfaði síðan við fagið um áratugaskeið í framandi löndum Asíu og Afríku og fyrir Alþjóðabankann.

Þriggja ára áætlun

„Þetta var nú löng krókaleið,“ segir Sverrir, um hvernig hann endaði í Abú Dabí, þar sem hann fékk eftirlit með hallarbyggingu furstans í fangið. „Þegar ég var búinn að læra þar fannst mér ég ekki vera nógu gáfaður til að halda beint heim og vildi fara til þriggja landa. Þetta var svona þriggja ára áætlun hjá mér.

Ég vildi fyrst fara til annars Norðurlands, síðan til Þróunarlands og svo til Bandaríkjanna, áður en ég færi heim.“

Sverrir fékk síðan vinnu hjá sænsku fyrirtæki sem sendi hann til Kúveit. „Ég kom þarna þegar sex daga stríðinu lauk og þá datt bara botninn úr öllum verkefnum okkar en við fundum þetta verkefni í Abú Dabí. Sem var mjög forvitnilegt, því kvennabúrið var talsvert stór hluti hallarinnar og ég hafði auðvitað aldrei fengið við slíkar byggingar, segir Sverrir.

Framandi vandamál

„Þetta hefði verið framandi fyrir alla, hvaðan sem er úr heiminum,“ segir Sverrir, sem kom að byggingunni eftir að egypski arkitektinn, sem hannaði bygginguna, hafði hlaupist á brott með verklaunin.


„Ég átti að hlaupa í skarðið, sem þýddi sex vikna dvöl í Abú Dabí, en satt best að segja var ég hálfkvíðinn fyrir þessu verkefni, enda hafði aldrei verið minnst á kvennabúrsbyggingar í námi mínu í Helsinki.“

Sverrir segir í bókinni frá því að hann hafi fundið „fæinar bækur sem fjölluðu um líf kvenna í heimi íslamstrúarmanna á bókasafni í Kúveit, en þar var ekki margt sem ég gat studd við þegar kom að laus þessa vandamáls.“

Fokdýrt furðudót

Faðir furstans, sem Sverrir vann fyrir, var af fyrsta ættliðnum sem kynntist fjárfulgunum sem fylgdu olíuauðæfum landsins og í krafti þess hafði brottþaupni arkitektinn hvergi sparað við efniskaupin, eins og Sverrir segir frá í endurminningunum.

„Eitt fyrsta verkefnið var að ákvarða hvað gera ætti við allt furðulega byggingarefnið sem



Ensk útgáfa bókarinnar hefur hlotið bresk Red Ribbon-verðlaun og viðurkenningu frá bandarísku rithöfundasamtökunum Independent Author Network.
MYND/ADSEND

egypski arkitektinn hafði pantað. Honum hafði verið uppálagt að kaupa allt hið besta og spara ekkert í því sambandi. Hann hafði greinilega gert sitt besta og keypt alls kyns óhóflega og fjarstæðukennda muni.“

Sverrir þurfti þannig að finna út úr því hvað hann ætti að gera við rúman tug vatnskranu úr massífu 18 karata gulli. „Og hvar ætti að staðsetja klósettskálarnar sem spiluðu tvírasa hljómlist þegar lokinu var lyft upp. Þarna voru endalausar ákvarðanir, því að listinn af furðudótinu var langur.“ ■

AUGLÝSINGAELDÍR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason guðaf@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Hjördis Zoéga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

www.betrabak.is

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

TILBOÐ GILDIR ALLA HELGINA

PREMIUM DÚNKODDI
Stærð: 50 x 70 cm (800 gr).
Fylling: 50% andardúnn og 50% smáfiður.
Nú 13.520 kr.
Fullt verð: 16.900 kr.

PREMIUM DÚNSÆNG
Stærð: 140 x 200 cm. (600 gr).
Fylling: 50% andardúnn og 50% smáfiður.
Nú 19.920 kr.
Fullt verð: 24.900 kr.

CORNFLOWER RÚMFÖT
140x220 cm. 100% Egypsk bómull.
Nú 20.720 kr.
Fullt verð: 25.900 kr.

BOSS HUGO BOSS

BADSLOPPAR
Nú frá 19.920 kr.
Fullt verð frá: 24.900 kr.

KOSY STORMUR HEILSUINNISKÓR
Ýmsar stærðir og litir.
Nú 7.920 kr.
Fullt verð: 9.900 kr.

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð og ekki af vörum frá Hlastens.

FAKAFENI 5 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566





KOMBÓ TILBOÐ

25. NÓVEMBER – 5. DESEMBER



90 G HAMBORGARI – EKKI ER
HÆGT AÐ STÆKKA TILBOÐIÐ

EL RENO

FRANSKAR + COKE 0,5 L + NÓA KROPP SÚKKULAÐI

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

SKAGASTRÖND
VARMHLÍÐ
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSIRÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS



SVÖÖRRT HÆLGÍ

Valdar vörur á 20-45% afslætti

**30%
afsláttur**

Leikföng, spil & púsl •
Búsáhöld (bökunarvörur, eldhúsáhöld,
borðbúnaður, pottar, pönnur og form)

**25%
afsláttur**

Innimálning • RYOBI rafmagnsverkfæri
BOSCH rafmagnsverkfæri • Regn- &
kuldafatnaður • Áltröppur • Mottur &
dreglar • Handlaugartæki • Hitastýrð
blöndunartæki

**20%
afsláttur**

Allar jólavörur • Lemax jólaþorp

Breidd



Jólasveinar
laugardag
14-15



Kaffitár kaffi
sunnudag
13-16



Ristaðar möndlur
laugardag
14-16

Vegna álags í vefverslun gæti afgreiðslutími pantana verið aðeins lengri.

Takk fyrir þolinmæðina og skilninginn

Akureyri, Selfoss
og Reykjanesbær

Aukinn afgreiðslutími
sunnudagana 28. nóvember og 5. desember

12-16

35%
afsláttur



BOSCH Aquatak 160bör
64.997
Almennt verð: 99.995


VNR. 74810260

35%
afsláttur



Curly ljósaingur
4.222
Almennt verð: 6.495

VNR. 51880585



Ryksuga TC-VC
8.397
Almennt verð: 13.995

VNR. 74807513



LUX Verkfærasett 70 stk
5.547
Almennt verð: 9.245

VNR. 68566705

Eldiviðarbox
2.997
Almennt verð: 4.995

VNR. 46321277

40%
afsláttur

40%
afsláttur



40%
afsláttur

Aðventuljós 7 ljósa, hvít
1.812
Almennt verð: 3.295

VNR. 51881014



45%
afsláttur

CYBER MONDAY

Fylgstu með á byko.is á mánudaginn fyrir sérstök Cyber-monday tilboð

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Bakþankar

Margrétar
 Kristmannsdóttur



Ófrjósemi

Það er talað um ófrjósemi þegar þar hefur reynt að eignast barn í rúm tít ár án þess að þungun hafi átt sér stað. Ófrjósemi er mun algengari en marga grunar og eru hátt í 20% para að takast á við þetta verkefni. Sjálf tengist ég náð ungu pari sem er að glíma við þetta erfiða hlutskipti, en þau opnuðu sig á fésbókinni fyrir stuttu um málið. Er þessi bakþanki skrifaður með þeirra samþykki – enda umræðan þörf.

Það sjá flestir fyrir sér lífið á ákveðinn hátt – við menntum okkur, hefjum sambúð og þegar við teljum rétta tímann kominn þá hefjast barneignir. En stundum bara koma börnin ekki þegar við viljum. Ungt fólk fyllist von og eftirvæntingu í hverjum mánuði en upplifir síðan sorg mánuð eftir mánuð – jafnvel ár eftir ár, þegar ljóst er að þungun hefur ekki átt sér stað eða fósturlát orðið. Fylgikvillar eins og þunglyndi, kvíði og skert sjálfsmynd geta ágerst og allt þetta álag getur reynt verulega á ungt samband.

Sem betur fer hefur vísindum fleygt fram og hægt er að hjálpa mörgum til að eignast kraftaverkabarn, en það ferli er bæði kostnaðarsamt og reynir ekki síður á. En fólk sem glímur við ófrjósemi á ekki að burðast með þetta verkefni eitt – við eigum að vera óhrædd að ræða ófrjósemi. Með auknum skilningi og þekkingu á ófrjósemi aukast líkur á utanaðkomandi stuðningi í garð þeirra sem glíma við þetta vandamál – stuðningi sem þetta unga fólk þarf svo mikið á að halda.

En sterkustu skilaboðin frá þessu unga pari eru: Aldrei spyrja fólk á barneignaaldri hvort það ætli ekki að drífa sig í að koma með barn! Þau eru annaðhvort að reyna það – geta það ekki eða langar ekki til þess. ■

© Hinn Flíka Spennur 8.12.2021



Nýtt VINTER 2021 gjafapappír 245,-




Nýtt VINTER 2021 merkimiðar 195,-/12 í pk.



Nýtt VINTER 2021 gjafapappír 245,-



Nýtt VINTER 2021 borði 495,-



Nýtt VINTER 2021 gjafapappír 695,-/3 í setti

Nýtt VINTER 2021 skraut 795,-/4 í setti



Nýtt VINTER 2021 gjafaöskjur 995,-/2 í setti



Nýtt VINTER 2021 gjafapappír 245,-



Nýtt VINTER 2021 merkimiðar 195,-/8 í pk.



Nýtt VINTER 2021 flöskupokar 295,-/2 í pk.



Nýtt VINTER 2021 veislupakki 395,-/5 í setti

Leyfðu þér að hlakka til

Þegar þú hefur gefið þér tíma í að velja gjafirnar er tilheyrandi að nostra við að pakka þeim inn og í ár er það enn skemmtilegra með nýrri línu af litríkum merkimiðum, gjafapappír, öskjum og pokum. Þú finnur réttu gjafaumbúðirnar hjá okkur, hvort sem þú vilt skreyta gjafirnar á umhverfisvænan, skrautlegan eða frumlegan hátt – eða jafnvel með minni fyrirhöfn en fallettri útkomu.



Nýtt 295,-/2 í pk.

VINTER 2021 gjafapokar



Nýtt 695,-/3 í setti

VINTER 2021 gjafapappír



Nýtt VINTER 2021 gjafapappír 695,-/3 í setti



Nýtt VINTER 2021 pakkaskraut, slaufur 695,-/12 í setti



Nýtt VINTER 2021 skraut 1.190,-/6 í pk.



Nýtt VINTER 2021 gjafaöskjur 795,-/3 í setti



Smákökudeig Súkkulaðibitakökur 695,-



Smákökudeig Engiferkökur 595,-



Smákökudeig Krakkakökur 695,-



Smákökudeig Vegan smákökur 695,-

Verslun opin 11-20 alla daga
 Skoðaðu alla afgangslutíma á IKEA.is



ORKAN

10kn. AFSLATTUR MED ORKULYKLI